

**SKOÐUN** Skólafólk er lykilfólk, skrifar Friðrik Rafnsson. 22



**MENNING** Harpa og Halldóra standa fyrir örmyndahátíð í Paradís. 30



**LÍFIÐ** Kristinn Óli Hrólfsson opnar hárgreiðslustofu í Kaupmannahöfn. 50



**SPORT** Undanúrslitin í bikarkeppni kvenna í handbolta fara fram í dag. 46







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
27. febrúar 2014
49. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Búningar á þúsund krónur**
Hægt er að fá grímubúninga fyrir börn frá 990 krónum og upp í tíu þúsund. Oftast er ódýrara að kaupa búninga en leigja þá. 16

**Þenslan á leiðinni** Offramboð nýbygginga eftir hrun er horfið. Slaki sem verið hefur í hagkerfinu hverfur á næsta ári gangi spár eftir. Útlit fyrir þenslu á næsta ári og þar næsta. 6

**Frjáls för og gjald** Lagaprófessor segir að þótt meginreglan sé óheft aðgengi almennings að óræktuðu landi geti landeigendur verið í rétti innheimti þeir gjald til að standa straum af kostnaði. 10

**Tvöfalda hagnaðinn** Forstjóri Vodafone segir að fyrirtækið standi sterkara eftir tíðindamikið ár. Hagnaðurinn tvöfaldaðist milli ára. 18




20

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | | NA | 16 |
| Akureyri | 1° | | NA | 4 |
| Egilsstaðir | 3° | | NA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | | ANA | 7 |
| Reykjavík | 3° | | ANA | 6 |

**Nokkuð hvasst NV-lands** en hægari vindur víða annars staðar. Úrkoma norðanlands en bjart eða bjart með köflum sunnan til. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Ríkisendurskoðun ósátt við úthlutun forsætisráðherra

Ríkisendurskoðun er ósátt við vinnubrögð forsætisráðuneytisins við úthlutun á 205 milljónum króna. Gæta þurfi jafnræðis. Búast megi við að kallað verði eftir upplýsingum. Óskað hefur verið eftir umræðu á Alþingi.

**STJÓRNMÁL** Ríkisendurskoðun er ekki sátt við vinnubrögð forsætisráðuneytisins við umdeilda úthlutun á 205 milljónum króna til verkefna víða um land sem lúta að húsfriðun, græna hagkerfinu og varðveislu menningarminja.

„Það hefur löngum verið okkar afstaða varðandi svona styrki og úthlutanir úr þeim að allir sjóðir sem eru með sama hætti á vegum stofnana ríkisins eða ráðuneyta eigi að sæta sömu meðferð. Það þarf að gæta jafnræðis,“ segir Sveinn Arason ríkisendurskoðandi aðspurður.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að tæplega helmingur hinna 205 milljóna, eða 97 milljónir, fer til verkefna í kjördæmi forsætisráðherrans Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, Norðausturkjördæmi. Styrkirnir voru ekki auglýstir til umsóknar.

Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, sem bar fram fyrirspurn um úthlutunina á Alþingi, segist ekki hafa fengið svör við því hvort gætt hafi verið jafnræðis. Hún hefur óskað eftir sérstakri umræðu um málið á þingi.

Sveinn segir að allir eigi rétt á því að sækja um styrki úr sjóðum sem þessum. „Það á að vera fagnefnd sem metur umsóknirnar og setur verkefnin í þá röð sem hún telur vera æskilegasta og brýnasta. Ef nefndin tekur ekki sjálf endanlega ákvörðun, heldur ráðherra, þá á það að gerast á grundvelli slíkrar niðurröðunar. Öll frávik frá svona regluverki erum við mjög ósáttir við,“ segir hann.

Spurður hvort Ríkisendurskoðun ætli að skoða málið nánar segir Sveinn stofnunina skoða allar fjárreiður ríkisstofnana eftir því sem hægt sé.

„Þegar við verðum varir við svona hluti, þegar menn eru að fara fram hjá þessum hefðbundnu leikreglum, er eðlilegt að við horfum til þess. Væntanlega munum við grípa til einhverra fyrirspurna og ályktana í framhaldi af því, að gefnum svörum.“

Sveinn segir vinnubrögðin vera öðruvísi en hann hafi áður vanist. „En við höfum samt í gegnum tíðina verið að finna að því að menn séu að úthluta úr svona fjárveitingu ríkisins þar sem menn sitja ekki við sama borð. Það hefur áður komið fram í athugasemdum okkar við ráðuneytin.“ - fb



**Öll frávik frá svona regluverki erum við mjög ósáttir við.**

*Sveinn Arason ríkisendurskoðandi*



**RÓAÐU ÞIG** Bjarni Benediktsson bað Katrínu Júlíusdóttur, þingmann Samfylkingar, að róa sig í umræðum á Alþingi í gær. Skömmu áður hafði Katrín kallað Bjarna „helvítis dóna“ eftir að hann lagði dagskrá þingsins á púltið þegar hún var í ræðustól. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

Langir kvöldfundir á Alþingi:

## ESB-málið ekki enn á dagskrá

**ALÞINGI** Þingmenn héldu áfam að ræða skýrslu Hagfræðistofnunar um um aðildarviðræður við Evrópusambandið í gærkvöldi. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, ætlar ekki að styðja þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um að slíta aðildarviðræðum við Evrópusambandið, þrátt fyrir breytingar ráðherra á greinargerð með tillögunni. Hún segir stjórnarandstöðuna ekki vera í málþófi.

Ólíklegt er að þingsályktunartillaga ríkisstjórnarinnar um að umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu verði dregin til baka komist á dagskrá fyrr en í fyrsta lagi 10. mars.

Hátt í 34 þúsund undirskriftir gegn viðræðuslitunum höfðu safnast á thjod.is í gærkvöldi.

- jme / sjá síðu 2 og 8

Samþykki ESA fyrir ríkisstyrkjum til iðnaðaruppbyggingar á Bakka opnar dyr:

## Leiðin opnast inn í þýska banka

**IÐNAÐUR** Með samþykkt Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á ríkisaðstoð vegna uppbyggingar iðnaðarsvæðis í landi Bakka við Húsavík greiðist leið fyrir kísilver PCC inn í þýska banka.

Með samþykki ESA hefur annað af tveimur skilyrðum þýskra fjármálastofnana fyrir fjármögnun kísilvers PCC verið uppfyllt. Talið er víst að ESA samþykki innan skamms fjárfestingarsamning ríkisins og PCC vegna byggingar og reksturs kísilversins. Þá er fjármögnun verkefnisins tryggð samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ríkisaðstoðin snýst um 3,4 milljarða króna meðgjöf. Annars vegar vegna uppbyggingar innviða; hafnargerðar á Húsavík, lóðarframkvæmda á Bakka og vegtengingar milli lóðar og hafnar. Hins vegar það sem snýr beint að kísilverinu sjálfu, í formi skattaívilnana til þýska fyrirtækisins sem metnar eru á 100 til 150 milljónir króna á ári. - shá / sjá síðu 4

**Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur.**

*Bergur Elís Ágústsson, bæjarstjóri Norðurþings.*





Full verslun af spennandi kvenfatnaði
*Vorum að taka upp flottar vörur*
Rikka Amaro húsinu í göngugötunni
á Akureyri sími 451-3400
RIKKA
kvenfataverslun



## SPURNING DAGSINS



Hjörleifur, hvernig dettur landeigendum þetta í hug?

**„Duttu þeir ekki bara í það?“**

Vatnajökulsþjóðgarður vill að fólk geti komist hjá gjaldtöku landeigenda við Dettifoss. Hjörleifur Finnsson er þjóðgarðsvörður á norðursvæði þjóðgarðsins.

Þingmenn halda áfram að ræða skýrslu Hagfræðistofnunar um aðildarviðræður við Evrópusambandið:

# Menn hafa orðið berir að ósannindum

**ALÞINGI** Kvöldfundur stóð á Alþingi þriðja kvöldið í röð þar sem áfram var rædd skýrsla Hagfræðistofnunar HÍ um ESB.

Ólíklegt má telja að þingsályktunartillaga ríkisstjórnarinnar um að aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu verði dregin til baka komist á dagskrá fyrr en 10. mars. Umræðum um skýrslu Hagfræðistofnunar er ólokið og ekki gert ráð fyrir þingfundi á föstudag. Í næstu viku eru nefndardagar á Alþingi.

Píratar lögðu fram tillögu um að taka á dagskrá þingsályktunartillögu um að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðnanna samhliða sveitarstjórnarkosningunum í vor. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði minnihlutann því miður ekki ráða dagskrá þingsins með ofbeldi og tillagan var felld.

„Menn hafa nú orðið berir að ósannindum,“ sagði Svandís Svavarsdóttir úr VG við upphaf þingfundar í gærkvöld og vísaði til þess að þrír ráðherrar Sjálfstæðisflokks hefðu lofað því að haldin yrði þjóðaratkvæðagreiðsla um áframhald aðildarviðræðna. Ekki væri að furða að hiti væri í mönnum. - jme



**LANGIR FUNDIR** Kvöldfundur stóð á Alþingi um skýrslu Hagfræðistofnunar þriðja kvöldið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GRÍMULAUS Á FERLI** Þessir skólanemendur voru á leiðinni heim til sín í borginni Shijiazhuang í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kæfandi loftmengun hefur verið í Peking síðustu daga:

## Forseti Kína fékk sér göngutúr

**KÍNA, AP Xi Jinping, forseti Kína, lét sig ekki muna um það á þriðjudaginn að fá sér göngutúr í Peking þrátt fyrir kæfandi loftmengun, sem hrjáð hefur borgarbúa undanfarna viku.**

**Hann settist niður með fólki og spjallaði, allt í þeim tilgangi að sýna að hann sé maður fólksins.**

**Ríkisfjölmiðillinn Xinhua sagði frá þessu undir fyrirsögninni: „Andað saman, örlögum deilt.“**

**Loftmengunin hefur ekki verið bundin við höfuðborgina heldur náð yfir stórt svæði í norðurhluta landsins. Flestir reyna að halda sig innan dyra, og setja helst á sig grímur ef nauðsynlegt er að fara út fyrir hússins dyr.**

**Meira að segja styttur bæjarins hafa sett á sig grímur, eða reyndar var það sálfræðinemi við Peking-háskóla sem setti grímurnar á nokkrar styttur og dreifði svo myndum af gríninu.** - gb

Mótmæli héldu áfram í gær:

## Undirskriftir yfir 30 þúsund

**STJÓRNMÁL** Mótmæli héldu áfram á Austurvelli í gær þriðja daginn í röð en voru heldur fámennari en dagana á undan. Talið er að 1.200 til 1.500 manns hafi komið til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu en hina tvo dagana telja menn að þrjú til fjögur þúsund manns hafi komið á Austurvöll.

33.500 hafa skrifað undir áskorun á thjod.is um að framhald ESB-viðræðna verði sett í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það eru um fjórtán prósent kosningabærra manna í landinu. - jme

Ný könnun í Noregi:

## Tíundu hverri konu nauðgað

**NOREGUR** Nær tíundu hverri norskri konu hefur verið nauðgað, samkvæmt könnun sem birt var í gær og Aftenposten segir frá.

Ellefu prósent kvenna sem segjast hafa lent í slíku kæra nauðgunina, en þó kemur tæpur fjórðungur tilfella til kasta lögreglunnar. Einungis ellefu prósent nauðgana eru kærð og 29 prósent þolenda segja aldrei nokkrum frá reynslu sinni.

Um helmingur kvennanna sem um ræðir segir árásina hafa gerst áður en þær náðu átján ára aldri. - þj

# Þjóðvegir henta ekki hjólandi og gangandi

Vegagerðin vill ekki að hjólandi og gangandi ferðamönnum verði beint inn á þjóðvegakerfið. Slysahætta er ástæðan. Bændur óttast átroðning ferðamanna um einkaland og leggjast gegn hugmynd Bjartrar framtíðar um landsnet ferðaleiða.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Vegagerðin telur óæskilegt að beina hjólandi og gangandi fólki inn á þjóðvegakerfið vegna slysahættu. Bændasamtök Íslands leggjast gegn þingsályktunartillögu Bjartrar framtíðar um landsnet ferðaleiða þar sem þau óttast átroðning ferðamanna á jörðum í einkaeigu.



**RÓBERT MARSHALL**

Róbert Marshall, þingmaður Bjartrar framtíðar, mælti fyrir þingsályktun um að Alþingi feli ráðherrum þriggja ráðuneyta að skipuleggja leiða- og þjónustukerfi fyrir ferðamenn sem ferðast um landið fótgangandi, á reiðhjólum eða á hestum. Málið gekk til umhverfis- og samgöngunefndar 1. nóvember síðastliðinn.

Nauðsyn þessi kemur, að mati Bjartrar framtíðar, til af gríðarlegri fjölgun erlendra ferðamanna sem kallar á að unnið verði samtengt landsnet ferðaleiða. Þetta er jafnframt nauðsynlegt til að hámarka þjóðhagslegan ávinning og sjálfbærni ferðaþjónustunnar, kemur fram í ályktuninni.

„Að mati flutningsmanna er nauðsynlegt að unnið verði hratt að verkefninu svo fljótlega verði mögulegt að koma til móts við ört vaxandi straum ferðamanna, innlendra sem erlendra, með viðunandi hætti,“ sagði Róbert.

Í umsögnum hagsmunaaðila við tillöguna kemur fram að málið er fjarri því klippt og skorið. Jákvæðar umsagnir eru þó fleiri en þær neikvæðu.



**HREINN HARALDSSON**

Í umsögn Vegagerðarinnar segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri að þjóðvegakerfið ráði ekki við umferð gangandi og hjólandi „sem eiga heima á sérstökum hjóla- og göngustígum“. Vegagerðin leggst hins vegar ekki gegn hugmyndinni ef til koma sérstakir stígar meðfram þjóðvegum. Nefnir Hreinn sem dæmi að kílómetrinn af slíkum stígum innan borgarmarkanna hafi kostað um og yfir 50 milljónir króna.

Í umsögn Bændasamtakanna er lögð þung áhersla á samráð við bændur og jarðeigendur, og að samþykki þeirra verði að liggja fyrir við skipulagningu göngu- og reiðleiða á vegum stjórnvalda. Sterklega er varað við því að verði „gengið á stjórnarskrárvarinn einkarétt jarðeigenda“.

svavar@frettabladid.is



**Á FERÐINNI** Vegagerðin vill ekki auka umferð hjólandi og gangandi ferðamanna á þjóðvegum landsins. EuroVelo-verkefnið krefst lítils álags á einstökum leiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Ný hjólaleið á stuðning í þingsölum

- Fréttablaðið fjallaði á þriðjudag um hjólaleið frá Keflavík til Seyðisfjarðar um Suðurstrandarveg, sem verði hluti af meginkerfi hjólaleiða í Evrópu, eða EuroVelo-verkefninu. Ferðamálastofa, sem fóstrar verkefnið, hefur þegar sótt um aðgang að EuroVelo.
- Þingsályktun þingmanna Bjartrar framtíðar tengist hugmyndinni beint og óbeint, enda er EuroVelo-verkefnið sérstaklega nefnt í ályktuninni.




Lionsklúbburinn Njörður afhenti Grensásdeild fjórar milljónir í gær:

# Kærkomin gjöf sem nýtist vel

**GÓÐGERÐARSTARF** „Þetta er alltaf kærkomið,“ segir Stefán Yngvason, yfirlæknir á Grensásdeild Landspítalans, sem í gær tók við rúmlega fjórum milljónum króna frá Lionsklúbbnum Nirði.

Klúbburinn hefur á síðustu árum gefið deildinni meira en þrjátíu milljónir króna, sem hafa verið notaðar til að kaupa tækjabúnað, húsgögn og annað sem deildin þarf á að halda.

„Við erum alltaf í því að bæta búnað og endurnýja. Þetta slitnar mikið,“ segir Stefán. Hann segir það hafa verið skemmtilega stund í gær þegar gjöfin var afhent, því karlakórinn Fjallabræður mætti til að syngja og skemmtikrafturinn Sveppi söng auk þess tvö lög með kórnum.

Að sögn Guðlaugs Guðmundssonar, formanns Njarðar, voru peningarnir ágóði af málverkauppboði sem klúbburinn efndi til í janúar. „Síðan voru Fjallabræður að efna áheit um að koma þarna fram ef einhver vildi gefa fé til deildarinnar,“ segir Guðlaugur.

Það var fasteignasalan Stakfell sem varð við þeirri áskorun með því að gefa hálfa milljón. Loks sáu Ísfell hf. og Hraðfrystihús Hellissands til þess að Sveppi kom að syngja með því að gefa deildinni 50 þúsund krónur hvort. - gb



**ÞAKKAÐ FYRIR GJÖFINA** Stefán Yngvason yfirlæknir faðmar þarna Þorlák Ómar Einarsson frá Stakfelli, en Fjallabræður fylgjast með og klappa. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

www.n1.is facebook.com/enneinn

ÍSLENSKA/SIA.IS ENN 67979 02/14

N1 KORTIÐ = 5x punktar

# Nú er hann fimmfaldur

**Fimmfaldir punktar á hverjum dísel- og bensínlítra í dag. N1 korthafar halda afsláttarkjörum sínum en að auki fimmfaldast punktarnir.**

**Margfaldaðu virði punkta þinna með mögnuðum febrúartilboðum N1 kortsins eða lyftu þér upp með kræsilegum punktatilboðum á völdum þjónustustöðvum N1.**

| | | |
|---|---|---|
| Kit Kat<br>**99 N1 punktar** | Hámark – allar tegundir<br>**199 N1 punktar** | Appolo lakkrískonfekt<br>**179 N1 punktar** |
| Kexsmiðjan – múslíkaka<br>**139 N1 punktar** | Rúðuvökvi 5 l<br>**799 N1 punktar** | Croissant með skinku og osti<br>**199 N1 punktar** Nesti |





## Annan daginn í röð

**fá N1 korthafar fimmfalda punkta á hvern lítra af dísel eða bensíni.**

Vantar þig eldsneyti, rúðupiss eða holla og staðgóða hressingu? Allt þetta er hægt að fá fyrir punktana.

Í dag er N1 kortið þitt fimmfalt öflugra. Fylltu á tankinn og sjáðu punktasafnið þitt vaxa hratt og örugglega.

**Komum af stað!** N1

## SVONA ERUM VIÐ



**41 trúfélag hefur frá árinu 1998 til ársins í ár verið skráð hjá Hagstofu Íslands.**

**Þjóðkirkjan var fjölmennust árið 2013 með 245.184 innan sinna raða. Trúfélagið Heimakirkja var fámennast með tíu manna söfnuð.**

Forsætisráðherra Tyrklands bregst við ásökunum um spillingu:

# Erdogan herðir tök á dómurum

**TYRKLAND, AP** Forseti Tyrklands staðfesti í gær umdeild lög sem takmarka sjálfstæði dómsvaldsins í landinu. Lögin eru almennt talin liður í viðbrögðum Receps Tayyips Erdogan forsætisráðherra við ásökunum um spillingu.

Fyrir nokkrum dögum var lekið á netið upptökum sem sagðar eru vera af samtali Erdogans við son sinn. Þar gefur Erdogan syni sínum fyrirmæli um að losa sig við kynstur af peningaseðlum sem geymdir voru í íbúðarhúsi nokkru.

Erdogan segir upptökurnar falsaðar og sakar stjórnarandstæðinga um samsæri gegn sér.

Ríkisstjórn hans hefur hins vegar lengi sætt margvíslegum ásökunum um spillingu og meðal annars brugðist við með fjöldauppsögnum í lögreglu og dómsvaldi.

Nýju lögin gefa innanríkisráðuneytinu aukin völd við skipan dómara og saksóknara í embætti.

Spillingarásakanirnar hafa orðið til þess að fjórir ráðherrar Erdogans sögðu af sér í vetur. **- gb**



**MÓTMÆLI Í ISTANBÚL** Andstæðingar Erdogans fjölmenntu út á götur borgarinnar í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Leynisamningur við IRA:

## Ráðherra hótar að segja af sér

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Peter Robinson, fyrsti ráðherra í heimastjórn Norður-Írlands, hótaði í gær að segja af sér eftir að upp komst um leynilegan samning breskra stjórnvalda við flóttamenn úr Írska lýðveldishernum (IRA).

Bresk stjórnvöld viðurkenna nú að hafa veitt sakaruppgjöf 187 liðsmönnum IRA sem höfðu flúið til Írlands. Þeir þurfa því ekki að óttast að verða sóttir til saka í Bretlandi fyrir glæpi sem þeir kynnu að hafa framið. **- gb**

Ráðherra skipi fulltrúa:

## Á að styrkja fjárlaganefnd

**ALPINGI** Þingmennirnir Vigdís Hauksdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson telja nauðsynlegt að skerpa eftirlitshlutverk fjárlaganefndar gagnvart framkvæmdavaldinu.

Í því skyni hafa þau lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipan opinberra framkvæmda. Formaður fjárlaganefndar eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi hefur hingað til setið í nefnd um opinberar framkvæmdir. Þingmennirnir leggja hins vegar til að ráðherra skipi fulltrúa í nefndina í stað fjárlaganefndar **- jme**



**ÞURRKUR Á ÞINGVÖLLUM** Rakastig lofts yfir landinu fór lægst í 12 prósent á Þingvöllum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Veðrið í febrúar slær met:

## Loftið aldrei verið þurrara

**VEÐUR** Veðrið yfir vestan- og suðvestanverðu landinu í gær var óvenju þurrt og sjálfvirkar veðurstöðvar mældu rakastig í lofti lægra en það hefur áður mælst í febrúarmánuði. Það átti bæði við á veðurathugunarstöðvunum hjá Veðurstofunni og á Reykjavíkurflugvelli.

Fram kemur á vefsíðu Trausta Jónssonar veðurfræðings að rakastigið hafi lægst farið í 12 prósent á Þingvöllum í gær. Hann segir þó rétt að geta þess að nokkur óvissa sé um nákvæmni rakamæla þegar rakastigið sé svo lágt. **- bj**

# Samþykki ESA losar lánsfé fyrir kísilver

**Annað af tveimur skilyrðum þýskra banka fyrir fjármögnun PCC á kísilveri á Bakka er uppfyllt. Eftirlitsstofnun EFTA gaf ríkisaðstoð vegna iðnaðaruppbyggingar á Bakka grænt ljós í gær. Risaskref í átt til uppbyggingar, segir bæjarstjóri.**

**IÐNAÐUR** Með samþykkt Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á ríkisaðstoð vegna uppbyggingar iðnaðarsvæðis í landi Bakka við Húsavík hefur öðru af tveimur skilyrðum þýskra fjármálastofnana fyrir fjármögnun kísilvers PCC verið uppfyllt. Samþykki ESA fjárfestingarsamning ríkisins og PCC vegna byggingar og reksturs kísilversins, sem er talið viðbúið, tryggir það fjármögnun verkefnisins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Frá því var greint í gær að ESA hefði gefið ríkisaðstoð vegna uppbyggingar á Húsavík grænt ljós; meðgjöfin samrýmist EES-samningnum og gengur ekki í berhögg við samkeppnissjónarmið.

Í hnotskurn snýst málið um 3,4 milljarða króna meðgjöf ríkisins. Annars vegar vegna uppbyggingar innviða; hafnargerðar á Húsavík, lóðarframkvæmda á Bakka og vegtengingar á milli lóðar og hafnar. Hins vegar það sem snýr beint að kísilverinu sjálfu, í formi skattaívilnana til þýska fyrirtækisins sem metnar eru á 100–150 milljónir króna á ári.

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra undirritaði fyrir hönd íslenska ríkisins fjárfestingarsamning við PCC vegna byggingar og reksturs kísilversins 1. október síðastliðinn. Eftir samþykkt ESA í gær verður fjárfestingarsamningurinn tekinn fyrir með sama hætti og verður niðurstöðu að vænta innan skamms.

Eins og greint hefur verið frá hefur fjármögnun PCC tafist og er hún oft nefnd sem stærsta spurningarmerkið við verkefnið í heild sinni. Ástæða tafanna er að þýskar fjármálastofnanir hafa beðið eftir samþykki ESA á ríkisaðstoðinni áður en þeir losa um 200 milljóna evra (36 milljarðar íslenskra króna) lán til uppbyggingar fyrri áfanga kísilversins á Bakka.

Bergur Elís Ágústsson, bæjarstjóri Norðurþings, segir að með þessari niðurstöðu ESA í gær hafi verið tekið stórt skref fram á við, enda sé úrskurðurinn fyrirvaralaus. „Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur. Það má segja að við séum búin að ryðja öllum stórum steinum úr götunni til að hægt sé að hefja uppbygginguna, og þá vonandi sem allra fyrst,“ segir Bergur. „Þetta þýðir að innviðir verða til staðar miðað við þær áætlanir sem eru uppi varðandi uppbyggingu kísilversins, og það er stór áfangi.“

svavar@frettabladid.is



**HÚSAVÍK** Hvalaskoðun tengja menn helst við atvinnumál á Húsavík. Fátt stendur í vegi iðnaðaruppbyggingar í sveitarfélaginu. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

### ➜ PCC stefnir að framleiðslu árið 2016

- Stefnt er að því að PCC hefji framleiðslu kísilmálms á Bakka á árinu 2016.
- Framleiðslugeta verksmiðjunnar er 33 þúsund tonn með möguleika á stækkun upp í 66 þúsund tonn árlega.
- Gert er ráð fyrir að í fyrsta áfanga verði til 120 bein störf við verksmiðjuna en með stækkun bætist við 40 bein störf til viðbótar. Þá hefur Byggðastofnun metið afleidd störf við fyrsta áfanga um 160 og eftir stækkun um 210.
- Landsvirkjun skrifaði undir raforkusölusamning við PCC BakkiSilicon hf., íslenskt dótturfélag PCC SE, í lok júní 2012. Samkvæmt samningnum mun Landsvirkjun afhenda 52 megavött vegna fyrri áfanga kísilversins.

Nýtt félag í Kópavogi:

## Píratar vilja minni spillingu

**SVEITARSTJÓRNIR** Píratar í Kópavogi ætla að stofna félag um mánaðamótin og taka ákvörðun um hvort þeir bjóða fram til bæjarstjórnar í kosningunum í vor.



**ÁRNI ÞÓR ÞORGEIRSSON**

Árni Þór Þorgeirsson pírati segir í tilkynningu að ef af framboði verði þá verði efst á stefnuskránni að finna leiðir til að draga úr spillingu og gefa Kópavogsbúum tækifæri til að hafa áhrif á nærsamfélag sitt. Þá vilja þeir bæta íbúalýðræði og gera rekstur bæjarfélagsins opnari. **- jme**

Aðgerðir gegn atvinnuleysi:

## Starfsþjálfunin reynist best

**VINNUMARKAÐUR** Langflestir þeirra atvinnuleitenda sem nýttu sér starfsþjálfunarúrræði á síðasta ári, eða 85 prósent, voru enn í vinnu þremur mánuðum eftir að úrræðinu lauk. Þetta kemur fram í skriflegu svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um vinnumarkaðsúrræði.

Alls komu 19.311 inn á atvinnuleysisskrá á síðasta ári og nýtti tæpur helmingur þeirra sér eitthvert af þeim vinnumarkaðsúrræðum sem í boði eru. Þar af fór rúmur helmingur í starfsþjálfun þar sem bætur atvinnuleitanda eru greiddar út til atvinnurekanda í allt að sex mánaða starfsþjálfunartímabil. **- þj**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**BJART SUNNANLANDS** næstu daga en úrkoma norðan og austan til, ýmist snjókoma, slydda eða rigning. Það verður vindasamt norðvestanlands og með suðausturströndinni en annars víða fremur hægur vindur.




**Á morgun**
Hvasst á NV-landi en hægari vindur annars staðar.




**Laugardagur**
Strekkingur yst á V-fjörðum og með SA-strönd, annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Berlín | 12° | Friedrichshafen | 8° | Las Palmas | 21° | New York | -1° | París | 10° |
| Aþena | 15° | Billund | 8° | Gautaborg | 7° | London | 10° | Orlando | 17° | San Francisco | 15° |
| Basel | 6° | Frankfurt | 10° | Kaupmannahöfn | 7° | Mallorca | 16° | Ósló | 4° | Stokkhólmur | 4° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu mörg börn dvöldu í Kvennaathvarfinu í fyrra?
**2.** Hversu margir svanir eru á skrifstofu forstjóra FME?
**3.** Hvar ætlar hljómsveitin Bang Gang að spila í sjö borgum í mars?

**SVÖR:**

**1.** 97. **2.** Tveir. **3.** Í Kína.

Nokkur ríki hætta beinum fjárstuðningi við stjórnvöld í Úganda og beina fjármagni annað:

# „Hljótum að leggja áherslu á mannréttindi“

**PRÓUNARSAMVINNA** Þróunarsamvinnustofnun (ÞSSÍ) hefur enn ekki tekið ákvörðun um framtíð þróunarsamvinnu við Úganda að sögn framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

Engilbert Guðmundsson, framkvæmdastjóri ÞSSÍ, segir það vera erfiða spurningu hvort og hvenær blanda eigi saman mannréttindum og þróunarsamvinnu. „Við hljótum að leggja áherslu á mannréttindi, en það er óraunhæft að ætla að ástand mannréttinda sé svipað og á Íslandi,“ segir Engilbert.

Norsk, dönsk og hollensk stjórnvöld hafa ákveðið að hætta beinum stuðningi við úgónsk stjórnvöld í mótmælaskyni við lagasetningu stjórnvalda, sem stefnt er gegn samkynhneigðum. „Mér sýnist að alla jafna hafi verið dregið úr heildaraðstoð sem nemur um tíu prósentum,“ segir Engilbert.

Lagt var til á Alþingi að íslensk stjórnvöld stórykju fjárframlög til samtaka samkynhneigðra í Úganda án þess að dregið væri úr heildarframlögum. „Við vitum að það er takmarkað hvað félagasamtök geta tekið við af peningum og framkvæmt án þess að úr verði vandi af öðru tagi,“ bendir Engilbert á. Hann segir Ísland vera í annarri stöðu en þau lönd sem hafa dregið úr aðstoð. „Þessi lönd styðja beint fjárlög landsins. Við einbeitum okkur hins vegar að stuðningi við héraðsstjórnir og verkefni þeirra, á borð við byggingu skóla og heilsugæslu,“ segir hann. **- eb**



**ÚGANDA** Það reynist erfið spurning hvort og hvenær mannréttindi og þróunarsamvinna fara saman. MYND/AP.



**ELDRI BORGARAR** Með umboðsmanni vill Félag eldri borgara tryggja jafnræði í meðferð mála óháð stöðu hins aldraða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Félag eldri borgara álýktar:

## Aldraðir vilja umboðsmann

**VELFERÐARMÁL** Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík beinir því til heilbrigðisráðherra að stofnað verði embætti umboðsmanns aldraðra.

Hlutverk umboðsmanns verði að standa vörð um áunnin réttindi eldri borgara og tryggja óháðan málflutning um mál er þá varðar, segir í ályktuninni.

Einnig kemur fram að umönnun aldraðra sé í mörgu lík umönnun barna, það þurfi málsvara og aðstandendur fyrir báða hópa og með umboðsmanni megi tryggja jafnræði í meðferð mála óháð stöðu hins aldraða í fjölskyldu eða félagsstarfi. **-ebg**

Fær heimild til eignarnáms:

## Taka níu jarðir fyrir Suðurlínu

**SUÐURNES** Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur heimilað Landsneti að framkvæma eignarnám í níu jörðum á Suðurnesjum vegna lagningar Suðurnesjalínu 2. Eigendur að jörðunum níu eru yfir 70.

Ráðuneytið telur að öll skilyrði eignarnáms séu fyrir hendi, svo sem að samningaleið hafi verið reynd til þrautar og að almenningsþörf liggi að baki. Um bætur vegna eignarnámsins fer samkvæmt lögum og sker sérstök matsnefnd úr ágreiningi. **- jme**

# Byggingariðnaður að vakna

Offramboð nýbygginga eftir hrun er horfið. Íbúðaverð er yfir byggingarkostnaði og kaupmáttur vaxandi. Slaki sem verið hefur í hagkerfinu hverfur á næsta ári gangi spár eftir. Útlit fyrir þenslu á næsta ári og þarnæsta.

**EFNAHAGSMÁL** Horfur eru á umtalsverðri aukningu umsvifa í byggingariðnaði á þessu ári. Bæði koma þar til áhrif af uppbyggingu í ferðaþjónustu og uppsöfnuð þörf fyrir húsnæði með því að gengið hefur á offramboðið á húsnæði eftir hrun. Eins er íbúðaverð nú yfir kostnaðarverði nýbygginga.



**INGÓLFUR BENDER**

„Fjárfestingar hafa reyndar verið vaxandi um nokkurn tíma,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka. Í fyrra hafi samanburður milli ára verið örlítið skakkur, þar sem á árinu áður hafi töluverð kaup á skipum og flugvélum skekkt myndina. „En undirliggjandi fjárfesting í hagkerfinu var engu að síður vaxandi þá, þótt sá vöxtur hafi reyndar ekki verið hraður, um það bil fjögur prósent á milli ára.“

Spár Greiningar benda svo til áframhaldandi vaxtar fjárfestingar. „Við spáum um það bil níu prósenta vexti í ár sem er dágott. Og í nýbirtri spá Seðlabankans er gert ráð fyrir 5,4 prósenta heildarvexti fjárfestingar. Þannig að eitthvað er að gerast þarna.“

Ingólfur bendir þó um leið á að fjárfestingarstig í hagkerfinu sé enn þá afar lágt, bæði í sögulegu samhengi og í samanburði við það sem gerist í öðrum iðnríkjum og er talið þurfa til að viðhalda hagvexti til lengri tíma. Íbúðabyggingar séu þó hluti þess sem farið hafi af stað aftur í hagkerfinu.

„Íbúðaverð er almennt yfir byggingarkostnaði og kaupmáttur er vaxandi.“ Þá segir hann aðra þætti líka hafa ýtt undir fjárfestingu í íbúðum. „Það umframframboð af nýbyggingum sem til varð eftir hrunið er nú horfið að mestu.“

Þá séu verkefni á borð við hótelbyggingar vegna aukinna umsvifa í ferðaþjónustu víða um landið.

Ingólfur tekur undir að orðræða um að „ekkert sé að gerast og allt sé steindautt í framkvæmdum“ fari líkast til hverfandi.

„Ef maður tekur stærri myndina þá er þessi slaki sem hefur verið í hagkerfinu frá hruni að hverfa á næsta ári.“ Seðlabankinn spáir meira að segja smáþenslu á næsta ári og enn meiri á árinu 2016.

„Við sjáum því lúxusvandamálin aftur og menn þurfa að fara að hækka hér stýrivexti og hafa afgang í opinberum fjármálum. En fjárfestingarstigið er samt enn þá lágt og verið að fást við ýmis önnur vandamál, sérstaklega tengd afnámi fjármagnshafta.“ **olikr@frettabladid.is**



**BYGGINGAR RÍSA** Hugað að járnabindingum í nýbyggingu í smíðum. Umframframboð nýbygginga sem til varð eftir hrun er sagt horfið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Innflutningur á steypustyrktarjárni

| Ár | Tonn |
|---|---|
| 1999 | 16.104 |
| 2000 | 23.821 |
| 2001 | 22.399 |
| 2002 | 13.009 |
| 2003 | 21.366 |
| 2004 | 28.427 |
| 2005 | 47.444 |
| 2006 | 52.602 |
| 2007 | 52.178 |
| 2008 | 33.222 |
| 2009 | 10.226 |
| 2010 | 7.822 |
| 2011 | 9.043 |
| 2012 | 10.760 |
| 2013 | 11.593 |

Innflutt magn af steypustyrktarjárni endurspeglar væntanlega ágætlega umsvif í byggingariðnaði. Sjá má samdráttinn sem varð í byrjun aldarinnar og svo áhrif hrunsins 2008. *Heimild: Hagstofa Íslands.*


Kvef?

Nýtt lyf sem verkar bæði gegn nefstíflu og nefrennsli




Otrivin® Comp

Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópíumbrómíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrútinnar nefslímhúðar) og nefrennslis af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xýlómetazólínhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hýoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með nefþurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjusjúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.




# SHISEIDO DAGAR Í HAGKAUP 27. FEBRÚAR TIL 5. MARS.

í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Holtagörðum og Garðabæ.

Kynnum nýja glosslínu, Lacquer Gloss í 8 flottum litum. Nýjan leiðréttingapenna sem leiðréttir litamismun og bauga umhverfis augun, ásamt því að gefa birtu.

## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FÖRÐUM OG PÚÐRUM ÞESSA DAGA.



GLÆSILEGUR KAUPAUKI*
ÞEGAR KEYPTAR ERU 2 SHISEIDO VÖRUR.

*gildir til 5. mars á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Aðkoma þjóðarinnar í brennidepli

**Þrjár meginlínur eru á þingi um framhald aðildarviðræðnanna við ESB og enn fleiri eru í umræðunni. Í megindráttum snýst málið annars vegar um hvort draga eigi umsóknina til baka eða setja hana í bið og hins vegar um hver aðkoma almennings verði að framhaldinu.**

**EVRÓPUMÁL** Eftir að Vinstri græn lögðu í fyrrakvöld fram þingsályktunartillögu sína um framhald aðildarviðræðnanna við ESB liggja þrjár tillögur fyrir Alþingi um sama efni, sem nálgast það þó hver á sinn hátt.

Þar að auki eru ýmsar aðrar hugmyndir á lofti og einnig er oft vísað til kosningaloforða Sjálfstæðisflokksins og samstarfssáttmálans milli stjórnarflokkanna.

Skýrsla Hagfræðistofnunar um stöðu viðræðnanna og tillagan um viðræðuslit sem utanríkisráðherra lagði í framhaldinu fram í síðustu viku hleypti málinu svo upp og í kjölfarið komu fram tillögur frá stjórnarandstöðunni.

Meginlínurnar snúast annars vegar um hvort viðræðum verði slitið, eins og stjórnarflokkarnir vilja, eða hvort hún verði látin liggja óhreyfð um óákveðinn tíma og hins vegar um hvort og hvenær þjóðin eigi að fá að segja sína skoðun á málunum í þjóðaratkvæðagreiðslu og að hverju verði þar spurt.

## Slit eða bið?

Stjórnarflokkarnir hyggjast slíta viðræðum og hljóðar þingsályktunartillaga þeirra upp á það.

Það sem stjórnarandstaðan leggur áherslu á er að umsóknin verði ekki dregin til baka þar sem það mundi lengja til muna endurupptökuferlið þegar/ef pólitískur vilji væri til staðar. Þess í stað verði fordæmi Svisslendinga fylgt og umsóknin látin liggja inni hjá ESB.

Verði ferlið hafið á ný þurfi ekki að bíða samþykkis allra aðildarríkjanna. Til samanburðar leið rúmt ár frá því að Ísland lagði inn aðildarumsókn sína í júní árið 2009 þar til að aðildarviðræðurnar hófust.

## Aðkoma þjóðarinnar

Skiptar skoðanir eru líka um aðkomu þjóðarinnar að ákvörðuninni. Sjálfstæðisflokkurinn hét því í aðdraganda alþingiskosninga að framhald viðræðnanna yrði borið undir þjóðina á kjörtímabilinu, en í stjórnarsáttmálanum var ekkert látið uppi um tímasetningar, heldur aðeins að ekki yrði haldið áfram án þjóðaratkvæðagreiðslu. Tillagan um viðræðuslit er á sama veg.

Tvær línur eru hins vegar um málið innan stjórnarandstöðunnar. Annars vegar vilja Vinstri græn kjósa fyrir lok kjörtímabilsins og hins vegar vilja Samfylking, Björt framtíð og Píratar láta kjósa um málið samhliða sveitarstjórnarkosningunum í vor.

thorgils@frettabladid.is




**Á AUSTURVELLI** Fjölmenn mótmæli hafa farið fram á Austurvelli síðustu daga þar sem aðalkrafan er að þjóðin fái að tjá hug sinn í þjóðaratkvæðagreislu um framhald ESB-viðræðnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### ➜ Kosningaloforð Sjálfstæðisflokksins

Ekki verði gengið í ESB. Hagsmunum Íslands sé betur borgið utan sambandsins, en „kjósendur ákveði í þjóðaratkvæðagreiðslu á kjörtímabilinu hvort aðildarviðræðum skuli haldið áfram“.

### ➜ Stjórnarsáttmáli Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks

Gert verði hlé á aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið og úttekt gerð á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan sambandsins. „Ekki verður haldið lengra í aðildarviðræðum við Evrópusambandið nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu,“ en ekkert kemur þar fram um tímasetningu eða hvort boðað verði til slíkrar atkvæðagreiðslu.

### ➜ „Svissneska leiðin“

Umsóknin verði sett á bið um óákveðinn tíma þar til pólitískar aðstæður breytast, að fyrirmynd Svisslendinga. Hún verði þó ekki dregin formlega til baka, sem þýðir að Ísland þurfi ekki að endurnýja samþykki allra 28 aðildarríkja ESB til að öðlast formlega stöðu sem umsóknarríki.

### ➜ Fundarályktun Sjálfstæðra Evrópumanna

Ekki verði tekin ákvörðun í málinu fyrr en Alþjóðamálastofnun hafi gefið út skýrslu sína. „Telji menn að því búnu rétt að flytja tillögu til þingsályktunar um að slíta viðræðum við Evrópusambandið fyrir fullt og allt verði gildistaka hennar bundin samþykki þjóðarinnar í allsherjaratkvæðagreiðslu.“

### ➜ Þingsályktunartillaga Vinstri grænna

Formlegt hlé verði gert á aðildarviðræðum og þeim ekki haldið áfram nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu sem skuli efnt til fyrir lok kjörtímabilsins.

### ➜ Þingsályktunartillaga Pírata, Samfylkingar og Bjartrar framtíðar

Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort halda skuli áfram aðildarviðræðum fari fram samhliða sveitarstjórnarkosningum hinn 31. maí 2014. Þar svari kjósendur spurningunni „Vilt þú að stjórnvöld haldi áfram aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið?“ játandi eða neitandi.

### ➜ Þingsályktunartillaga utanríkisráðherra

Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu verði dregin til baka og ekki verði sótt um aðild á nýjan leik án þess að fyrst fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort íslenska þjóðin stefni að aðild að Evrópusambandinu.





ENNEMM / SÍA / NM61310

RENAULT CLIO – VERÐ FRÁ 2.390.000 KR.

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

Renault Clio er einn vinsælasti bíllinn á Íslandi. Þegar fallegt útlit, ríkulegur staðalbúnaður, úrval sparneytinna bensín- og dísilvéla, hagstætt verð og einstök ný „Dual Clutch“ sjálfskipting smellur saman er ástæðan augljós. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault Clio.

RENAULT
www.renault.is

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar, Reykjanesbæ, www.bilahusid.is, 420 0400 | Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622 | Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533 | Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070 | IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080

Markhönnun ehf

# nettó
Kræsingar & kostakjör




## SPRENGIDAGUR!
SALTKJÖT - VERÐ FRÁ

**279** KR/KG

BLANDAÐ **979** KR/KG | ÓDÝRT **479** KR/KG | SÍÐUBITAR **279** KR/KG

# HÖLDUM BOLLUDAGINN HÁTÍÐLEGAN
## KJÖTFARS Á GÓÐU VERÐI!




**KJÖTFARS**
500 GR GOÐI
**VERÐ PER STK**
ÁÐUR 426
**298,-**

**KJÖTFARS SALTAÐ**
500 GR GOÐI
**VERÐ PER STK**
ÁÐUR 459
**298,-**

**KJÖTFARS NÝTT**
500 GR NETTÓ
**VERÐ PER STK**
ÁÐUR 349
**279,-**

**Tilboðin gilda 27. feb - 2. mars 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ERU LÖG SEM HEIMILA ALMENNINGI ÓHINDRAÐA UMFERÐ UM ÓRÆKTAÐ LAND BARN SÍNS TÍMA?

# Gjaldtaka fer saman við frjálsa för

Áform um gjaldtöku á ferðamannastöðum mæta harðri andstöðu þeirra sem vilja áfram frjálsa för almennings um óræktað land. Lagaprófessor segir að þótt meginreglan sé óheft aðgengi geti landeigendur verið í rétti innheimti þeir gjald til að standa straum af kostnaði.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



Landeigendur víða um land hafa nú ýmist boðað gjaldtöku af ferðamönnum fyrir aðgang að náttúruperlum, eða eru að íhuga vandlega hvort slík gjaldtaka sé réttlætanleg. Andstæðingar slíkrar gjaldtöku af ferðamönnum benda á ákvæði náttúruverndarlaga þar sem segir að gangandi sé heimilt að fara um óræktað land að vild.

Lögin virðast fremur skýr. Í náttúruverndarlögum er kveðið á um að heimilt sé að fara fótgangandi „um óræktað land og dveljast þar“. Þar segir þó ennfremur að á eignarlandi í byggð sé heimilt að „takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustíga umferð manna og dvöl á afgirtu óræktuðu landi“. Í náttúruverndarlögum sem samþykkt voru á Alþingi í fyrra en hafa ekki tekið gildi, eru sambærileg ákvæði, þó orðalagi hafi verið hnikað örlítið til.

Talsmenn landeigenda hafa á móti bent á að ekkert mæli á móti gjaldtöku í lögunum. Þá hafa þeir bent á að álagið á land þeirra sé mikið vegna mikils fjölda ferðamanna og rétt sé að þeir sem skoði þessa vinsælu staði greiði fyrir viðhald þeirra og eftirlit.

Lögmenn sem Fréttablaðið hefur rætt við eru á einu máli um að báðir aðilar hafi talsvert til síns máls og erfitt sé að skera úr um það með vísunum í lög hvort réttur landeigenda til að verja eign sína ágangi eða réttur almennings til að fara um landið óhindrað sé sterkari.

Í málinu togast á tvenns konar hagsmunir. Annars vegar hagsmunir þeirra sem eiga land með náttúruperlum sem ferðamenn sækja heim. Fjöldi ferðamanna hefur aukist gríðarlega á síðustu árum og fátt sem bendir til að sú þróun breytist. Það þýðir að álagið á landið hefur aukist mikið og mun halda áfram að aukast. Það kallar á uppbyggingu stíga, salerna og ýmiss konar aðstöðu fyrir allt þetta fólk.

Á móti koma hagsmunir ferðamannanna sjálfra, innlendra jafnt sem erlendra, en ekki síður þeirra sem hafa af því tekjur að selja þeim flugmiða til landsins, bílaleigubíla og ferðir til að skoða náttúruna. Þeirra hagsmunir eru þeir að þurfa ekki að borga landeigendum fyrir að skoða landið, þó auðvitað séu það þeirra hagsmunir líka að landið í kringum fallegar náttúruperlur drabbist ekki niður.

### Í lögum frá árinu 1281

Sú meginregla að fótgangandi megi fara um óræktað land hefur verið í íslenskum lögum í það minnsta frá því Jónsbók var skrifuð árið 1281. Á þeim rúmu 700 árum sem liðin eru síðan hefur margt breyst. Fjöldi Íslendinga hefur margfaldast og möguleikarnir til að ferðast um landið eru allt aðrir en þeir voru fyrr á öldum.

Þrátt fyrir þetta segir Sigurður Líndal lagaprófessor að þetta ákvæði sé síður en svo úrelt. Þetta sé meginreglan, en hún sætir takmörkunum á ýmsan hátt. Til dæmis eru ákvæði um friðun lands, vernd náttúru og annað sem takmarkar þann rétt.

Sigurður segir það skýrt í sínum huga að þrátt fyrir ákvæðið um frjálsa för um landið geti landeigendur gripið til aðgerða til að verja landið miklum ágangi. Það geti þeir gert til dæmis með því að setja upp girðingar og hlið og með því að beina gestum á stíga.

Hann segir jafnframt eðlilegt að landeigendur geti innheimt gjald af þeim sem fari um landið til að standa straum af kostnaði við að verja það ágangi.



**GJALDTAKA** Landeigendur á Geysissvæðinu, að ríkinu undanskildu, ætla að innheimta gjald af ferðamönnum sem fara um svæðið frá 10. mars næstkomandi. Aðrir eru í startholunum eða bíða átekta eftir frumvarpi iðnaðarráðherra um náttúrupassa.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Kostar ferðaþjónustuna tugi milljóna

Fimm ferðaskrifstofur sem skipuleggja ferðir um Ísland skora á stjórnvöld að stöðva fyrirætlanir landeigenda um að innheimta gjald af ferðamönnum á landareignum sínum. Talsmaður þeirra segir að verði af áformum um gjaldtöku muni það kosta stór ferðaþjónustufyrirtæki tugi milljóna, enda löngu búið að bóka og borga fjölmargar ferðir í sumar.

„Við erum ekki að taka afstöðu til þess hvort það eigi að innheimta gjald af ferðamönnum fyrir að skoða náttúruperlur, heldur að segja að þetta þurfi að gera af mikilli yfirvegun og móta þurfi heildarstefnu, sem er verið að vinna að í augnablikinu,“ segir Bjarnheiður Hallsdóttir, framkvæmdastjóri Katla DMI ferðaskrifstofu, sem er í forsvari fyrir hópinn.

„Okkur finnst þessi framganga og offors landeigenda algerlega út í hött. Sérstaklega að það sé svona lítill fyrirvari. Það er algerlega óviðunandi fyrir fyrirtæki sem eru að reka ferðaþjónustu í þessu landi,“ segir Bjarnheiður. Hún segir að breytingar á borð við þessa þurfi að liggja fyrir að lágmarki ári áður en þær taki gildi, og helst einu og hálfu ári fyrr.

Ferðaskrifstofurnar krefjast þess að stjórnvöld grípi til aðgerða til að stöðva tafarlaust áformaða gjaldtöku landeigenda.

## ➜ Segja vegið að rétti um frjálsa för

Áform um náttúrupassa sem og gjaldtöku við einstaka staði vega stórlega að almannarétti um frjálsa för um óræktað land, segir í sameiginlegri yfirlýsingu fimm samtaka náttúruverndar- og ferðafélaga.

Samtökin vara við hugmyndum um að girða af náttúruperlur í þeim tilgangi að taka gjald af svæðum, og hefta þannig för almennings, segir í yfirlýsingunni, sem er frá Landvernd, Ferðafélagi Íslands, Ferðaklúbbnum 4x4, Samtökum útivistarfélaga (SAMÚT) og Útivist.

„Samtökin telja að fara beri leiðir sem ekki brjóta á almannaréttinum, til dæmis blandaða leið hóflegs komu- eða brottfarargjalds og breytinga á gistináttagjaldi og/eða virðisaukaskatti,“ segir í yfirlýsingunni.

## GJALDTAKA HAFIN EÐA BOÐUÐ Á FIMM STÖÐUM Á LANDINU




*Afsláttur verður veittur fyrir þá sem vilja skoða Dettifoss, Námaskarð og Leirhnjúk.

## ➜ Ókeypis aðgangur fyrir börn undir 16

Landeigendur víða um land eru ýmist byrjaðir eða komnir í startholurnar með að rukka aðgangseyri af ferðamönnum sem vilja skoða náttúruperlur á landareign þeirra. Þar sem þegar hefur verið ákveðið að rukka inn er í öllum tilvikum innheimt fullt gjald af fullorðnum óháð þjóðerni, en ekkert rukkað fyrir börn undir 16 ára aldri.

Gjaldtaka hófst af þeim sem skoða Kerið í Grímsnesi í fyrra, og 10. mars ætlar hluti landeigenda á Geysissvæðinu að hefja gjaldheimtu. Í sumar bætist svo við gjaldtaka af þeim sem vilja skoða Leirhnjúk, Námaskarð og mögulega Dettifoss, á vegum landeigenda í Reykjahlíð.



**SIF GARÐARSDÓTTIR**
Sif Garðarsdóttir er heilsumarkþjálfi og einkaþjálfari með yfir 15 ára reynslu.

Nánari upplýsingar og skráning:
sifg@hotmail.com
www.sifgardars.is



MATREIÐSLU-NÁMSKEIÐ
EINFALT, HOLLT OG FLJÓTLEGT – AF ÞVÍ AÐ ÞÚ SKIPTIR MÁLI!

Fimmtudagurinn **6. mars** 7.600 kr.

**LANGAR ÞIG AÐ LÆRA AÐ BÚA TIL NÆRINGARRÍKA OG FLJÓTLEGA FÆÐU?**

**Hráfæði – Þeytingar – Ofurfæði** Lærðu að búa til kraftmikinn morgunmat, millimál, þeytinga, mjólkurlausa mjólk, hráfæði, aðalrétti, eftirrétti og ís.

**Sýnikennsla og fræðsla.** Eingöngu er notast við algeng eldhúsáhöld, matvinnsluvél og blandara við matseldina.

Allir fara saddir og sælir heim með glænýtt uppskriftasafn auk þess sem Facebook-hópur verður stofnaður þar sem hægt er að spyrja spurninga og deila reynslu eftir námskeiðið.

**HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 18:30-21:00**

„Fróðlegt og skemmtilegt námskeið sem sýnir manni að það þarf alls ekki að vera flókið eða tímafrekt að útbúa hollan og bragðgóðan mat og millimál.“
**– Karen Lilja Sigurbergsdóttir**

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979

## Fjöldi ferðamanna tvöfaldast á tíu árum*

Um 781 þúsund erlendir ferðamenn komu til Íslands á síðasta ári, samkvæmt talningu á Keflavíkurflugvelli. Fjöldinn hefur rúmlega tvöfaldast frá árinu 2004, þegar 349 þúsund sóttu landið heim.




*Aðeins þeir sem fara um Keflavíkurflugvöll
Heimild: Ferðamálastofa

# DEBENHAMS

Tamaris

EITTHVAÐ SEM ALLAR ELSKA

**20%** AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM SKÓM FYRIR DÖMUR, HERRA OG BÖRN

Gildir út sunnudag



Verð áður 10.990,- **Nú 8.792,-**



Verð áður 19.990,- **Nú 15.992,-**



Líka til í svörtu

Verð áður 13.990,- **Nú 11.192,-**



Verð áður 22.990,- **Nú 18.392,-**



Verð áður 27.990,- **Nú 22.392,-**



Verð áður 13.990,- **Nú 11.192,-**



Verð áður 22.990,- **Nú 18.392,-**



Verð áður 14.990,- **Nú 11.992,-**



Verð áður 14.990,- **Nú 11.992,-**

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**Opið 11 - 21 í dag**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Finndu okkur á facebook

# Þreytt á aðgerðaleysi og hjali um vellíðan barna

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir segir að taka verði alvarlega niðurstöður úr PISA-könnun um að árangur sé ekki viðunandi. Yfirvöld í Reykjavík þurfa að hlusta á grasrótina, segir Ásgeir Beinteinsson skólastjóri.

„Ég verð að viðurkenna að ég er orðin langþreytt á aðgerðaleysinu og endalausu hjali um að börnunum líði vel. Ég veit ekki betur en að það sé þverpólitísk samstaða í lögum um að skólinn tryggi að öll börn séu með lágmarksfærni og þekkingu. Allar undanfarnar greiningar benda til að svo sé ekki.“

Þetta segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, í kjölfar fundar skóla- og frístundaráðs í síðustu viku.

Fjallað var um niðurstöður PISA-könnunarinnar á fundinum. Lítill munur var á grunnskólum í Reykjavík í mælingum PISA 2009 og 2012.

Í bókun meirihlutans um niðurstöðurnar segir meðal annars að líðan og lýðheilsa barna í reykvískum skólum hafi batnað jafnt og þétt síðastliðinn áratug. Tekið er fram að menntun og uppeldi barna sé langhlaup og að PISA taki ekki til helstu styrkleika íslenskra skóla sem er áhersla á list- og verkgreinar og þar með skapandi hugsun.

Þorbjörg Helga segir að taka verði alvarlega niðurstöður um að árangur sé ekki viðunandi.

„Taka þarf læsi föstum tökum og setja mælanleg markmið þannig að engir nemendur séu í þeirri stöðu 15 ára að geta ekki lesið sér til gagns. Jafnframt þarf að veita afburðanemendum meiri þjónustu. Gera þarf mun betur og einkum fyrir ákveðna grunnskóla borgarinnar. Það eru mikil vonbrigði að svar meirihlutans við niðurstöðunum sé að setja enn einn starfshópinn af stað. Allar greiningar og þarfir liggja fyrir nú þegar.“

Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri Háteigsskóla, sem er í starfshópnum sem á að finna leiðir til að bæta námsárangur, segist í raun sammála málflutningi bæði meiri- og minnihlutans.



**Það eru mikil vonbrigði að svar meirihlutans við niðurstöðunum sé að setja enn einn starfshópinn af stað. Allar greiningar og þarfir liggja fyrir nú þegar.**

*Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi*

„Skólinn er stundum talaður niður. Það má ekki gleyma áherslu á verk- og listgreinar. Ég fékk heimsókn í minn skóla frá skólastjórnendum í Evrópu sem fannst menntunin svo fjölbreytt að þeir höfðu á orði að sumir þyrftu ekki að fara í framhaldsnám þar sem þeir væru með svo mikla færni á mörgum sviðum. Um leið og PISA segir að gera þurfi betur, og það eigum við að taka alvarlega, megum við ekki gleyma því sem tekst vel.“

Það er mat Ásgeirs að hugsað sé allt of skammt fram í tímann þegar breytingar eru skipulagðar. „Það er verið að hugsa þrjú til fjögur ár fram í tímann þegar það ætti að hugsa fimm til tíu ár fram í tímann. Það tekur langan tíma að breyta skóla.“

Í nýrri aðalnámskrá er lögð meiri áhersla lögð á hæfni en áður hefur verið gert, að því er Ásgeir greinir frá. „Þetta er mikil áskorun fyrir kerfið og þar með er mikillar endurmenntunar kennara þörf. Breyta þarf matskerfinu og fara meira út í leiðsögn með hverjum nemanda. Auðvitað er margt af þessu í kerfinu hjá okkur en við verðum að fá tíma til að finna leiðina.“

Skólastjóranum finnst spennandi tímar fram undan en hann tekur það fram að samtal vanti á milli yfirvalda og skólayfirvalda. „Yfirvöld í Reykjavík hafa verið upptekin af því að breyta sjálfum sér í stað þess að hlusta á grasrótina. Svo vantar líka samtal samfélagsins. Foreldrum er boðið á fyrirlestra en þeir koma ekki.“

Ásgeir segir skólayfirvöld í Reykjavík einnig hafa verið upptekin af því að berjast við foreldra sem vilja fá að velja þjónustu í sérskólum. „Við erum í alltof mörgum tilfellum að halda nemendum með öðruvísi samsetta greind sem við getum ekki sinnt. Við náum ekki utan um þau og maður fær þess vegna sting í hjartað á hverjum degi.“



**Í RÉTTARHOLTSSKÓLA** Í nýrri aðalnámskrá er lögð meiri áhersla á hæfni en áður hefur verið gert. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ibs@frettabladid.is



**Í SJANGHÆ** Börn ræstingafólks í Sjanghæ standa sig betur í stærðfræði samkvæmt PISA-könnuninni en börn lækna og lögfræðinga í Bandaríkjunum og Bretlandi. NORDICPHOTOS/AFP

OECD um PISA-könnun:

## Störf foreldra breyta árangri barna í námi

Niðurstöður greiningar Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, á niðurstöðum PISA-könnunarinnar 2012 sýna tengsl á milli árangurs nemenda og starfs foreldra. Tengslin eru mismunandi milli landa.

Börn menntamanna standa sig að meðaltali best í stærðfræði. Undantekning er þó þar á í Kólumbíu, Indónesíu, Ítalíu, Mexíkó, Perú og Svíþjóð en þar ná börn stjórnenda, eins og framkvæmdastjóra og forstjóra, bestum árangri.

Munurinn á árangri barna menntamanna og annarra nemenda er meiri í stærðfræði en í lestri.

Greining OECD sýnir að í Bandaríkjunum og Bretlandi, þar sem menntamenn eru meðal þeirra hæst launuðu í heimi, er árangur barna lækna og lögfræðinga í stærðfræði lakari en barna ræstingafólks í Sjanghæ og Singapúr.

- ibs




Tillaga sjálfstæðismanna í skóla- og frístundaráði:

## Leynd verði aflétt af niðurstöðum PISA

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, vill að leynd verði aflétt af niðurstöðum PISA-könnunarinnar.

Kjartan segir niðurstöðurnar á margan hátt merkilegar og að þær eigi ekki að vera einkamál kerfiskarlanna. Foreldrar og aðrir geti einnig dregið af þeim margvíslegan lærdóm.

Í tillögu sem Kjartan lagði fram fyrir hönd sjálfstæðismanna á fundi skóla- og frístundaráðs í síðustu viku, en var ekki afgreidd, segir meðal annars:

„Sundurgreindar upplýsingar um árangur hvers skóla í lesskilningi, náttúrufræðilæsi og stærðfræðilæsi, verði sendar viðkomandi skólastjórnendum, skólaráði og stjórn foreldrafélags í því skyni að hvetja til upplýstrar umræðu um kennsluhætti og námsárangur.“

Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri Háteigsskóla, er þessu ósammála.

„Ég hef látið í ljós þá skoðun mína í bréfi til yfirvalda. Við vitum að börn í ákveðnum skólum, þar sem félagsleg staða foreldra er verri en annars staðar, munu alltaf standa verr,“ segir Ásgeir. „Kerfiskarlarnir þurfa að vita það og beita sér í umbótum fyrir þessa ákveðnu skóla. Það væri sorglegt að birta slíkan samanburð.“



**Við vitum að börn í ákveðnum skólum, þar sem félagsleg staða foreldra er verri en annars staðar, munu alltaf standa verr.**

*Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla.*

Ásgeir bendir á að unnt eigi að vera að finna leiðir til að birta opinberlega mat á einstökum skólum miðað við þær væntingar sem hægt er að gera til þeirra. „Öðruvísi samanburður þjónar engum tilgangi.“

Að sögn Ásgeirs eru til samanburðarupplýsingar um skólana, sem segi heilmikið um gæði þeirra, á vef skóla- og frístundasviðs.

- ibs

# 25 ára

Kringlukráin verður 25 ára á
**sjálfan bjórdaginn,**
laugardaginn 1. mars

Af því tilefni bjóðum við **bjór á**
**25 ára gömlu verði**

**25%** afsláttur af vinsælustu réttum
okkar í gegnum tíðina

Gestir okkar fá **frítt** á afmælisdansleik!
**Deilarbungubræður**
halda uppi fjörinu frá 22.30

Egils Gull **í boði** hússins
milli kl. 22 og 23



Komdu og fagnaðu
með okkur!



Kringlu Kráin
Stofnuð
1. mars 1989
1989 2014

Gull

# Við lækkum



## MacBook Air

11"- 1,3GHz /i5/4GB/128GB
**Verð: 169.990.-** *Vöru nr. Z0NX*
Verð áður: 189.990.-

11"- 1,3GHz /i5/4GB/256GB
**Verð: 199.990.-** *Vöru nr. Z0NY*
Verð áður: 239.990.-

13"- 1,3GHz /i5/4GB/128GB
**Verð: 199.990.-** *Vöru nr. Z0NZ*
Verð áður: 219.990.-

13"- 1,3GHz /i5/4GB/256GB
**Verð: 239.990.-** *Vöru nr. Z0P0*
Verð áður: 259.990.-



Allt að
12 klst
Rafhlöðuending






## iPad

iPad mini Retina Wi-Fi
**Verð frá: 69.990.-**
Verð áður: 74.990.-

iPad mini Retina Wi-Fi + 4G
**Verð frá: 89.990.-**
Verð áður frá: 99.990.-

iPad Air Wi-Fi
**Verð frá: 84.990.-**
Verð áður frá: 89.990.-

iPad Air Wi-Fi + 4G
**Verð frá: 109.990.-**
Verð áður frá: 124.990.-

# verðið til þín



## MacBook Pro Retina

13" - 2,4GHz /i5/4GB/128GB
**Verð: 239.990.-** *Vöru nr. Z0QA*
Verð áður: 249.990.-

13" - 2,4GHz /i5/8GB/256GB
**Verð: 279.990.-** *Vöru nr. Z0QB*
Verð áður: 289.990.-

13" - 2,6GHz /i5/8GB/512GB
**Verð: 329.990.-** *Vöru nr. Z0QC*
Verð áður: 349.990.-

15" - 2,0GHz /i7/8GB/256GB
**Verð: 349.990.-** *Vöru nr. Z0PT*
Verð áður: 379.990.-

15" - 2,3GHz /i7/16GB/512GB
**Verð: 469.990.-** *Vöru nr. Z0PU*
Verð áður: 489.990.-



## MacBook Pro 13"

13" - 2,5GHz/i5/4GB/500GB
**Verð: 199.990.-** *Vöru nr. Z0MT*
Verð áður: 219.990.-



## iMac 27"

3,2GHz Quad-Core/i5/8GB/1TB/1GB skjákort
**Verð: 319.990.-** *Vöru nr. Z0PF*
Verð áður: 349.990.-

3,4GHz Quad-Core/i5/8GB/1TB/2GB skjákort
**Verð: 369.990.-** *Vöru nr. Z0PG*
Verð áður: 399.990.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300

Hækkar úr 14 krónum í 15:

# Skilagjald hækkar í mars

Hinn 1. mars næstkomandi hækkar skilagjald drykkjarumbúða úr 14 krónum í 15 krónur á hverjar umbúðir. Þetta mun þýða einnar krónu hækkun á drykkjum í skilakerfi, en Endurvinnslan bendir á í tilkynningu að þessi hækkun sé tilkomin vegna skilagjalds sem fæst endurgreitt, ekki er um almenna hækkun að ræða frá framleiðendum og innflytjendum.

Á árinu 2013 voru bestu skil á drykkjarumbúðum sem mælst hafa hér á landi eða um 90%. - fbj

**NEYTANDINN** Gunnar Sigurðarson stjórnsýslufræðingur

# Brúnsanseruð Gefjunarföt

Gunnar Sigurðarson stjórnsýslufræðingur segir að bestu kaupin sem hann hafi gert séu brúnsanseruð Gefjunarjakkaföt frá Rauða krossinum sem hann keypti um aldamótin.

„Ég held þau hafi verið á 1.500 krónur, jakkaföt og vesti í stíl. Það er eins og ég hafi keypt mér handofin kasmírullarföt. Maður gæti rennt sér niður Esjuna á þessu,“ segir Gunnar og bætir við að hann noti þau einungis við hátíðleg tilefni.

„Þessi jakkaföt eru rosamóðins í dag en þau voru alveg rosalega skrítin um aldamótin,“ segir hann. „Ég er svo furðulega hannaður af guði, ég er með langar lappir og stuttan búk, rosagrannur en samt „þ-aður“. Það hefur einhver gamall maður verið nákvæmlega eins og ég í vextinum því þau smullu á mig.“

Verstu kaupin eru að mati Gunnars „Ólsarablá“ snjóþota sem hann keypti handa stráknum sínum síðasta vetur. „Það var ein buna og þá brotnaði hún. Ég var ofan á með honum en ég er ekkert rosalega burðugur,“ segir hann. „Þarna fór einhver 2.500 kall í vaskinn. Ég ætlaði að gera góðan „díl“ en ég hefði alveg eins getað sleppt því að kaupa hana.“ - fb



**GUNNAR SIGURÐARSON** Segir að jakkafötin hafi verið rosalega skrítin um aldamótin.

## Fleiri sem sauma eigin búninga



**ÓLÖF BJÖRK BJÖRNSDÓTTIR** Eigandi verslunarinnar Twill. MYND/ÚR EINKASAFNI

Oft getur verið ódýrara að sauma grímubúninga en kaupa þá. Búningagerð hefur aukist á undanförnum árum að sögn Ólafar Bjarkar Björnsdóttur, eiganda vefnaðarvöruverslunarinnar Twill.

„Viðskiptavinir okkar hafa keypt mikið hjá okkur í hafmeyjubúninga, Turtles og alls konar og það er hægt að fá efni í búninga frá 890 krónum til 2.500,“ segir Ólöf.

„Það er gaman að því hvað börn eru oft með sjálfstæðar og skemmtilegar hugmyndir sem gera það að verkum að foreldrarnir koma hingað og velja efni þegar búningarnir eru ekki til í búðunum.“


**Lokað fyrir hádegi fimmtudaginn 27. febrúar á Laugavegi 166**

**Aðrar starfsstöðvar RSK eru lokaðar allan daginn**

Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda.

Athygli er vakin á að á **skattur.is** er boðið upp á sjálfsafgreiðslu og á **rsk.is** er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um skattamál.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

**Niðurföll og ofnar í baðherbergið** EVIDRAIN










*Mikið úrval – margar stærðir*

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

Reykjavík
Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is




**SKRAUTLEGIR** Það styttist í öskudaginn með tilheyrandi búningum, grímum og andlitsmálningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ódýrustu búningarnir kosta um þúsundkall

Hægt er að fá grímubúninga fyrir börn frá 990 krónum og upp í tíu þúsund. Ódýrustu vörurnar geta verið nokkurra ára gamlar. Nýir búningar geta kostað undir tvö þúsund krónum. Það er oftast ódýrara að kaupa búninga en leigja þá.

Grímubúningar fyrir börn kosta frá um eitt þúsund krónum og upp í tíu þúsund, samkvæmt athugun Fréttablaðsins á verði búninga í nokkrum verslunum. Ódýrustu vörurnar geta verið nokkurra ára gamlar en hægt er að kaupa nýjar á undir tvö þúsund krónum. Í flestum tilvikum er ódýrara að kaupa búninga en leigja þá.

Partýbúðin selur ódýrustu búningana, samkvæmt athugun blaðsins, á 990 krónur.

„Það eru eldri búningar sem eru búnir að vera hjá okkur í einhvern tíma og við bjóðum þá sem valmöguleika fyrir fólk,“ segir Jón Gunnar Bergs, eigandi verslunarinnar, og bætir því við að flestir búningarnir kosti frá 2.990 krónum til 4.990.

„Flestir búningarnir eru bara í einni stærð og miðast þá við þann aldurshóp sem þeir ættu að höfða til,“ segir Jón Gunnar.

Einar Arnarsson, eigandi verslunarinnar Hókus Pókus á Laugavegi, selur búninga frá um tvö þúsund krónum og upp í tíu þúsund.

„Ég myndi segja að flestir búningarnir séu að fara á bilinu tvö til sex þúsund og svo er oft aukakostnaður ef fólk vill bæta við hárkollum eða öðrum fylgihlutum. Vinsælasti búningurinn hjá stelpum heitir Monster High og hjá strákunum er þetta voða blandað. Þeir vilja vera ninjur, Batman eða Súperman,“ segir Einar.

Í Hagkaup er hægt að fá búninga frá 1.699 krónum til 4.990.

„Monster High eru vinsælastir og svo eru Íþróttaálfurinn og Latibær alltaf vinsæl á meðal yngri krakkanna. En verðið hjá okkur hefur ekki hækkað milli ára,“ segir Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaups.

Þeir sem eru í grímubúningaleit geta einnig haft samband við búningaleigur. Auður Þórisdóttir, kjólameistari og eigandi Saumsprettunnar, leigir barnabúninga á átta þúsund krónur en endurgreiðir viðskiptavinum fjögur þúsund þegar búningunum er skilað.

„Flestir sem koma hingað eru að leita sér að búningum fyrir sérstök tilefni eins og partí og afmæli en ekki fyrir öskudaginn enda kostar í rauninni meira að leigja grímubúninga en kaupa,“ segir Auður. - hag

Um 150 snjallsímaeigendur hafa sótt námskeið Símans það sem af er ári:

# Fleiri fara á snjallsímanámskeið

Um 150 manns hafa sótt átta snjallsímanámskeið Símans það sem af er ári. Þar af hafa 79 farið á námskeið þar sem kennt er á síma með Android-stýrikerfinu og 68 á námskeið fyrir notendur iPhone. Tæplega 440 manns mættu á 35 námskeið allt árið í fyrra.

„Á námskeiðunum er farið yfir stýrikerfin og uppbyggingu símanna og svo er verið að svara spurningum,“ segir Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans.

Android-námskeiðin hafa að hennar sögn hingað til verið langtum vinsælli.

„Í fyrra komu 337 á Android-námskeið en hundrað á iPhone. Hins vegar hafa aðeins ellefu færri mætt á iPhone-námskeiðin en Android það sem af er ári,“ segir Gunnhildur og bætir því við að námskeiðin séu haldin í verslun fyrirtækisins í Ármúla.

„Fólk á öllum aldri sækir námskeiðin. Flest er það frá fimmtugu; fólk sem vill að sjálfsögðu vera sítengt og með puttann á púlsinum á því sem er að gerast.“ - hg



**SNJALLSÍMAR** Snjallsímum fjölgaði um 50 prósent frá upphafi til loka árs 2013, samkvæmt tölum Símans. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**STJÓRNLAGADÓMARAR** Þýskar kosningareglur hafa mismunað flokkum í Evrópuþingkosningum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómarar í Þýskalandi:

## Smærri flokkar fá tækifæri

**ÞÝSKALAND, AP** Stjórnlagadómstóll Þýskalands hefur ógilt þá reglu að flokkar í framboði til Evrópuþingsins þurfi að fá að minnsta kosti þrjú prósent atkvæða til að ná þingsætum.

Þar með aukast verulega möguleikar minni flokka í Þýskalandi, svo sem Pírata og hægri þjóðernissinna, á því að koma fulltrúum sínum á Evrópuþingið.

Í þingkosningum í Þýskalandi þurfa flokkar að fá þrjú prósent atkvæða til að komast á þjóðþingið, en dómstóllinn segir þessa reglu mismuna þýskum flokkum þegar kosið er til Evrópuþingsins.

- gb

Álit utanríkismálanefndar:

## Ráðherra styðji Vestur-Sahara

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkismálanefnd Alþingis mælir með því, í nýútgefnu nefndaráliti, að þingsályktunartillaga um stuðning við sjálfsákvörðunarrétt íbúa Vestur-Sahara verði samþykkt.

Í henni felst bæði staðfesting á fyrri afstöðu Íslands að sjálfsákvörðunarréttur íbúa Vestur-Sahara verði virtur og hvatning til utanríkisráðherra um að beita sér með virkum hætti á alþjóðavettvangi fyrir þeirri stefnu.

Vestur-Sahara var innlimað af Marokkó fyrir rúmum 30 árum. Þó hafa vestræn ríki, og þar með talið Ísland, hvorki viðurkennt sjálfstæði Vestur-Sahara né innlimun Marokkó.

- þj



**JÖRG HAIDER** Þjóðernissinnar vonast til þess að framboð dóttur hans auki fylgið. NORDICPHOTOS/AFP

Dóttir Jörgs Haider:

## Býður sig fram til Evrópuþings

**AUSTURRÍKI, AP** Ulrike Haider-Quercia verður í fyrsta sæti flokks austurrískra þjóðernissinna í kosningum til Evrópuþingsins í vor.

Flokkurinn heitir Bandalag um framtíð Austurríkis og var stofnaður árið 2005 af föður hennar, Jörg Haider, sem lést árið 2008. Hann var um skeið í forystuveit austurríska Frelsisflokksins og var þekktur fyrir hægri popúlisma og þjóðernisdekur.

Nýi flokkurinn komst inn á þing árið 2009, stuttu eftir lát Haiders, en mælist með sáralítið fylgi núna.

- gb

Innbyrðis ágreiningur meðal andstæðinga Janúkovítsj hefur flækt stjórnarmyndun í Úkraínu:

# Átök milli mótmælenda á Krímskaga

**ÚKRAÍNA, AP** Átök brutust út milli andstæðra fylkinga mótmælenda á Krímskaga í Úkraínu í gær.

Meirihluti íbúanna þar hallast að nánara sambandi við Rússland. Þeir studdu því Viktor Janúkovítsj forseta og efndu til mótmæla í gær gegn bráðabirgðaforsetanum, fulltrúa þeirra sem steyptu Janúkovítsj af stóli. Aðrir íbúar Krímskaga eru hins vegar hæstánægðir með að búa í sjálfstæðri Úkraínu og komu saman til að lýsa yfir stuðningi við hina nýju stjórn, sem væntanlega verður kynnt í dag.

Stjórnarmyndunartilraunir hafa þó gengið brösuglega, þar sem engan veginn er samhljómur meðal þeirra ólíku hópa sem tóku þátt í mótmælunum gegn Janúkovítsj.

Upphaflega átti að kynna nýju stjórnina á þriðjudag, en stefnt er að því að stefna hennar og ráðherralisti liggi fyrir í dag.

Rússar hafa svo enn aukið á spennuna með því að efna til heræfinga í vestanverðu Rússlandi. Þær hefjast á morgun og standa í fjóra daga. Um 150 þúsund hermenn taka þátt í þeim og notaðir verða 880 skriðdrekar, 90 herþotur og 80 herskip.

Með heræfingunum sýna Rússar fram á ótvíræða getu sína til að grípa inn í, líki þeim ekki þróun mála í Úkraínu.

- gb



**HINNA LÁTNU MINNST** Á Maidan-torginu í Kænugarði hélt fólk á ljósmyndum af látnum ástvinum sínum, sem höfðu tekið þátt í mótmælum þar. NORDICPHOTOS/AFP


FRAMTÍÐ IÐNNÁMS

Stytting framhaldsskólans, vinnustaðanám og fagháskóli

Menntaþing SAMIÐNAR verður haldið föstudaginn 28. febrúar 2014 á Grand Hóteli Reykjavík

KL. 13.00 SETNING

Hvernig gerum við iðnnámið samkeppnishæft við bók námið og hvaða áhrif hefur stytting framhaldsskólans á iðnnám?
*Illugi Gunnarsson,* mennta-og menningarmálaráðherra


KL. 13.30 UM STYTTINGU IÐN- OG VERKNÁMS

Hvernig munu skólar bregðast við styttingaráformum? Hvaða áhrif hefur stytting náms til stúdentsprófs á lengd iðnnáms? Iðnnám og framhaldsskólapróf.
*Ingi Bogi Bogason,* aðstoðarskólameistari Borgarholtsskóla


Fyrirspurnir og viðbrögð

KL. 14.00 VINNUSTAÐANÁM / STARFSÞJÁLFUN

Er starfsþjálfun á vinnustað nauðsynleg? Hvernig er vinnustaðanámi háttað í Hollandi og Finnlandi.
*Ólafur Ástgeirsson,* sviðsstjóri bygginga- og mannvirkjasviðs IÐUNNAR Fræðsluseturs


Er það samfélagskylda fyrir tækjanna að taka nema í starfsþjálfun?
*Dagmar Viðarsdóttir,* starfsmannastjóri ÍAV


Skóli sem vinnustaður, vinnustaður sem skóli.
*Baldur Gíslason,* skólameistari Tækniskólans,


Fyrirspurnir og viðbrögð

KL. 15.00 FRAMHALDSMENNTUN IÐNAÐARMANNA

Er þörf á sérstökum fagháskóla?
*Hilmar Harðarson,* formaður Samiðnar


Nám við HR í framhaldi af iðnnámi, hvernig mætum við þörfum iðnaðarmanna og atvinnulífsins.
Dr.Ing. *Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir,* forseti tækni- og verkfræðideildar hjá HR


Hvernig menntun þarf atvinnulífið?
*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir* forstöðumaður mennta- og nýsköpunarsviðs SA.


Fyrirspurnir og viðbrögð

KL. 16.15 SAMANTEKT
*Dr. Elsa Eiríksdóttir*
Lektor í verk- og starfsmenntun við Menntavísindasvið HÍ


KL. 16.30 RÁÐSTEFNUSLIT


Ráðstefnustjóri:
*Edda Jóhannesdóttir* náms- og starfsráðgjafi hjá IÐUNNI Fræðslusetri

MENNTAÞINGIÐ ER ÖLLUM OPIÐ

Samiðn
SAMBAND IÐNFÉLAGA

# Hagnaður Vodafone tvöfaldast frá 2012

Fjarskipti birtu ársreikning sinn fyrir rekstrarárið 2013 í gær. Forstjórinn segir reksturinn hafa gengið mjög vel á síðasta ársfjórðungi og að allir mælikvarðar sýni góðan árangur. Fyrirtækið standi sterkara eftir tíðindamikið ár.

Hagnaður Fjarskipta, móðurfélags Vodafone, eftir skatta á síðasta ári nam 847 milljónum króna. Hagnaður Vodafone er því 112% meiri en á árinu 2012, þegar hann var 400 milljónir. Hagnaður fjórða ársfjórðungs nam 201 milljón.

Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone, segir að afkoma ársins 2013 hafi í heild verið góð og í takt við útgefnar horfur. „Við höfðum gert ráð fyrir talsverðum sveiflum milli ársfjórðunga og það varð raunin. Niðurstaða ársins er því vel ásættanleg. Framlegð hækkaði um 4% frá fyrra ári, EBITDA hækkaði um 8% og hagnaður ársins hækkaði um 112%,“ segir Ómar í tilkynningu til Kauphallarinnar.

Eins og kunnugt er var brotist inn á heimasíðu félagsins í lok nóvember á síðasta ári. Ómar segir það hafa verið mikla ágjöf en gripið hafi verið til margvíslegra aðgerða sem allar miði að því að styrkja félagið og koma í veg fyrir að atburðir af því tagi endurtaki sig.

„Við höfum einnig lagt okkur fram um að miðla af reynslunni, svo okkar reynsla nýtist samfélaginu öllu á tímum alþjóðlegrar netvár. Við stöndum sterkari eftir tíðindamikið ár og hlökkum til að takast á við árið sem er fram undan með þá reynslu í farteskinu,“ segir Ómar enn fremur.



**INNBROTIÐ ÁGJÖF** Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone, segir fyrirtækið vilja miðla af reynslu sinni á tímum alþjóðlegrar netvár. FRÉTTABLAÐIÐ/EGGERT

Aðspurður um góða afkomu á síðasta ársfjórðungi segir Ómar: „Við höfum til lengri tíma unnið að því að styrkja stoðirnar undir fyrirtækinu, auka jafnvægi milli tekjustrauma og gera fyrirtækið sterkara. Það hefur tekist ágætlega og fyrir vikið getur félagið tekist á við áföll með betri hætti en annars væri. Það held ég að skýri niðurstöðuna.“

Jóhann Viðar Ívarsson, sérfræðingur hjá IFS greiningu, segir að félagið geti verið ánægt með þetta uppgjör. „Þetta er ekki uppgjör sem kemur okkur mikið á óvart en tekjurnar voru þó heldur meiri en við bjuggumst við og rekstrarkostnaður einnig. Félagið hefur verið í kastljósinu af neikvæðum ástæðum undanfarið og hefðu verið mikil frávik frá spám þá hefðu menn verið hræddir við að þau yrðu frekar neikvæð í rekstrinum en urðu jákvæð. Uppgjörið er hins vegar gott,“ segir Jóhann í samtali við Fréttablaðið. Hann segir þó rétt að nefna að þegar lekamálið kom upp voru ⅔ liðnir af fjórða ársfjórðungi þannig að óljóst sé hvort það muni hafa áhrif á reksturinn á þessu ári.

fanney@frettabladid.is




**SAMDRÁTTUR** Hagnaður N1 í fyrra var minni en ári áður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ársreikningur N1 2013:

## Hagnaður N1 dregst saman

Hagnaður N1 nam tæpum 638 milljónum króna árið 2013, samanborið við rúmlega 1.190 milljónir árið 2012 og er því um talsverðan samdrátt að ræða milli ára. Tekjur voru 58.122 milljónir króna samanborið við 60.061 milljón árið 2012. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir nam 1.783 milljónum en var 2.650 milljónir árið 2012. Bókfært verð eigna N1 um síðustu áramót nam 26.798 milljónum króna samanborið við 27.769 milljónir í árslok 2012.

Lækkunina má aðallega rekja til minni birgða og lægri stöðu viðskiptakrafna, segir í uppgjöri N1. - fbj

**VINNUMARKAÐUR**

### Atvinnuleysi jókst um 1%

Atvinnuleysi í janúar var 6,8 prósent samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Að jafnaði voru 181.700 manns á vinnumarkaði. 169.300 þeirra voru starfandi og 12.300 án vinnu og í atvinnuleit. Atvinnuþátttaka var 79,3 prósent og hlutfall starfandi 73,9 prósent. Hlutfall atvinnulausra jókst um eitt prósentustig á milli ára. - skó

TM birtir ársuppgjör 2013:

## Minni hagnaður hjá TM

Hagnaður tryggingafélagsins TM nam 2.078 milljónum króna á síðasta ári sem er 560 milljónum krónum minni hagnaður en árið 2012 þegar hagnaðurinn nam 2.638 milljónum króna. Þá nam framlegð af vátryggingastarfsemi 547 milljónum króna. Hún var 890 milljónir árið 2012. Fjárfestingatekjur voru 2.094 milljónir króna sem er aðeins minna en árið 2012. Eigið fé TM var 12.308 milljónir króna í lok ársins 2013 og eiginfjárhlutfallið 40,3% borið saman við 37,3% undir lok árs 2012.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, segir í uppgjörstilkynningu að hagnaður fyrir skatta sé um 2% lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir vegna tveggja stórra skipatjóna á fjórða ársfjórðungi ásamt annars. - fbj

Keyptu notuð húsgögn:

## Ráðdeild Náttúruminjasafns

Náttúruminjasafn Íslands segir í kjölfar frétta Markaðarins í gær um dýrkeypta endurnýjun húsbúnaðar FME að ráðdeild fyrirfinnist í fjármálum ríkisstofnana. Safnið gerði kjarakaup í síðustu viku þegar það keypti notuð húsgögn á uppboði á vegum Ríkiskaupa.

Um var að ræða íslenska framleiðslu og voru húsgögnin keypt af Sérstökum saksóknara og Ríkislögreglustjóra og kostuðu 265.000 krónur. Húsbúnaðurinn mun nýtast til að innrétta þrjár skrifstofur auk bókastofu. - fbj


# Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. 2014

**Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 20. mars 2014 kl. 16.00 í sal H, 2. hæð, á Hótel Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.**

*Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi mál:*

1. *Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.*
2. *Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.*
3. *Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins.*
4. *Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.*
5. *Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins, annars vegar um nýtt ákvæði í 9. gr. er lýtur að heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum og hins vegar um að felld verði út ákvæði í 13. gr. er varða lágmarksmætingu á hluthafafundi.*
6. *Ákvörðun um þóknun til stjórnar.*
7. *Kosning stjórnar félagsins.*
8. *Önnur mál löglega fram borin.*

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð sem einnig skal vera dagsett. Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrirfram þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 8:30 til 16:30) til og með miðvikudeginum 19. mars 2014, en fyrir lokun skrifstofunnar þann dag skal einnig skila þangað sendum atkvæðaseðlum. Nánar fer um atkvæðagreiðsluna og gildi atkvæða samkvæmt henni eftir reglum félagsins um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar, settum af stjórn félagsins 18. desember 2013.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar skemmst fimm dögum fyrir hluthafafundinn. Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem stjórn félagsins lætur í té og unnt er að nálgast á vefsíðu félagsins (www.tm.is/fjarfestar). Í tilkynningunni skal veita greinargóðar upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru á eyðublaðinu, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykkta félagsins. Unnt er að senda félagsstjórninni útfyllta og undirritaða framboðstilkynningu fyrir lok framboðsfrests með tölvuskeyti á netfangið stjorn@tm.is.

Dagskrá aðalfundarins og tillögur sem fyrir hann verða lagðar, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu félagsins (www.tm.is/fjarfestar). Að auki mun ársreikningur (samstæðureikningur) félagsins, skýrsla stjórnar, skýrsla endurskoðenda og tillaga stjórnar um starfskjarastefnu liggja frammi á skrifstofu og á vef félagsins hluthöfum til sýnis hálfum mánuði fyrir fundinn.

Eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund verða birtar á vefsíðu félagsins upplýsingar um framboð til stjórnar.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst og fengið fundargögn afhent.

*Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.*

**Tryggingamiðstöðin** . Síðumúla 24 . Sími 515 2000 . tm@tm.is . tm.is

# 12 TONN
# FISKFARS

## 399 kr.kg





**TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í DAG**

**FRÍTT RÚGBRAUÐ FRÁ HP SELFOSSI EF KEYPT ERU 5 KG**

### Athugið!

Bolludagurinn er næstkomandi mánudag.

Hrikalega gott og hollt. Gott er að móta fiskibollur með matskeið og steikja á meðalhita á pönnu uppúr olíu eða smjörlíki. Fiskibollurnar má svo frysta. Þegar fiskibollur eru matreiddar úr frosti, þá má setja þær frosnar inní ofn, á 150 gráður í 25 mín. Bragðast eins og nýjar.

Í fiskfarsinu eru engin egg, né mjólk. 100% nýr og ferskur fiskur er notaður í fiskfarsið, enda getur Fiskikóngurinn ekki státað af öðru nema góðu hráefni.

Við mælum með brúnni lauksósu með fiskibollum, eða remúlaði eins og frændur okkar danir gera:))

## 80 kr máltíðin

Allir sem kaupa 5 kg fá gefins glænýtt rúgbrauð frá HP Selfossi. Ath 5 kg kosta aðeins 1.995 kr og duga fyrir 25 manns í matinn. Sem gerir 80 kr á máltíðina.

**Það gerist varla ódýrara.**

**SÍÐAST SELDIST FISKFARSIÐ UPP**

**OPNUM KLUKKAN 8:00**

# Fiskikóngurinn

Höfðabakka 1
Sogavegi 3

www.fiskikongurinn.is

Finndu Fiskikónginn á f

Evrópusinnar koma ekki aftur til Sjálfstæðisflokksins:

# Sérhagsmunamatið

Sjálfstæðisflokkurinn býr sig nú undir að stíga lokaskrefið í átt að markmiðinu um að festast í rúmlega fjórðungsfylgi. Með þeirri stefnu að neita þjóðinni um að greiða atkvæði um aðildarsamning við Evrópusambandið – og nú með því að svíkja kosningaloforðið um að þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald aðildarviðræðna yrði haldin á kjörtímabilinu – hefur forysta flokksins fælt frá honum stóran hóp kjósenda. Það er fólk sem telur að Ísland eigi heima í ESB – eða hefur jafnvel ekki gert upp hug sinn, en vill fá að sjá aðildarsamninginn og kjósa um hann.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Sjálfstæðisflokkurinn hefur sérstöðu meðal hófsamra hægriflokka í Evrópu, sem langflestir eru hlynntir ESB-aðild á forsendum frjálsra viðskipta og vestrænnar samvinnu. Flokkurinn vill ekki eiga heima í þeirra hópi; árið 2011 yfirgaf hann samtök þeirra, EPP, og þar með til dæmis norrænu íhaldsflokkana. Í staðinn gekk hann í AECR, samtök hægriflokka með efasemdir um Evrópusamstarfið, en þar eru brezki Íhaldsflokkurinn og ýmsir (aðallega smærri) flokkar sem sumir hafa heldur ógeðfellda stefnu, til dæmis í málum innflytjenda og samkynhneigðra.

Forystu flokksins hefur orðið tíðrætt um að afstaða hans sé byggð á mati á hagsmunum Íslands. Það mat virðist bæði þröngt og mótsagnakennt. Forysta Sjálfstæðisflokksins hlustar á hagsmunasamtök gömlu undirstöðuatvinnugreinanna, sjávarútvegs og landbúnaðar. Hún hlustar hins vegar ekki á heildarsamtök atvinnulífsins, SA eða Viðskiptaráð, og ekki heldur á ASÍ, en þessi þrenn samtök vilja öll ljúka aðildarviðræðunum við ESB.

Flokksforystan hlustar alls ekki á fulltrúa nýrra atvinnugreina sem byggja á þekkingu og hugviti og kalla eftir stöðugum gjaldmiðli og fjárfestingarumhverfi, sem fengist með inngöngu í ESB. Þó eru þetta vaxtarbroddar atvinnulífsins, sem með réttu ættu að skapa þjóðinni mest verðmæti í framtíðinni af því að þeir eru ekki háðir takmörkuðum náttúruauðlindum.

Forystan hlustar ekki einu sinni á þann part af landsfundarályktunum flokksins sem kveða á um að krónan geti ekki orðið framtíðargjaldmiðill Íslands og „kanna eigi til þrautar alla möguleika fyrir Ísland í gjaldmiðla- og gengismálum, þar með talið upptöku alþjóðlegrar myntar“. Þess í stað rýkur hún til og útilokar eina raunhæfa kostinn á öðrum gjaldmiðli en krónunni.

Matið virðist því fremur sérhagsmunamat en mat á heildarhagsmunum þjóðarinnar og hvernig Ísland haldi sem flestum möguleikum opnum. Það er breyting frá því sem einu sinni var.

Og þrátt fyrir allt talið um fullveldi, sættir forysta Sjálfstæðisflokksins sig glöð við þá fullveldisskerðingu sem felst í að fá stóran hluta löggjafar landsins sendan beint frá Brussel, án þess að þeir hafa nokkra möguleika á að hafa áhrif á hana.

Sumir hafa spáð klofningi Sjálfstæðisflokksins vegna væntanlegra slita á viðræðunum við ESB. Sá klofningur hefur í rauninni átt sér stað. Evrópusinnarnir voru flestir farnir annað. Nú er ljóst að þeir hafa ekki ástæðu til að koma nokkurn tímann aftur. Einhverjir til viðbótar munu svo fara sömu leið.

Það er heldur ekki líklegt að alveg á næstunni verði til nýr Evrópusinnaður mið-hægriflokkur eins og kjósendur eiga val um í flestum nágrannalöndum okkar. Til þess er of langt í næstu þingkosningar. Hitt er deginum ljósara að forysta Sjálfstæðisflokksins hefur búið til gott pláss fyrir slíkan flokk.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

**Ingigerður Guðmundsdóttir**
**Sjúkraþjálfari BSc**
Hefur hafið störf hjá
Sjúkraþjálfuninni í Mjódd.



**Fyrir vinna á stofunni:**
Héðinn Svavarsson
sjúkraþjálfari MT, BSc
Berglind Pétursdóttir
sjúkraþjálfari BSc
Jakobína Edda Sigurðardóttir
sjúkraþjálfari BSc

Við fögnum 21 árs starfsafmæli
í Mjóddinni og bjóðum Ingigerði
velkomna í hópinn.

SJÚKRAÞJÁLFUNIN
Í MJÓDD

Álfabakka 14, 109 Reykjavík
Tímapantanir í síma 587 0122
sjumjodd@simnet.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Helvítis dóni

Alþingismenn virðast vera að ná sögulegum lægðum í samskiptum hver við annan þessa dagana. Oft hefur landanum blöskrað sandkassaslagurinn sem á sér stað í ræðustól Alþingis en gærdagurinn hlýtur að hafa verið einhvers konar met. Meðal þess sem birtist okkur í þingsal í gær voru samskipti Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og Katrínar Júlíusdóttur, varaformanns Samfylkingarinnar, þar sem Katrín kallaði Bjarna helvítis dóna. Aðdragandinn var sá að Bjarni gekk upp að Katrínu, þar sem hún stóð í pontu í miðri ræðu, og lagði blað á ræðupúltið. Síðar þegar Bjarni fór í ræðustól náðu Katrín Júlíusdóttir og Svandís Svavarsdóttir fram hefndum með því að leggja blöð á ræðupúltið meðan á ræðu hans stóð. Já, þetta gerðist í alvöru.

### Kvenfyrirlitning

Dramatíkin á Alþingi er ekki þar með upp talin. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingkona Samfylkingarinnar, sakaði fjármálaráðherra síðar um kvenfyrirlitningu þegar hann bað Katrínu Júlíusdóttur að róa sig eftir að hún kallaði hann helvítis dóna. Sigríður sagði Bjarna hafa leyft sér það bragð, sem þekkt sé gagnvart konum, að segja við þær þegar þær séu ósáttar að róa sig. Það lýsi kvenfyrirlitningu og virðingarleysi fyrir almennum þingmönnum.





### Hroðbjóður

Katrín Júlíusdóttir tók einnig upp nýyrðasmíð í gær þegar hún lét út úr sér orðið hroðbjóður, sem mun líklegast vera í fyrsta sinn sem það er notað í ræðu þingmanns. Katrín sagði utanríkisráðherra eiga að sjá sóma sinn í að biðja þingheim afsökunar á þessum „hroðbjóði“ og átti þá við umdeilda þingsályktunartillögu hans þess efnis að draga skuli aðildarumsókn Íslands í ESB til baka. Mörður Árnason, flokksbróðir Katrínar í Samfylkingunni, sem einnig er íslenskufræðingur og höfundur slanguroðabókarinnar, sagði í samtali við Vísi í gær að líklegast væri orðið samsett úr orðunum hroðalegt og viðbjóður og sagði ummælin svolítið „Vigdísar Hauksdótturleg“.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Þjóðin á að ráða

EVRÓPUMÁL



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Tillaga ríkisstjórnarinnar um afturköllun aðildarviðræðna við ESB er óþörf og fer í bága við loforð beggja stjórnarflokka fyrir kosningar. Stjórnarflokkarnir gerðu sér fulla grein fyrir því í aðdraganda síðustu kosninga að þjóðin vildi ekki slíta aðildarviðræðum, þótt hún teldi þær ekki mikilvægasta kosningamálið. Þess vegna lögðu báðir stjórnarflokkarnir til að þjóðin myndi ákveða framhaldið. Hvorugur stjórnarflokkurinn nefndi nokkru sinni þann möguleika að þeir myndu slíta aðildarviðræðum, án þess að spyrja þjóðina.

Formanni Sjálfstæðisflokksins verður nú tíðrætt um þann „ómöguleika“ að ríkisstjórn fari að fyrirmælum þjóðar sinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þegar ljóst var að stjórnarflokkarnir myndu ná meirihluta á Alþingi var hann spurður í Fréttablaðinu, 24. apríl, um hvort ekki yrði erfitt fyrir flokka sem væru á móti aðild að stjórna lokaspretti aðildarviðræðna. Þá stóð ekki á svari: „Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að við eigum ekki að ganga í Evrópusambandið og greiddi atkvæði gegn umsókn,“ sagði hann. „En við höfum haft það sem hluta af okkar stefnu að opna fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu til að útkljá þetta mál og við munum standa við það.“

**➜ Sumir halda nú í það hálmstrá að þar sem aðildarumsókn var ekki borin undir þjóðaratkvæði sé á einhvern hátt réttlætanlegt að taka af þjóðinni réttinn til að ákveða um framhaldið nú. Það er alröng ályktun.**

Sumir halda nú í það hálmstrá að þar sem aðildarumsókn var ekki borin undir þjóðaratkvæði sé á einhvern hátt réttlætanlegt að taka af þjóðinni réttinn til að ákveða um framhaldið nú. Það er alröng ályktun.

Stefna síðustu ríkisstjórnar var að ljúka viðræðum og bera endanlegan samning undir þjóðina. Sú stefna byggðist á sömu aðferðafræði og Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson lögðu til í árslok 2008, þegar þeir lögðu til umsókn um aðild að ESB. Kosningaloforð núverandi stjórnarflokka var að bera áframhald viðræðna undir þjóðina. Hvor tveggja leiðin gengur lýðræðislega upp.

Ákvörðun núverandi ríkisstjórnar er allt annars eðlis. Hún felst í að slíta viðræðum án alls samráðs við þjóðina og meina kjósendum að taka ákvörðun sem allir flokkar hafa hingað til lofað að þeir fái að taka.

# Hver er skelfingin?

EVRÓPUMÁL



Gauti Kristmannsson
prófessor við HÍ

Andstæðingar ESB-umsóknarinnar hafa gripið til margra þversagnarkenndra raka að mínum dómi sem mig langar að fara örstutt yfir.

Fyrstu rökin eru þau um fullveldið. Nú er það þannig að Íslendingar gerðust aðilar að EES árið 1994. Ég var þá andvígur því á grundvelli þess sem Guðmundur Eiríksson lögfræðingur benti á með sannfærandi hætti að í EES-samningnum fælist fullveldisframsal. Á þeim tíma höfðu reyndar önnur EFTA-ríki á borð við Svíþjóð, Finnland, Noreg og Austurríki einnig gert þennan samning svo maður velti fyrir sér hvað slíkt framsal fæli í sér.

Staðreyndin er sú að EES-samningurinn var aldrei hugsaður til frambúðar. Hann var „biðstofa“ meðan ríkin gætu „lagað sig að“ þeim kröfum sem einn sameiginlegur markaður gerði til þátttakenda þannig að réttindi manna væru sem jöfnust. Enda fóru þessi ríki nema Noregur og við inn í ESB og hafa þau miklu meiri áhrif á löggjöf sambandsins en á meðan þau voru í EES. Þau hafa því öðlast hluta þess fullveldis sem þau fórnuðu fyrir biðtímann í EES. Við stöndum hins vegar fyrir utan og þiggjum lög og reglur án þess að geta haft áhrif. Fullveldisrökin standa því annaðhvort til þess að ganga úr EES eða inn í ESB. Óbreytt ástand samræmist þeim ekki.

Norðmenn höfnuðu sínum aðildarsamningi árið 1994 og hafði það afdrifaríkar afleiðingar fyrir Íslendinga. Góðvinur minn og andstæðingur ESB sagði þá sigri hrósandi: „Norðmenn kusu fyrir okkur,“ og þá velti ég fyrir mér hvaða fullveldi þetta væri eiginlega þegar önnur þjóð gæti í reynd ákveðið stefnu okkar. Það var nefnilega alveg rétt ályktað að við hefðum fylgt Norðmönnum inn og þá með stuðningi sjávarútvegsins. Ég áttaði mig líka þá á því að landhelgin okkar fræga var ekki byggð á neinum náttúrurétti, heldur hafði hún fengist í gegnum baráttu og samninga íslenska ríkisins í alþjóðasamstarfi. Við öðluðumst sem sagt aukinn rétt yfir miklu hafsvæði og auðlindum í krafti þess að við vorum þátttakendur í alþjóðasamstarfi. Þessi réttur hefði aldrei fengist með öðrum hætti.

**Harmsagan**

Harmsagan er síðan sú að stærsta auðlindin sem við þetta vannst, fiskurinn í sjónum, var einkavædd fyrir ekki neitt og gengur síðan kaupum og sölum og hafa ófá byggðarlög verið svipt helstu atvinnutækifærum sínum þess vegna. Við fengum sem sagt vald yfir auðlindum gegnum hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og glötuðum því í hendur örfárra einstaklinga. Eftir stendur aðeins valdið að ákveða heildarkvótann.

Önnur rök eru þau að ekki sé hægt að „kíkja í pakkann“. Það er sérkennilegt í ljósi þess að fram fara langar og strangar samningaviðræður. Þær hefjast á svokölluðum rýniviðræðum þar sem lög og reglur lands og ESB er borin saman og helstu hagsmunir beggja aðila greindir. Síðan er samið um það sem út af stendur og hafa mörg dæmi verið færð fyrir því að tekið er tillit til sérhagsmuna þjóða, sumarhús í Danmörku, fiskveiðar í kringum Möltu, landbúnaður á norðurslóðum og margt fleira.

**➜ Staðreyndin er sú að EES-samningurinn var aldrei hugsaður til frambúðar. Hann var „biðstofa“...**

En séu þessi rök andstæðinga ESB-umsóknar tekin til greina þá hlýtur maður að spyrja, hver er þá skelfingin við að fá samninginn kláraðan og greiða um hann atkvæði? Forystumenn stjórnmálaflokkanna hafa flestir, ef ekki allir, sagt að þeir myndu hafna samningi sem væri óhagstæður Íslendingum í sjávarútvegsmálum. Sé ekki hægt að kíkja í pakkann og „samningur“ feli í sér einungis „aðlögun“ þá er ljóst að þing og þjóð hafna slíkum samningi og málinu er lokið um langan aldur. Það standa því öll rök til þess að ljúka viðræðum og afgreiða málið. Ég spyr aftur, hver er skelfingin?

# Opið bréf vegna RIFF

MENNING



Dimitri Eipides
fv. dagskrárstjóri RIFF

Kæra borgarstjórn.

Það olli mér miklum vonbrigðum og eftirsjá að frétta að borgarstjórn Reykjavíkur hefði ákveðið að hætta stuðningi sínum við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík.

Ég starfaði sem dagskrárstjóri RIFF frá 2005 til 2010 og frá upphafi voru markmið mín skýr. Ástæða þess að ég ákvað að taka þátt í þessu verkefni var sú að mér fannst Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík vettvangur til að koma á fót viðburði sem gæti leikið lykilhlutverk í að kynna kvikmyndagerð í hæsta gæðaflokki víðsvegar að úr heiminum og auðga þannig kvikmyndamenningu Reykjavíkurborgar. Á þessum árum varð ég mér til mikillar ánægju vitni að því hvernig áhorfendafjöldi jókst og hvernig áhorfendur jafnt sem erlendir fagaðilar notuðu hátíðina á skapandi og gefandi hátt, ekki síst til að gagnast innlendum kvikmyndaiðnaði og framleiðslu.

Það að byggja upp kvikmyndahátíð kallar á mikla fagþekkingu, vinnu og áhuga. Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, sem verður haldin í 11. sinn á þessu ári, hefur orðið að viðurkenndri hátíð alþjóðlega og hefur tekið á móti virtum kvikmyndagerðarmönnum og fagfólki frá öllum heimshornum. Hún hefur hlotið mikið lof alþjóðlegra gesta og fjölmiðla. Án nokkurs vafa eru tækifæri hennar til að þróast áfram og stækka augljós, að því gefnu að ekki séu gerðar tilraunir til að draga úr möguleikum hennar með því að stofna aðra viðburði henni til höfuðs. Það er afar sorglegt að svo merkur áfangi skuli steyta á hindrunum sem ógna framtíð hennar.

Ég vona innilega að borgarstjórn Reykjavíkur muni endurskoða ákvörðun sína og finna lausn sem muni tryggja framtíð hátíðarinnar. Það er trú mín að áframhaldandi stuðningur borgarstjórnar við kvikmyndagerðarlistina og þær stofnanir sem sýnt hafa mikinn árangur á þessu sviði sé skynsamlegasti valkosturinn.





NÝTT
geymist í fjórar vikur eftir opnun




Sacla skvísu pestó
með basilíku eða með tómötum

Sacla klassískt pestó með basilíku eða tómötum er nú fáanlegt í handhægum skvísum sem auðvelt er að nota og geymist í allt að fjórar vikur eftir opnun. Fullkomið með pizzu, pasta, fiski, kjúklingi eða salati.

Prófaðu eina, prófaðu tvær, prófaðu þrjár...



SACLA ITALIA

Fáðu girnilegar uppskriftir á www.sacla.is
Finndu okkur á Facebook.

# Opið bréf til bæjarfulltrúa í Kópavogi

MENNING



**Sigrún Hallgrímsdóttir**
foreldri í Kópavogi og í stjórn foreldrafélags SK

Það er fiðringur í maganum og spenna í loftinu. Þau hafa ekki farið í áheyrnarprufu áður. Þau eru líka bara níu ára. Þau halda öll að næsta haust fari þau að læra á hljóðfæri hjá sveitinni. Þessi níu ára börn vita ekki að það eru yfirgnæfandi líkur á að brátt fái þau fyrstu höfnunina. Síðasta vor varð Skólahljómsveit Kópavogs að hafna 80% umsókna í hljómsveitina. Fjögur börn af hverjum fimm fá ekki tækifæri til að taka þátt í því frábæra starfi sem unnið er hjá hljómsveitinni.

Skólahljómsveit Kópavogs var stofnuð árið 1966, en afmælisdagurinn miðast við fyrstu tónleika sveitarinnar 22. febrúar 1967. Hún er eini tónlistarskólinn í Kópavogi sem er stofnaður af bænum og á forræði hans. Hljómsveitin er eitt flaggskipa Kópavogsbæjar, enda er hún þekkt fyrir að vera sérlega góð. Fyrir bæjarfélagið er hún því vörumerki, á sama hátt og íþróttafélögin Breiðablik og HK og fimleikafélagið Gerpla, sem mikilvægt er að hlúa að.

Skólahljómsveit Kópavogs kemur fram á um 90 viðburðum á ári, m.a. á mörgum viðburðum hjá Kópavogsbæ. Hljómsveitin spilar í skrúðgöngu bæjarins 17. júní og á vorhátíðum og aðventu í leikskólum og grunnskólum bæjarins. Mikil vinna og skipulagning liggur í því að koma fram fyrir hönd bæjarins, enda hefur metnaður ávallt verið í fyrirrúmi þegar hljómsveitin kemur fram. Hljómsveitin er stolt af bænum sínum og skorast ekki undan því að spila fyrir hönd bæjarins.

### Sigraði þrjú ár í röð

Hljómsveitin hefur spilað í óperuuppfærslum, fyrir Frostrósartónleika og á tónlistarhátíðum eins og Tectonics enda veit tónlistarfólk að hljómsveitin stendur undir merki sínu. Hljómsveitin náði þeim einstaka árangri síðastliðið vor að sigra í Nótunni þriðja árið í röð. B-sveitin sigraði í flokki samleiks í grunnnámi árið 2011, C-sveitin í flokki samleiks í miðnámi árið 2012 og A-sveitin sigraði í flokki nemenda í grunnnámi síðastliðið vor. Þessi árangur er ekki sjálfgefinn, því um 15.000 nemendur í um 90 tónlistarskólum hafa þátttökurétt í Nótunni og þó nokkuð margir tónlistarskólar hafa aldrei náð að koma atriði í lokakeppnina. Það má því auðveldlega jafna þessu við að hafa unnið Íslandsmeistaratitil þrjú ár í röð í sínum flokki.

Skólahljómsveitin starfar í þröngu húsnæði í HK húsinu við Skálaheiði. Það húsnæði er ekki hannað til tónlistarkennslu og flutti hljómsveitin í það til bráðabirgða fyrir fjórtán árum. Öll aðstaða í húsinu er óviðunandi. Árið 2007 var búið að teikna góða aðstöðu fyrir skólann í Digranesskóla, sem stóð til að endurnýja, en í kjölfar bankahrunsins var byggingin slegin út af borðinu og Digranes- og Hjallaskóli sameinaðir í Álfhólsskóla. Eftir stendur skólahljómsveitin með óleystan húsnæðisvanda. Bæjaryfirvöld hafa ákveðið að lagfæra húsnæðið við Skálaheiði og nýta rými sem áður tilheyrði HK undir hljómsveitina. Það er auðvitað þakkarvert að bæjaryfirvöld séu tilbúin til að stækka rými hljómsveitarinnar en það breytir því ekki að húsnæðið er ekki hannað undir tónlistarkennslu. Það leysir því miður ekki vandann að bæta óhentugt rými með meira af óhentugu rými. Þessi ráðstöfun getur því aðeins verið til mjög skamms tíma.

### Einstakt starf

Það starf sem unnið er hjá skólahljómsveitinni er einstakt, enda sést það best á þeim árangri sem hljómsveitin hefur náð á þeim tíma sem Össur Geirsson hefur verið við stjórnvölinn.

Hvernig væri að bæjarfulltrúar Kópavogsbæjar tækju málefni skólahljómsveitarinnar okkar í Kópavogi upp á sína arma og legðu sitt af mörkum til að skapa henni þá aðstöðu sem hún og stjórnandi hennar, Össur Geirsson, eiga skilið? Það eru aðeins þrjú ár þar til hljómsveitin heldur upp á hálfrar aldar afmæli sitt. Besta afmælisgjöf bæjarins til hljómsveitarinnar og um leið til bæjarbúa væri að almennilegt framtíðarhúsnæði fyrir hljómsveitina verði á teikniborðinu. Bæjaryfirvöld hafa gert vel í húsnæðismálum fyrir íþróttafélög bæjarins og Tónlistarskóli Kópavogs (sem er þó ekki á forræði bæjarins) er einnig í góðu húsnæði en enn situr Skólahljómsveitin í óviðunandi húsnæði eftir tæplega 50 ára bið.

Ég skora á bæjarfulltrúa og íbúa bæjarins að mæta á næstu tónleika hljómsveitarinnar þann 9. mars nk. í Háskólabíói. Þeir sem mæta á tónleika sveitarinnar verða fljótt áskynja mikilvægi þess að hlúa því góða vörumerki Kópavogsbæjar sem hljómsveitin er.

**➔ Það er auðvitað þakkarvert að bæjaryfirvöld séu tilbúin til að stækka rými hljómsveitarinnar en það breytir því ekki að húsnæðið er ekki hannað undir tónlistarkennslu. Það leysir því miður ekki vandann að bæta óhentugt rými með meira af óhentugu rými.**

# Skólafólk er lykilfólk

KJARAMÁL



**Friðrik Rafnsson**
þýðandi og stjórnarmaður í Bjartri framtíð

Fyrir nokkrum árum átti ég áhugavert samtal við gamlan menntaskólakennara. Hann var skólamaður af lífi og sál eins og langflestir í hans stétt, mjög metnaðarfullur, kröfuharður en sanngjarn og bar velferð nemenda sinna mjög fyrir brjósti, enda elskaður og dáður af þeim.

Hann sagðist allmörgum árum áður hafa hitt þingmann úr kjördæminu sem hann hefði verið ágætlega málkunnugur. Eftir að þeir höfðu rætt stundarkorn saman um veður, aflabrögð og heyskap barst talið að því hversu mikill munur væri á launakjörum menntaskólakennara og alþingismanna. Þingmaðurinn bar sig aumlega, sagði að þingfararkaupið væri varla mönnum bjóðandi, nú yrðu þeir bara að fara gera eitthvað í málinu, krefjast þess að þingfararkaupið yrði að minnsta kosti sambærilegt við laun menntaskólakennara. Þingmaðurinn viðurkenndi að vissulega væru þetta miklar kröfur svona í einum rykk, en að kannski mætti stefna að því að ná að uppylla þær í áföngum.

### Breyta þarf gildismatinu

Ég er vitaskuld ekki að rifja þetta upp til að gera lítið úr störfum alþingismanna, síður en svo, lýðræðislega kjörnir fulltrúar okkar á Alþingi eiga að sjálfsögðu að fá mjög sanngjörn laun fyrir sín þjóðþrifastörf. Þingfararkaup er nú um 630 þúsund krónur á mánuði, en meðallaun framhaldsskólakennara eru um 380 þúsund krónur. Frá því áðurnefndur menntaskólakennari átti samtalið við þingmanninn góða hefur þetta því snúist við, og það raunar fyrir nokkuð löngu. Þetta litla en áhugaverða dæmi sýnir glögglega hvernig gildismatið í samfélagi okkar hefur breyst. Það að uppfræða og annast unga fólkið okkar þykir ekki lengur eins dýrmætt og að setja lög, stjórna fyrirtæki, spá í hagfræðispil, sýsla með excel-töflur eða telja baunir.

Þetta er öfugþróun sem verður að stöðva. Ef við viljum halda áfram að þróa og efla nútímalegt þekkingarþjóðfélag og nýsköpun hérlendis, vera auðug og farsæl þjóð meðal þjóða, verðum við að breyta þessu gildismati og virkja betur mikilvægustu og áhugaverðustu auðlindina sem við eigum, heilasellurnar, gráa undraefnið sem við erum öll með í hausnum.

Skólafólk á öllum stigum menntakerfisins, þar á meðal framhaldsskólakennarar, er lykilfólk í íslensku samfélagi og ber meginábyrgðina á því að við búum áfram í velferðarsamfélagi á komandi árum. Þess vegna ætti að hækka laun þeirra til jafns við þingfararkaup. Vissulega eru það miklar og kannski ekki raunhæfar kröfur svona í einum rykk, en kannski mætti stefna að því uppfylla þær í vel afmörkuðum áföngum, svokölluðum framfaraskrefum.

**➔ Þetta er öfugþróun sem verður að stöðva. Ef við viljum halda áfram að þróa og efla nútímalegt þekkingarþjóðfélag og nýsköpun hérlendis, vera auðug og farsæl þjóð meðal þjóða, verðum við að breyta þessu gildismati og virkja betur mikilvægustu og áhugaverðustu auðlindina sem við eigum, heilasellurnar, gráa undraefnið sem við erum öll með í hausnum.**



Nánari uppl. www.easv.dk
Engin skólagjöld!
ea BUSINESS ACADEMY SOUTHWEST

# Tækifæri VG

UTANRÍKISMÁL



**Haraldur Ólafsson**
veðurfræðingur

Vorið 2011 lögðu 15 þingmenn VG fram á Alþingi ályktun um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu, Nató. Ályktunin var studd margvíslegum rökum þar sem sagði að Ísland gumaði af því að vera herlaust og friðsamt land og að það væri brýnt að Ísland sýndi í verki að það væri sjálfu sér samkvæmt, herlaust og andvígt hernaðarofbeldi.

Undanfarin ár hefur íslenska ríkið verið í ferli sem miðar að því að Íslendingar verði þegnar í Evrópusambandinu svo vitnað sé orðrétt í sáttmála sambandsins um stöðu íbúa þess. Það er samband sem byggt er á sáttmála um vígbúnað og hervæðingu. Þar starfar þing sem reyndar er valdaminna en nafnið gefur til kynna, en það hefur ályktað með miklum meirihluta um stofnun Evrópuhers. Þegnskapur í slíku sambandi gengur lengra í þá átt að flækja Íslendinga í hernaðarvél stórvelda en aðild íslenska ríkisins að Nató hefur nokkurn tímann gert.

Ekki náðist að greiða atkvæði um ályktunina um úrsögn úr Nató svo segja má að þingmennirnir hafi ekki fengið fullt tækifæri til að sýna að hugur fylgdi máli. En nú er lag. Þingmenn VG fá nú kærkomið tækifæri til að sýna kjósendum sínum og þjóðinni allri hvort þeir vilji stöðva ferli sem miðar að því að gera Íslendinga að þegnum í verðandi herveldi gömlu evrópsku nýlenduveldanna. Varla láta þeir það sér úr greipum ganga.

Spurningin um aðild að Evrópusambandinu er stærri og mikilvægari en svo að einstakir stjórnmálaflokkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða svarinu.

Alþingi ber að sýna þjóðinni þá virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga.

Þess vegna er hafin undirskriftasöfnun á vefnum **Þjóð.is** þar sem skorað er á Alþingi að leita þjóðarviljans.

Alþingismenn starfa í umboði okkar. Látum þá vita hvað við viljum og skrifum undir.

# www.þjóð.is



# Hagfræðistofnun – rök gegn aðild lögð til hvílu

EVRÓPUMÁL



Össur Skarphéðinsson
alþingismaður

Skýrsla Hagfræðistofnunar er að mörgu leyti góð – miðað við þann þrönga stakk sem Gunnar Bragi kaus að sníða henni í erindisbréfi. Að því sögðu tel ég að skýrslan sé af heilindum skrifuð, og prýðileg að mörgu leyti.

Hver lítur silfrið sínum augum. Gegnum mín er skýrslan markverðust fyrir að leggja til hvílu margar helstu röksemdir þeirra, sem vilja slíta viðræðum við Evrópusambandið.

**➜ Fullveldisspurningunni er vel svarað – Ísland tapar ekki fullveldi sínu við það að verða aðili að Evrópusambandinu.**

### ESB er ekki sambandsríki

Fullyrt er: Ísland getur ekki gengið í Evrópusambandið af því það er sambandsríki, sem gleypir fullveldið með húð og hári. Greinargerð Stefáns Más Stefánssonar prófessors hafnar því. Hann segir skýrt að eðli Evrópusambandsins sé ekki eðli sambandsríkis. Ég les ekkert úr skýrslunni sem bendir til að sambandið sé á þeirri leið. Fullveldisspurningunni er vel svarað – Ísland tapar ekki fullveldi sínu við það að verða aðili að Evrópusambandinu.

Sjálfur tel ég að með falli stjórnarskrár Evrópu fyrir nokkrum árum hafi orðið kaflaskil. Þá var þróun Evrópusambandsins í sambandsríki hafnað. Þó einstakir leiðtogar, sumir valdamiklir, séu annarrar skoðunar tel ég að í reynd sé ekkert ríki á þeirri skoðun í dag, ef frá er talin Belgía, vegna sérstakra pólitískra aðstæðna í því landi.

Prófessor emeritus Stefán Már segir líka skýrt, að Lissabon-sáttmálinn sé ekki ígildi stjórnarskrár, og leiðir fram að sáttmálinn hefur aukið vægi þjóðþinganna, og styrkt nálægðarregluna, sem flytur valdið heim til héraða, og fólksins.

### Auðlindirnar tryggar

Fullyrt er: Með inngöngu í sambandið tapar Ísland forræði og eignarhaldi á auðlindum sínum. Ekkert slíkt kemur fram í skýrslunni. Þvert á móti er skýrt, að reglan um hlutfallslegan stöðugleika er í fullu gildi, og tryggir að ekkert ríki getur gert kröfu um aflaheimildir án sögulegrar veiðireynslu – sem ekki er til! Íslendingar geta því nýtt fiskistofna sína áfram eins og fyrr. Aðild breytir heldur engu um eignarhald og fullt forræði Íslands á auðlindum í háhita eða fallvötnum. Finnist olía á Drekasvæðinu getur ekkert ríki gert tilkall til hennar þó Ísland verði aðili að ESB – nema síður væri.

### Sérlausn í sjávarútvegi

Í frægri Berlínarræðu kastaði Halldór Ásgrímsson fyrst fram hugmyndinni um að vandamál sem varða sjávarútveg, einkum séríslenskt fiskveiðisvæði, yrðu leyst með sérlausn. Þá aðferð notar ESB til að klæðskerasníða lausnir sem varða sérstök vandamál einstakra umsóknarríkja. Þessi hugmynd er reifuð í Evrópuskýrslu Björns Bjarnasonar, sem líta má á sem eins konar fræðilegan grundvöll fyrir aðildarumsókninni.

Andstæðingar aðildar hafa klifað á því að ekki sé völ á neinum sérlausnum gagnvart Evrópusambandinu. Þessi röksemd er endanlega lögð til hvílu í lagalegri úttekt Stefáns Más prófessors – sem ekki verður talinn til æstra ESB-sinna. Hann segir skýrt, að sérlausn er fær leið, sem samrýmist reglum ESB.

### „Það er ekkert um að semja“

Fullyrt er: Ísland verður að taka upp reglur Evrópusambandsins blóðhráar og það er ekkert um að semja. Í skýrslunni kemur fram að engir sjáanlegir annmarkar eru á samningum við langflesta kaflana, sem um þarf að semja. Andstæðingar klifa á að ómögulegt verði að semja um sjávarútveg og landbúnað. Í skýrslunni koma fram merkar upplýsingar eins höfundar eftir samtöl við Brussel, þar sem fram kemur að engin óleysanleg vandamál eru sjáanleg í landbúnaði. Þær eru að vísu faldar í viðauka. Ein meginniðurstaða skýrslunnar þegar hún er lesin í samhengi er því að í reynd er það fyrst og fremst sjávarútvegur, sem gæti orðið vandamál í blálok samninganna. Eins og fyrr segir þá slær Stefán Már prófessor í gadda að sérlausn er möguleiki samkvæmt reglum ESB. Stefan Fühle stækkunarstjóri hefur væntanlega haft það í huga þegar hann gaf nýlega út yfirlýsingu um að skammt væri í að Evrópusambandið gæti lagt fram tillögu um sjávarútveg sem væri ásættanleg fyrir Ísland.

Í þessu ljósi er ekki hægt að komast hjá þeirri niðurstöðu, að skýrslan hefur svarað öllum helstu röksemdum andstæðinga aðildar. Hún er því ekkert tilefni til þess að slíta viðræðum núna. Þvert á móti bendir hún til að rökrétt sé að ljúka þeim.


Stjórnarkjör

Eining-Iðja auglýsir hér með eftir listum eða tillögum um menn í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2014-2015 að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Ber samkvæmt því að skila lista skipuðum 100 manns í trúnaðarráð, tveimur skoðunarmönnum reikninga og einum til vara til eins árs. Einnig er hægt að bjóða fram einungis gegn varaformanni til tveggja ára.

Hverjum framboðslista eða tillögu skulu fylgja meðmæli minnst 80 fullgildra félagsmanna.

Listum eða tillögum ber að skila á skrifstofu félagsins Skipagötu 14 Akureyri eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 7. mars 2014.

EINING-IÐJA

Akureyri 25. febrúar 2014
Stjórn Einingar-Iðju

Eining-Iðja / Skipagata 14 / Akureyri / Sími: 460 3600 / www.ein.is

www.ein.is


# Má læra af sögunni?

UTANRÍKISMÁL



Baldur Þórhallsson
prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

Íslendingar hafa mótað eigin utanríkisstefnu í tæp 100 ár eða allt frá fullveldisdeginum 1. desember 1918. Utanríkisstefnunni má skipta niður í þrjú tímabil. Þau eru mörkuð af breytingum í alþjóðasamfélaginu sem íslensk stjórnvöld urðu að bregðast við. Fróðlegt er að fara yfir hvað vel tókst og hvað miður í utanríkisstefnunni í ljósi yfirstandandi deilna um hvert stefna beri á nýrri öld.

Fyrsta tímabilið náði til heimsstyrjaldarinnar síðari. Áherslur stjórnvalda voru tvenns konar. Mest kapp var lagt á að bæta markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir á erlenda markaði og lýst yfir ævarandi hlutleysi í vopnaskaki stórvelda. Erfiðlega gekk að tryggja aðgang að mörkuðum í haftastefnu kreppuáranna. Bandaríkin höfðu engan áhuga á að versla við landsmenn og Evrópa var áfram helsti markaður fyrir sjávarafurðir. Hlutleysisstefnan beið skipbrot í stríðinu.

Annað tímabilið var markað af kaldastríðsárunum eftir umbreytingarskeið stríðsáranna. Utanríkisstefnan byggði á þremur stoðum: stækkun landhelginnar, bættum markaðsaðgangi fyrir sjávarafurðir og þátttöku í varnarsamvinnu lýðræðisríkja. Vel tókst til við stækkun landhelginnar og varnir landsins. Brösuglega gekk hins vegar að semja um niðurfellingu tolla og annarra viðskiptahindrana fyrir sjávarútveginn. Það breyttist ekki fyrr en Ísland gekk í EFTA árið 1970 með það að markmiði að taka þátt í gerð fríverslunarsamnings EFTA við ESB. Það gekk eftir og var samningurinn talinn íslenskum sjávarútvegi mjög hagstæður. Mest af útflutningi sjávarafurða fór til Vestur-Evrópu en viðskipti við kommúnistaríkin og Bandaríkin voru einnig umfangsmikil. Þau voru hins vegar mismikil eftir tímabilum og þeim annmörkum háð að austurblokkin krafðist vöruskipta og Bandaríkjamarkaður var óáreiðanlegur.

Þriðja tímabilið markaðist af fullkomnun innri markaðar ESB, hruni Sovétríkjanna og aukinni alþjóðavæðingu frá byrjun 10. áratugar síðustu aldar.

Frá þeim tíma hefur utanríkisstefna Íslands byggst á EES-samningum, áframhaldi varnarsamvinnunnar og tilraunum til að auka samvinnu og útflutning til fjarlægari ríkja.

### Meginstoð stefnunnar

Aðildin að EES hefur verið meginstoð stefnunnar enda tryggir hún Íslendingum aðgang að mörkuðum og menntastofnunum ESB-ríkja. Útflutningur sjávarafurða er að langmestu leyti tollfrjáls til ESB. Þangað fara yfir 80 prósent af útflutningi landsmanna, þaðan koma langflestir ferðamenn og til ESB-ríkja sækja flestir Íslendingar sem leita út fyrir landsteinana. Það var ekki fyrr en að Ísland gerðist þátttakandi í innri markaði ESB að íslensk fyrirtæki gátu starfað á jafnréttisgrundvelli við erlenda samkeppnisaðila og Íslendingum var frjálst að ferðast og vinna í stærstum hluta Evrópu. Viðskiptasamningar og sem nánast samneyti við önnur Evrópuríki hefur ætíð komið landsmönnum best.

Bandaríkin gáfu okkur aftur á móti langt nef með brottför varnarliðsins og hafa augljóslega lítinn áhuga á að verða bakhjarl landsmanna í framtíðinni.

Tilraunir til að koma á nánu samstarfi og auka verulega útflutning til fjarlægari heimshluta hafa að mestu leyti mistekist þó ekki megi gera lítið úr auknum viðskiptum við þessa markaði. Liður í þessari stefnu var umsóknin um aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Hún var sneypuför.

Landsmenn standa nú enn og aftur á tímamótum eftir efnahagshrunið. Íslenskt atvinnulíf stendur höllum fæti í erlendri samkeppni, Íslendingar hafa ein lægstu laun sem fyrirfinnast í Vestur-Evrópu og landið er í klakaböndum gjaldeyrishafta. EES-aðildin er mikilvæg og hagstæð en hefur ekki skilað nægilegum efnahagslegum ávinningi. Utanríkisstefna byggð á ofangreindum þremur stoðum þessa síðasta tímabils hefur í raun beðið skipbrot.

**➜ Áfram verður skakklappast með EES-samninginn þó að stjórnvöld virðist í raun hafa allt sem honum tengist á hornum sér.**

### Valkostirnir

Hvaða valkostir eru í stöðunni við mótun nýrrar utanríkisstefnu? Samstaða er um að halda áfram varnarsamstarfinu og efla tengsl við Norðurlöndin. Auk þessa er okkur gefinn kostur á að velja milli þriggja kosta: Norðurslóða, ESB og nánari samvinnu við fjarlægari heimshluta: Rússland, Kína og Indland.

Ekkert er fast í hendi um mögulegan ávinning af opnun siglingarleiðarinnar á norðurskauti á næstu áratugum. Viðskipti við risaríkin þrjú hafa ekki vaxið eins og vonast var til og stjórnarhættir í þeim eru skelfilegir. Enginn getur sagt fyrir um þá þróun sem þar verður. ESB er tilbúið til viðræðna um að veita aðstoð við afnám gjaldeyrishafta, upptöku nýs gjaldmiðils og veita landbyggðinni umfangsmikla styrki til nýsköpunar.

Núverandi stjórnvöld hafa kostið norðurheimsskautið og aukin tengsl við fjarlæga heimshluta. Áfram verður skakklappast með EES-samninginn þó að stjórnvöld virðist í raun hafa allt sem honum tengist á hornum sér. Þetta er athyglisvert í ljósi viðskiptahagsmuna, kjara almennings og mennta- og menningarsamskipta. Getum við litið til sögunnar og lært af henni?

# Útvötnuð kærunefnd

ÚTLENDINGALÖG



Halla Gunnarsdóttir
fyrrverandi aðstoðarmaður innanríkisráðherra

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp innanríkisráðherra til breytinga á lögum um útlendinga. Þar er meðal annars kveðið á um sjálfstæða kærunefnd sem mun fjalla um kærumál á grundvelli útlendingalaga, í stað innanríkisráðuneytisins líkt og nú er. Það er jákvætt ef myndast getur þverpólitísk samstaða um að koma slíkri kærunefnd á laggirnar, enda hafa íslensk stjórnvöld ítrekað sætt gagnrýni fyrir núverandi fyrirkomulag, einkum vegna málsmeðferðar hælisumsókna. Hins vegar vekur furðu hve ráðherrann hefur útvatnað fyrri tillögur sem lágu fyrir í innanríkisráðuneytinu, bæði í skýrsluformi og frumvarpsformi.

### Gagnrýni frá Flóttamannastofnun

Forsaga málsins er sú að Ögmundur Jónasson, þá innanríkisráðherra, skipaði starfshóp árið 2011 sem var falið að gera tillögur að breytingum á lögum er lúta að aðgengi útlendinga utan EES að landinu. Undirrituð fór fyrir þeim starfshópi. Eitt af þeim verkefnum sem hópurinn tókst á við var að meta að nýju hvort setja skyldi á laggirnar sjálfstæða kærunefnd í útlendingamálum, einkum hælismálum. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur ítrekað komið þeirri gagnrýni á framfæri við íslensk stjórnvöld að ráðuneytið geti ekki talist óháður úrskurðaraðili þar sem undirstofnun þess (það er Útlendingastofnun) tekur hina kæranlegu ákvörðun.

Hér vegur þungt að ákvörðun um veitingu hælis er vandasöm og erfitt getur verið að leggja heildarmat á aðstæður einstaklings. Þessi ákvörðun hefur jafnframt úrslitaáhrif á líf viðkomandi, sem hefur ekki alltaf gögn til að sanna mál sitt og getur því þurft að sýna fram á trúverðugleika sinn með öðrum hætti.

### Ítarleg útfærsla

Starfshópurinn kynnti sér ítarlega fyrirkomulag kærumála á Norðurlöndunum, einkum í Noregi og Danmörku þar sem lagaumhverfi er svipað því íslenska. Var það eindregin niðurstaða nefndarinnar að setja ætti á laggirnar sjálfstæða kærunefnd, a.m.k. í málefnum hælisleitenda. Sérstaklega var tekið fram að hælisleitendur ættu að eiga þess kost að koma fyrir nefndina til að tala máli sínu. Í frumvarpi sem unnið var á grunni skýrslu nefndarinnar var því kveðið á um slíka kærunefnd og útfært með ítarlegum hætti hvernig hún skyldi skipuð.

Þannig var gert ráð fyrir að staða formanns væri auglýst í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Var það gert að skilyrði að umsækjendur uppfylltu starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Þriggja manna nefnd mæti síðan hæfi umsækjenda og ráðherra væri óheimilt að víkja frá því mati. Hinir nefndarmennirnir skyldu skipaðir eftir tilnefningum Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Annar skyldi hafa sérþekkingu á flóttamannamálum og hælismálum og hinn á útlendingamálum í breiðari skilningi.

**➜ Forsenda þess að setja á laggirnar sjálfstæða kærunefnd er hins vegar að hún sé óháð ráðuneytinu. Með þessu móti er því þveröfugt farið.**

### Raunveruleg réttarbót

Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi er enga slíka útfærslu að finna. Staða formanns skal auglýst og nægir að hann hafi lokið fullnaðarprófi í lögum. Hina nefndarmennina skipar ráðherra og hvergi kemur fram hvernig þeirri skipun skuli háttað.

Það er jákvætt að núverandi innanríkisráðherra haldi á lofti þeim tillögum að breytingum á útlendingalögum sem náðist víðtæk sátt um á síðasta kjörtímabili. Forsenda þess að setja á laggirnar sjálfstæða kærunefnd er hins vegar að hún sé óháð ráðuneytinu. Með þessu móti er því þveröfugt farið. Tveir af þremur fulltrúum verða skipaðir af ráðherra einum og hafa þar af leiðandi úrslitaáhrif í öllum málum sem nefndin fær til meðferðar. Þetta fyrirkomulag kemur ekki til móts við þá gagnrýni sem íslensk stjórnvöld hafa sætt á alþjóðavettvangi. Hanna Birna Kristjánsdóttir þarf því að skýra hvers vegna þessi leið er farin. Alþingi breytir frumvarpinu vonandi til betri vegar þannig að réttarbótin sem það kveður á um verði raunveruleg.

# FALLEGT FYRIR FERMINGUNA

A WORLD OF INSPIRATION · the PIER · FOR YOUR HOME



**99.900**

**DAYS SVEFNSÓFI**
150x227 cm / svartur og grár / horn til hægri og vinstri



**Borðstofuborð**
**63.920**
**verð áður 79.900**

Borð& Framlenging **20%**

**Borð** 90x180

**Framlenging 15.992**
Áður 19.990 / 90x45 cm



Stóll **50%**

**Stóll 12.950**
áður 25.900

Lampi **9.900 / 14.990**



Kertastjakar frá **990**



Myndir frá **990**



Kerti frá **590**

**3** fyrir **2**



Skartgripir frá **590**



Híbýlailmir frá **390**



Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

DOBÍA.IS

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Listunnandi heiðraður

## Tónleikar til heiðurs Ragnari í Smára haldnir í Hörpu.

„Ragnar í Smára hafði gríðarlega mikla þýðingu fyrir tónlistarlíf á Íslandi. Hann var fyrst og fremst listunnandi og athafnamaður og hafði þá hugsjón að byggja upp menningarlíf á Íslandi,“ segir Freyja Gunnlaugsdóttir, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík. Skólinn og Tónlistarfélagið í Reykjavík standa fyrir hátíðartónleikum í Norðurljósum í Hörpu sunnudaginn 2. mars. Tónleikarnir eru haldnir til þess að heiðra minningu Ragnars í Smára en 110 ár eru liðin frá fæðingu hans nú í febrúar.

Tónlistarskólinn tengist Ragnari sterkum böndum að sögn Freyju og segir hún anda hans svífa yfir skólanum.

„Þessi hugsjón hans lifir um að halda uppi hágæða og innihaldsríkri tónlistarmenntun þó spjótin beinist að úr öllum áttum, þó það sé niðurskurður og þó það sé erfitt árferði.“

- lkg



**MIKILSVIRTUR** Ragnar hvatti unga listamenn til dáða.

---



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN ÁSMUNDSSON**
**Baugholti 7, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 12. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Krabbameinsfélag Íslands njóta þess. Innilegar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir góða umönnun og hlýju.

**Olgeir Jón Jónsson**
**Þórdís Guðný Harvey Ronny Earl Harvey**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Prinsessan okkar,

**EVA DÖGG ÓLAFSDÓTTIR**
**Björnskoti, Skeiðum,**

verður jarðsungin frá Skálholtskirkju laugardaginn 1. mars kl. 13.00. Þeim, sem vildu minnast hennar, er bent á ferðasjóð Selsins, tómstundaklúbbs fatlaðra á Selfossi. Reikningur 0152-05-265915, kennitala 680780-0219.

**Ólafur F. Leifsson Harpa Dís Harðardóttir**
**Ólafur F. Ólafsson Guðfinna Magnúsdóttir**
**Elvar Örn Ólafsson**
**Ólöf S. Ólafsdóttir (Sibba)**
**Hörður Björgvinsson Hugrún P. Skarphéðinsdóttir**

---



✝

Okkar hjartkæri

**STEINGRÍMUR VILHJÁLMSSON**
**frá Laufhóli**

verður kvaddur í Sauðárkrókskirkju laugardaginn 1. mars kl. 14.00.

**Gunnlaugur Steingrímsson Svala Jónsdóttir**
**Símon R. Steingrímsson Sigrún Höskuldsdóttir**
**Vilhjálmur Steingrímsson Ásdís Garðarsdóttir**
**Halldór S. Steingrímsson María Steingrímsdóttir**
**Kristín S. Steingrímsdóttir**
**Sigurður Steingrímsson Kristjana Friðriksdóttir**
**Sigurlaug G. Steingrímsdóttir Eyjólfur Árnason**
**Anna H. Steingrímsdóttir Hafþór Hermannsson**
**Auður Steingrímsdóttir Guðmundur Sveinsson**
**Eysteinn Steingrímsson Aldís Axelsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**HAUKUR SIGURÐUR TÓMASSON**
**jarðfræðingur,**
**Furugerði 9, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 21. febrúar. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 3. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð fjölskyldu Georgs Guðna nr. 0515-26-111177, kt. 501011-0530.

**Karitas Jónsdóttir**
**Sigrún Hauksdóttir Loftur Atli Eiríksson**
**Haukur Hákon Loftsson**
**Sigrún Jónasdóttir**
**Elísabet Hugrún, Guðrún Gígja, Tómas Kolbeinn, Hrafnkell Tumi og Jón Guðni Georgsbörn.**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma, og langamma,

**SIGRÚN JÓNSDÓTTIR**
**Grænumörk 2, Selfossi,**

lést á Ljósheimum laugardaginn 22. febrúar. Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 1. mars kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Vinafélag Ljósheima og Fossheima, Selfossi. Sérstakar þakkir sendum við til starfsfólks Ljósheima fyrir góða umönnun á liðnum árum.

**Stefán Ármann Þórðarson**
**Ingunn Stefánsdóttir Þorfinnur Snorrason**
**Þórður Stefánsson**
**Brynjar Jón Stefánsson Rannveig Árnadóttir**
**Páll Stefánsson Edda Björk Ólafsdóttir**
**Rut Stefánsdóttir Leifur S. Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**MARÍU ÁSGEIRSDÓTTUR**
**hjúkrunarkonu.**

**Guðrún Gunnarsdóttir**
**Hildur Gunnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA VIGFÚSDÓTTIR**
**Hrafnistu, Hafnarfirði,**
**áður Ölduslóð 15, Hafnarfirði,**

lést 20. febrúar á Hrafnistu, Hafnarfirði. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Hörður Adolfsson Nanna María Guðmundsdóttir**
**Erla Adolfsdóttir Jóhann Pétur Andersen**
**Hilmar Adolfsson Ólöf S. Sigurðardóttir**
**Adolf Adolfsson Júlía Henningsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar ástkæri

**ÓSKAR LÁRUS TRAUSTASON**

varð bráðkvaddur á heimili sínu mánudaginn 24. febrúar.

**Guðrún Pálsdóttir**
**Trausti Ó. Lárusson Hanna Kjeld**
**Auður Traustadóttir Guðmundur Á. Tryggvason**
**Anna Kristín Traustadóttir**
**Sigrún Traustadóttir**
**Þórunn Sigurðardóttir Sigurður Knútsson**
**Elín Ósk, Trausti, Svava Dís, Bjarni, Páll Arnar og fjölskyldur.**

---



✝

Elskulegur maðurinn minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**KARL ÓMAR JÓNSSON**
**verkfræðingur,**

lést á hjartadeild Landspítala Íslands við Hringbraut sunnudaginn 23. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Ólöf Stefánsdóttir**
**Stefán Karlsson Sigurborg Ragnarsdóttir**
**Kristín Karlsdóttir Guðmundur I. Sverrisson**
**Björn Karlsson Rebekka Silvía Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**SIGRÍÐUR S. KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Hamrahlíð 17, Reykjavík,**

andaðist sunnudaginn 23. febrúar sl. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Blindrafélagið.

**Ása Elísabet Sæmundsdóttir Björn Bjarklind**
**Sæmundur Bjarklind María Bjarklind**
**Benedikt Bjarklind Rakel Ýr Jónsdóttir**
**Arnar Bjarklind Margrét Jóhönnudóttir**
**og langömmubörn.**

---



✝

Okkar elskulegi sonur,
bróðir, mágur og frændi,

**REYNIR KARL HALL**
**Hátúni 10,**

lést á líknardeild Landspítalans 17. febrúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Kristján K. Hall Edda Konráðsdóttir**
**Íris Hall**
**Arnar Hall**
**Þyri Hall Eyþór Gunnarsson**
**Konráð Hall Rakel Jóhannsdóttir**
**Kristján Hall Karen Edda Benediktsdóttir**
**og frændsystkini.**

---



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGTRYGGUR ÞORBJÖRNSSON**
**rafvirkjameistari,**
**Gullsmára 7, Kópavogi,**

áður til heimilis að Kotárgerði 22, Akureyri, er látinn. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 4. mars kl. 13.00.

**Ingibjörg Sigtryggsdóttir Aðalbjörn Þorsteinsson**
**Stefán Sigtryggsson**
**Eggert Már Sigtryggsson Guðbjörg Björnsdóttir**
**Guðrún Sigtryggsdóttir Hermann Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURBJÖRG JÓHANNA ÞÓRÐARDÓTTIR**
**kennari,**
**Hrafnistu í Hafnarfirði, áður til heimilis á Þingholtsbraut 72, Kópavogi,**

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju á morgun, föstudaginn 28. febrúar, kl. 13.00.

**Unnsteinn Þórður Gíslason**
**Magnús Gíslason**
**Kristján Gíslason Guðrún Benedikta Elíasdóttir**
**Gísli Örn Gíslason Birna Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**ÞÓRDÍS ÞORLÁKSDÓTTIR**
**frá Veiðileysu,**
**síðast til heimilis að Skipalóni 24, Hafnarfirði,**

lést á Sólvangi 24. febrúar. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 10. mars kl. 13.00.

**Þóra Steindórsdóttir**
**Ari Steindórsson Lára Grétarsdóttir**
**Guðlaug Steindórsdóttir Sævar Guðmundsson**
**Alda Áskelsdóttir Sigurður Óli Gestsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**PARÍSARTÍSKAN**
**Tískuvika stendur nú yfir í borg ástarinnar. Á tískupöllum má sjá margar af vinsælustu fyrirsætum heims, eins og ensku ofurfyrirsætuna Cöru Delevingne. Cara frumsýndi eigin töskuhönnun fyrir tískurisann Mulberry í nýliðinni tískuviku Lundúna og segir að beikonát geri hana sæta.**

# HLEGIÐ HÁTT Á HEILSUHÓTELINU

**HEILSUHÓTEL ÍSLANDS KYNNIR** *Góður aðbúnaður og frábært starfsfólk einkennir Heilsuhótel Íslands. Gestir endurnæra sig á skömmum tíma.*

Að dvelja á Heilsuhóteli Íslands er það besta sem hægt er að gera fyrir sjálfan sig, segir Alda Jónsdóttir, kaffihúsaeigandi, leiðsögumaður og fararstjóri. Fólk leitar þangað út af margvíslegum ástæðum en sjálf hefur hún glímt við meltingarvandamál um tíma. „Dvölin gaf mér gríðarlega mikið. Ég hef tvisvar dvalið á Heilsuhótelinu, fyrst í tvær vikur og síðar í níu daga. Maður kúplar sig algjörlega út úr öllu stressi og endurnærir sjálfan sig fullkomlega. Þarna er maður líka algjörlega á eigin forsendum og kynnist frábæru starfsfólki og skemmtilegum gestum.“

Gestir Heilsuhótelsins stýra dagskránni sinni alveg sjálfir og gera í raun það sem þeim sýnist. „Það er fjölmargt skemmtilegt og fróðlegt í boði. Ég sótti sjálf leikfimi, hlustaði á fyrirlestra, sótti frábærar nuddmeðferðir og ekki má gleyma uppáhaldinu; heita pottinum og infrarauða klefanum. Gestir Heilsuhótelsins fara flestir daglega í stórskemmtilega göngutúra víða á Reykjanesi sem eru einstaklega hressandi og í gullfallegu umhverfi og svo höfum við skemmtikvöld með alls konar uppákomum.“

Dvölin á Heilsuhóteli Íslands snýst ekki síst um að breyta hugarfari og lífsstíl eftir að dvöl lýkur að sögn Öldu. „Ég var alltaf að læra eitthvað nýtt um sjálfa mig á hverjum degi og um leið hvað væri gott fyrir mig og heilsu mína.“

Hún segir allan aðbúnað vera til fyrirmyndar. „Þarna starfar yndislegt starfsfólk sem ber mikla umhyggju fyrir gestum Heilsuhótelsins. Einstaklingurinn er settur í öndvegi þarna og mér leið eins og prinsessu allan tímann.“

Alda segist svo sannarlega geta mælt með dvöl á Heilsuhótelinu. „Þetta var frábær dvöl og algjörlega á mínum eigin forsendum og raunar það besta sem ég hef gert fyrir mig. Það er svo gaman að sjá hvernig fólk með alls konar kvilla gengur út af Heilsuhótelinu tveimur vikum síðar, sumir verkjalausir, aðrir mörgum áhyggjukílóum léttari og um leið unglegri og frísklegri, tilbúið til að takast á við ný og spennandi verkefni.“



**EINTÓM GLEÐI** Alda Jónsdóttir mælir með dvöl á Heilsuhóteli Íslands fyrir alla. MYND/ÚR EINKASAFNI


heilsuhótel íslands
**Næstu námskeið við Heilsuhótel Íslands**
Heilsunámskeið, tvær vikur
7.-21. mars
2.-16. maí
Munið að panta tímanlega :)
www.heilsuhotel.is
Sími: 512 8040





FLOTT FERMINGARGJÖF
fyrir stelpur og stráka
BORÐLAMPAR
Margar stærðir og gerðir
Verð frá kr. 9500.-
NÝTT
Tékk Kristall
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





Nýjar vörur að berast í hús!
Allt fyrir vorið, fallegir litir .
Bæði sport og sparilegur klæðnaður.
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



Ný skósending!





Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16





NÚ LEGGJUM VIÐ SPILIN Á BORÐIÐ
Drottningar dagar





QUEEN SIZE
Lækkum verðið á QUEEN SIZE dýnum í takmörkuðu magni í nokkra daga
Stærðir 153 x 203 cm
KOMDU OG GERÐU ÆVINTÝRALEGA GÓÐ KAUP!





SVEFN-SÓFI
Svefsófi -
Verð áður kr. 79.900.-
Verð nú aðeins kr.
59.900
Litir: Svart
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
KORTER.IS
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# DIMMBLÁ Á RAUÐA DREGLINUM

**LANDSLAG Á KJÓLA** *Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir sendi frá sér sína fyrstu fatalínu rétt fyrir jól. Ný lína er þegar á teikniborðinu og klæddist Ilmur Kristjánsdóttir leikkona kjól úr þeirri línu á rauða dreglinum á Eddunni. Kjóllinn vakti athygli og segir Heiðrún spennandi tíma fram undan hjá Dimmblá.*

Ég hafði samband við Ilmi því mér finnst hún frábær leikkona. Hún var mjög spennt fyrir því að klæðast fatnaði frá mér á Eddunni og varð stórhrifin af kjólnum sem ég hannaði á hana,“ segir Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir viðskiptafræðingur, en hún sendi frá sér sína fyrstu fatalínu rétt fyrir jól undir merkinu Dimmblá.

Kjóllinn sem Ilmur klæddist á rauða dreglinum er ekki enn kominn á markað en hann verður í nýrri línu sem er á teikniborðinu. Kjóllinn er úr hundrað prósent silki og á efnið er prentuð mynd af Skeiðarársandi en allar flíkur Heiðrúnar bera landslagsmyndir af íslenskri náttúru.

En hvernig datt viðskiptafræðingi í hug að búa til föt?

„Ég er mikill náttúruunnandi og ferðast mikið um landið á hverju sumri. Íslensk náttúra er einstök og ég sá einfaldlega tækifæri í því að búa til spennandi fatalínu með myndum af íslenskri náttúru,“ útskýrir Heiðrún.

„Ég vinn með framúrskarandi ljósmyndurum. Fyrstu línuna kalla ég Norðurljósalínu og myndirnar sem ég nota eru eftir Sigurð Hrafn Stefnisson. Nýju línuna vinn ég með Ragnari Axelssyni ljósmyndara og mun hún meðal annars innihalda flíkur með myndum af Vatnajökli og Skeiðarársandi. Ég nota einungis vistvæn efni í flíkurnar, silki, lífræna bómull og efni, sem unnið er úr trjákvoðu,“ útskýrir Heiðrún.

Fyrsta línurnar innihalda kjóla og boli og fékk Norðurljósalínan strax góðar viðtökur. Heiðrún hefur meðal annars fengið óskir um að hanna flíkur á karlmenn og segir aldrei að vita nema það verði. Þá hefur síminn ekki stoppað eftir að Ilmur sást á rauða dreglinum.

„Fólk er sérstaklega hrifið af litunum í kjólnum,“ segir Heiðrún en verður leyndardómsfull þegar hún er innt eftir hvert framhaldið verði.

„Ég vil sem minnst gefa upp um það í bili en ég stefni að því að kynna Dimmblá á erlendum markaði. Það eru í það minnsta mjög spennandi tímar fram undan.“

■ heida@365.is



**VAKTI ATHYGLI** Ilmur Kristjánsdóttir leikkona klæddist kjólnum Skeiðarársandi úr væntanlegri línu frá Dimmblá á rauða dreglinum á Eddunni. Kjóllinn vakti athygli og segir Heiðrún spennandi tíma fram undan hjá fyrirtækinu.
MYND/EGGERT JÓHANNESSON






Líttu við á Laugaveginum

Útibú í kjallara Máls og menningar

Laugavegi 18 • S. 511 3399 • Opið mán.-fös. kl. 11-18, lau. kl. 11-17



Flott föt fyrir flottar konur
Nýjar vörur í hverri viku

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



PU leðurjakkar

3 litir: dökkrautt, svart, krembleikt.
Stærð S - XXL
Verð 10.900 kr.

Einnig til PU leðurjakkar á
11.900 kr.
Stærð 42 - 50.

2 litir: svart og millibrúnt.

Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.

black pepper FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Það er alltaf kærkomið að fara aftur á danssýningu og sérstaklega áhugavert að mæta með gagnrýnandagleraugun nú í annað sinn. Þó þessi síðari ferð á vetrarsýningu dansflokksins, Þríleik, sé fyrst og fremst farin til að fjalla um verkið Berserki eftir Lene Boel sem ekki var hægt að dæma eftir frumsýninguna vegna meiðsla aðaldansarans þá verður ekki hjá því komist að veita verki Valgerðar Rúnarsdóttur, Farangri, nokkra athygli. Þar verður að nefna frammistöðu Snædísar Lilju Ingadóttur sem sýnir mikil tilþrif, jafnt í dansi, leikrænum tilbrigðum og ekki síst í söng og skemmtilega takta Brians Gerke. Verkin eru mjög ólík; annað bjart, hitt rökkvað; eitt upphafning á ofurtækni, hitt frásögn (brotakennd þó) borin fram af flæðandi hreyfingum og röddum dansaranna og sýna vel hversu samtímadans er fjölbreytt listform.

Verkið Berserkir er áhugavert fyrir nokkrar sakir. Í því er unnið með ólíka dansstíla – breik, nútímadans og ballet – sem kryddaðir eru með akróbatík, eitthvað sem lítið hefur sést í íslenskum dansverkum undanfarið. Í verkinu er breikið, sem alla jafna er tengt við dans götunnar, sett í listrænt samhengi og ný gerð líkama verður við það sýnileg á sviðinu. Lýsingin í verkinu er sérlega vel gerð, skörp og grípandi og dansararnir fá tækifæri til að sýna líkamlega getu sína innan síns forms. Þar má fyrsta nefna Hjördísi Lilju Örnólfsdóttur sem nú fer með aðalkvenhlutverk verksins. Hún var greinilega rétta manneskjan í hlutverkið og lýsti af öryggi, krafti, nákvæmni og snerpu. Í dansi Brians Gerke, ekki síst í sólóinu, mátti merkja áreynsluleysi og dansgleði sem skilaði sér vel til áhorfenda. Hér sýndi Brian á sér aðra hlið en í Farangri þar sem kómíkin er í fyrirrúmi.



**BERSERKIR:** „Yfirborðskennt samansafn.“ MYND: ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN

Aðrir dansara stóðu sig líka ágætlega en þurftu sterkari danssköpun til að styðjast við og gefa líkamlegri færni þeirra tilgang. Aðeins bestu og reyndustu dansararnir gátu hafið sig yfir veikleika verksins og látið ljós sitt skína. Leifur Eiríksson breikaði til dæmis flott og akróbatískar brellur Nicholas Fishleigh voru „vá“ en það sem þeir sýndu vantaði samhengi. Berserkir bjó yfir áhugaverðum hugmyndum og skemmtilegum köflum en skorti dýpt og heildrænan svip. Þrátt fyrir fyrirheit í leikskrá um áhrifamikla sýningu þar sem fram komi hugtök eins og „villtir sem úlfar“, „ljúfir sem lömb“, „magnþrungin blanda“ dansstíla og „húmorískir leikar stríðs og ástar“ varð hún frekar yfirborðskennt samansafn ágætis atriða.

Sesselja G. Magnúsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Þrátt fyrir áhugaverðar hugmyndir og góða kafla náði dansverkið Berserkir sér ekki úr því að vera yfirborðskennt samansafn ágætis atriða.



**LEIKARINN** „Það er full ástæða til að rifja upp afrek Geirs áður en hann verður settur í huldumannahópinn,“ segir Hjalti Rögnvaldsson leikari. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Séð og heyrt náði aldrei í hann

**Dagskrá helguð Geir Kristjánssyni, skáldi og þýðanda, verður flutt í MÍR-salnum á Hverfisgötu 105 1. mars klukkan 16. Hún er í höndum Hjalta Rögnvaldssonar.**

„Ég hef fókusinn á því sem Geir lagði áherslu á í vali sínu á rússneskum skáldum og hann lagði mesta vinnu í að þýða Majakovskí,“ segir Hjalti Rögnvaldsson leikari sem hefur undirbúið dagskrá um ljóðaþýðingar Geirs Kristjánssonar úr rússnesku. Hann verður líka flytjandi hennar. Hjalti segir þýðingarnar hafa birst á víð og dreif í bókum og tímaritum gegnum tíðina. „Ég átti megnið af þessu í mínum hillum. Ætli það sé ekki talið einkenni á bókaormum,“ segir hann kíminn.

Geir var fæddur í Héðinsvík á Tjörnesi 1923. Hann lauk stúdentsprófi frá MA 1943 og eftir nám við Háskóla Íslands nam hann slavneskt nám og bókmenntir í Uppsölum í Svíþjóð og síðan bókmenntir í Englandi og Frakklandi. Í Reykjavík vann hann alla tíð við ritstörf auk þess að kenna rússnesku við MÍR. Hann lést 18. september 1991.

Að Majakovskí meðtöldum eru það fjórtán skáld sem flutt verður eftir í MÍR á laugardaginn, að sögn Hjalta, allt frá guðföður gullaldar í rússneskri ljóðlist, Alexander Púshkín sem var fæddur 1799. „Tveir eru fæddir 1933, þeir eru yngstir,“ upplýsir hann.

### ➜ Þekkt verk Geirs Kristjánssonar

- Útvarpsleikritið Snjómokstur var frumflutt af Þorsteini Ö. Stephensen og Rúrik Haraldssyni fyrir um 40 árum og er endurflutt annað slagið.
- Smásagnasafnið Stofnunin kom út 1956.
- Geir ritstýrði tímaritinu MÍR frá 1950-1959.
- Ský í buxum og fleiri kvæði, þýðingar eftir Vladímír Majakovskí 1965.

Yfirskrift dagskrárinnar, Hin græna eik, er titill bókar sem inniheldur ljóðaþýðingar Geirs eftir rússnesk skáld og nokkra Spánverja en Spánverjarnir koma ekkert við sögu á laugardaginn. „Dagskráin er byggð upp á tengslum Geirs við MÍR og tekur sextíu og sex og hálfa mínútu.“ segir Hjalti og telur fulla ástæðu til að rifja upp afrek Geirs áður en hann verður settur í huldumannahópinn. „Sjálfur var hann dulur, fékk sér aldrei kaffi á auglýsingastofum og Séð og heyrt náði aldrei í hann.“

gun@frettabladid.is






**AF SÝNINGUNNI** Ein mynda Þorbjargar Óskar er frá Reykjavíkurtjörn.

# Þemað er ferðalag

**Brynja Bjarnadóttir, Þorbjörg Ósk Eggertsdóttir og Berglind Erna Tryggvadóttir opna sýninguna Heima & heiman í dag í Gerðubergi og nágrenni.**

Þrjár listrænar og ferðaglaðar vinkonur opna sýningu á verkum sínum í Gerðubergi í Breiðholti í dag klukkan 18. Yfirskrift hennar er Heima & heiman og þema hennar er ferðalag.

Sýningin er í þremur hlutum. Þorbjörg Ósk Eggertsdóttir er með ljósmyndir og ljóð í norðuranddyri Gerðubergs. Brynja Bjarnadóttir sýnir ljósmyndir á íslenskum viði í undirgöngunum undir Austurberg við Breiðholtslaug og Berglind Erna Tryggvadóttir sýnir ljósmyndir í húsnæði Breiðholtslaugar.

Leiðsögn verður um sýninguna við opnun hennar sem endar í Breiðholtslaug þar sem öllum gestum er boðið í sund.

Vinkonurnar tóku þátt í Heita pottinum – Betra Breiðholti í ár, en það er verkefni sem Hitt húsið heldur utan um og snýst um að styrkja fólk á aldrinum 16-25 ára til skapandi starfa í sínu nærumhverfi.

- gun

# Yuasa rafgeymar

## Stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum







## Við bjóðum fría prófun á rafgeymum

| | | |
|---|---|---|
| **Nesdekk-Grandi**<br>Fiskislóð 30 · 101 Reykjavík<br>Sími 561 4110 | **Pústþjónusta BJB**<br>Flatahraun 7 · 220 Hafnarfjörður<br>Sími 5651090 | **Bifreiðaverkstæði Blönduós**<br>Efstubraut 2 · 540 Blönduós<br>Sími 452 2600 |
| **Smurstöðin Klöpp**<br>Vegmúli 4 · 108 Reykjavík<br>Sími 553 0440 · www.smurklopp.is | **Smur 54**<br>Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnarfjörður<br>Sími 555 0330 | **N1 Píparinn**<br>Efstubraut 2 · 540 Blönduós<br>Sími 868 6066 |
| **Múlaradio ehf.**<br>Fellsmúla 28 · 108 Reykjavík<br>Sími 554 1540 | **Laghentir ehf.**<br>Iðjustígur 1c · 230 Keflavík<br>Sími 456 7600 | **Pardus**<br>Suðurbraut · 565 Hofsós<br>Sími 453 7380 |
| **Bifreiðaverkstæði Svans ehf.**<br>Eirhöfða 11 · 110 Keflavík<br>Sími 616 2333 | **Skipting**<br>Grófinni 19 · 230 Keflavík<br>Sími 421 3773 | **Bás**<br>Ránargata 14 · 580 Siglufjörður<br>Sími 467 1860 |
| **Smur- og Viðgerðarþjónustan**<br>Hyrjarhöfða 8 · 110 Reykjavík<br>Sími 567 9555 · www.smurogvidgerd.is | **Vélsmiðja Grindavíkur**<br>Seljabót 3 · 240 Grindavík<br>Sími 426 8540 | **Bílatorg Akureyri**<br>Dalsbraut 1 · 600 Akureyri<br>Sími 464 2121 |
| **Málningarverk**<br>Hyrjarhöfða 2 · 110 Reykjavík<br>Sími 554 4550 | **Bifreiðaverkstæði Þóris**<br>Hafnarbraut 12 · 260 Njarðvík<br>Sími 421 4620 | **Múlatindur**<br>Múlavegur 13 · 625 Ólafsfjörður<br>Sími 466 2194 |
| **Bílson**<br>Klettháls 9 · 110 Reykjavík<br>Sími 568 1090 | **Bílver**<br>Innnesvegi 1 · 300 Akranesi<br>Sími 431 1985 | **Bílaþjónustan**<br>Garðarsbraut 52 · 640 Húsavík<br>Sími 464 1122 |
| **Bifreiðaverkstæði Einars Þórs**<br>Bæjarflöt 8 · 112 Reykjavík<br>Sími 567 0080 | **Bifreiðaþjónusta Harðar**<br>Borgarbraut 55 · 310 Borgarnes<br>Sími 437 1192 | **Bílaleiga Húsavíkur**<br>Garðarsbraut 66 · 640 Húsavík<br>Sími 464 1888 |
| **Gúmmísteypan ehf.**<br>Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík<br>Sími 567 4468 | **Vélabær**<br>Bæ · 311 Andarkílshreppur<br>Sími 435 1252 | **Bílaþjónusta Péturs**<br>Vallholti 17 · 800 Selfoss<br>Sími 482 2050 |
| **Samlind-Bílstál**<br>Askalind 3 · 200 Kópavogur<br>Sími 564 4632 | **Kristinn Reynisson**<br>Nýjibær Bæjarsveit · 311 Borgarnesi<br>Sími 435 1232 | **Bifreiðaverkstæðið Klettur**<br>Hrísmýri 3 · 800 Selfoss<br>Sími 482 2050 |
| **Bifreiðaverkstæðið Toppur**<br>Skemmuvegur 34 · 200 Kópavogur<br>Sími 557 9711 | **KVH**<br>Strandgata 1 · 530 Hvammstangi<br>Sími 455 2300 | |
| **Knastás**<br>Skemmuvegur 4 · 200 Kópavogur<br>Sími 557 7840 | **Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar**<br>Búlandi 1 · 530 Hvammstangi<br>Sími 451 2514 | |




YUASA
stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum

Framúrskarandi fyrirtæki 2011

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is



**Spamalot**

★★★☆☆

**„Ef menn mæta ekki til að leita einhvers sem alls ekki er þar má njóta kraftmikillar kabarettsýningar; söngur, dans og skemmtan fín.“**

*Jakob Bjarnar Grétarsson.*

# Styrkja hinsegin fólk í Úganda

Lesbísk baráttukona frá Úganda ræðir við sýningargesti eftir sýningu á Call me Kuchu í Bíói Paradís í dag um aðstæður hinsegin fólks í Úganda.

„Auðvitað kjósa einhverjir að hverfa inn í skápinn við þessar aðstæður, en annað fólk er búið að ákveða að berjast og við ætlum að bakka upp þá baráttu,“ segir Anna Pála Sverrisdóttir, formaður Samtakanna ’78, sem standa ásamt Íslandsdeild Amnesty fyrir sýningu á heimildarmyndinni Call me Kuchu í Bíói Paradís í dag til styrktar hinsegin fólki í Úganda.

Miðaverð á heimildarmyndina er þúsund krónur, og upphæðin rennur óskipt til grasrótar hinsegin fólks í Úganda. „Löggjöfin, sem núna hefur verið sett, þrengir ofboðslega að þeim. Það er verið að herða reipið utan um hálsinn á þeim, og nógu slæmt var ástandið fyrir. Þessi hópur þarf auðvitað að huga að öryggi sínu og það er alls konar kostnaður sem myndast við lögfræðilega aðstoð, öryggisaðstoð og svo framvegis,“ segir Anna Pála. „Samkynhneigð kona frá Úganda, sem heitir Angel P´Ojara, kemur og talar við sýningargesti í dag. Hún býr hér á landi og er vinkona baráttukonunnar Köshu Jaqueline Nabagesera, sem Amnesty bauð hingað til lands í fyrra. Angel er meðlimur í baráttusamtökum hinsegin fólks í Úganda sem við erum í samstarfi við. Ég býst við því að það verði mjög upplýsandi að ræða við hana um þróun mála,“ segir Anna Pála.

Call me Kuchu verður sýnd í Bíói Paradís í dag klukkan 18. Hægt er að kaupa miða frá klukkan 17. **- ue**



**ÚGANDA** Sýningin á Call me Kuchu er fyrsti liðurinn í átaki Samtakanna ’78 og Íslandsdeildar Amnesty til að safna fyrir grasrót hinsegin fólks í Úganda.






# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**27. FEBRÚAR 2014**

### Tónleikar

**20.00** Hljómsveitin Loji spilar á Hlemmur Square.

**20.30** Stefán Hilmarsson verður gestur Jóns Ólafssonar í tónleikaröðinni Af fingrum fram. Tónleikarnir fara fram í Hofi á Akureyri. Miðaverð 3.900 krónur.

**21.00** Hljómsveitin Kiss the Coyote heldur tónleika á Loft Hostel í Bankastræti 7 þar sem sveitin leikur lög af fyrstu breiðskífu sinni ásamt nýju efni.

**21.00** Tónleikur heldur tónleika í Stúdentakjallaranum.

**21.00** Vísnakvöld í tilefni af 100 ára afmæli Ása í Bæ á Café Rosenberg.

**22.00** Skúli mennski heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Ókeypis inn!

### Íþróttir

**17.00** Coca-Cola-bikarinn hefst í dag í Laugardagshöll. Helgarpassi kostar 5.000 krónur.

### Heimildarmyndir

**18.00** Call me Kuchu sýnd í Bíó Paradís á vegum Samtakanna ’78 og Amnesty International. Miðaverð 1.000 krónur.

### Kvikmyndir

**19.30** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildarmyndina Frelsi og réttlæti í stofu 101 í Odda í Háskóla Íslands.

### Bókmenntir

**20.00** Norræna húsið býður til höfundakvölds með Herman Lindqvist rithöfundi.

### Leikrit

**19.00** Með allt á hreinu í Austurbæ. Miðaverð 2.500 krónur.

**19.30 Spamalot sýnt í Þjóðleikhúsinu. Miðaverð 5.650 krónur.**

**19.30** Aðalæfing á Svanir skilja ekki. Sýnt í Þjóðleikhúsinu. Miðaverð 2.000 krónur.



## TRYLLINGUR Á HLEMMUR SQUARE

**” Það verður einhver tryllingur í gangi á tónleikunum. Við ætlum að spila lög af nýju plötunni minni, Samansafni. Hljómsveitin er að fara að vinna að nýrri plötu núna á næstu dögum!**

*Loji Höskuldsson heldur tónleika á Hlemmur Square klukkan 20 í kvöld.*

**20.00** Eldklerkurinn sýndur í Tjarnarbíói. Miðaverð 3.500 krónur / 2.500 krónur.

**20.00** Gullna hliðið sýnt í Samkomuhúsinu á Akureyri. Miðaverð 4.400 krónur.

**20.00** Óskasteinar í Borgarleikhúsinu. Miðaverð 4.750 krónur.

### Uppistand

**20.00** Mið-Ísland í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð 2.900 krónur.

### Tónlist

**21.00** Hits and Tits kynna Febrúarsyngjó (karókí) á Harlem.

**21.00** Útgáfufögnuður fyrir plötuna You Sound Asleep með Einari Indra á Bravó, Laugavegi 22. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Frumsýningarpartí á Prikinu í tilefni af útgáfu tónlistarmyndbands við lagið Nýju fötin keisarans með Emmsjé Gauta.

### Fyrirlestrar

**12.00** Árdís Kristín Ingvarsdóttir heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni Þetta er heima fyrir pabba í stofu 201 í Árnagarði í Háskóla Íslands.

**12.30** Michael Biggs heldur opinn fyrirlestur í myndlistardeild Listaháskóla Íslands, að Laugarnesvegi 91. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

**16.00** Dr. Árni Daníel Júlíusson flytur fyrirlesturinn Naut, kindur, fólk og önnur dýr. Um samhengi landbúnaðar í Noregi fyrir 800 og á Íslandi til 1800, í stofu 101 í Lögbergi í Háskóla Íslands.

**16.00** Fyrirlesturinn Danska sem móðurmál, annað mál og erlent mál verður fluttur í stofu 101 í Odda í Háskóla Íslands.

### Myndlist

**18.00** Opnun á sýningunni Heim og heiman, samsýningu þriggja ungra listakvenna úr Breiðholtinu í Gerðubergi.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# Nöldraði út greiða hjá vinum

Emmsjé Gauti heldur frumsýningarpartí í kvöld út af nýju tónlistarmyndbandi.

„Ég skulda vinum mínum endalaust af tónleikum í barnaafmælum í framtíðinni,“ segir Emmsjé Gauti, sem frumsýnir í kvöld nýtt tónlistarmyndband sem hann fékk vini sína til að gera með sér. „Síðast þegar ég gerði tónlistarmyndband styrkti Vífilfell gerð myndbandsins, en þetta myndband styrkir ekkert fyrirtæki. Ég nöldraði hins vegar út greiða hjá fjölmörgum vinum mínum. Í staðinn geta þeir alltaf komið í heimsókn ef þeir eru svangir, og hver veit nema maður gefi þeim bjór á morgun,“ segir Emmsjé Gauti.

„Myndbandið er allt tekið upp á einum degi af strákum sem heita O.B.O.C. Við fórum út með upptökuvél og löbbuðum í hringi. Sveinn Rúnar vinur minn er í aðalhlutverki í myndbandinu, og það er pródúserað af Helga Sæmundi í Úlfi úlfi. Efnið er vægast sagt skemmtilegt. Það þarf ekkert alltaf að eyða milljónum í tónlistarmyndbönd,“ segir Emmsjé Gauti.



**RAPP** Emmsjé Gauti gaf út plötuna Þeyr í nóvember.

365/DANÍEL RÚNARSSON

Myndbandið er við lag sem heitir Nýju fötin keisarans af plötunni Þeyr, sem kom út í nóvember. „Lagið fjallar um hluti sem fara í taugarnar á mér.“ Frumsýningarpartíið hefst klukkan 20 á Prikinu og stendur til klukkan 22. „Þá taka plötusnúðar við sem heita Young Ones. Þeir fyrstu sem mæta fá glaðning á barnum. Ég vildi hafa þetta snemma svo fólk gæti sötrað bjór og hlustað á plötusnúðana,“ segir Emmsjé Gauti. **- ue**

# LG SJÓNVÖRP

## FÁST Í SJÓNVARPSMIÐSTÖÐINNI!




LG

**LG 55LA860W**
55" Full HD IPS 3D Smart LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Triple XD Engine. 800Hz TruMotion. Real Cinema 24p. Picture Wizard II. Þráðlaust net. Opin Vafri. Wirelss Display. Cinema 3D. 2D to 3D. DualPlay 3D. 0,9 GHz dual core-processor, 1,25 GB RAM. Media Share - DLNA. Skype. Innbyggð vefmyndavél. Stafrænn móttakari DVB-T2/C. Gervihnattamóttakari. 2x 12w Virtual Surround hljóðkerfi. Upptökumöguleiki (HDD). Magic Remote Voice. Intelligent sensor (ljósskynjari). 4 x HDMI, Scart, Component, composite, optical út, Heyrnatólatengi. 2 x USB. 6 stk 3D Gleraugu fylgja. LG Cloud. Eitt með öllu.

**KYNNINGARTILBOÐ**

**510.990**

VERÐ **599.990**




**LG 42LN5200**
42" Full HD Led sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn og Triple XD Engine. Picture Wizard II. Stafrænn móttakari DVB-T2/C. 2x10w Virtual Surround hljóðkerfi. 2 x HDMI, Scart, Component, Composite, USB, Optical út.

**KYNNINGARTILBOÐ**

**118.990**

VERÐ **139.990**




**LG 47LN540V**
47" Full HD Led sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn og Triple XD Engine. 100Hz. Picture Wizard II. Stafrænn móttakari DVB-T2/C. Innbyggður gervihnattamóttakari. 2x 10w Virtual Surround hljóðkerfi. 2 x HDMI, Scart, Component, Composite, USB, Optical út.

**KYNNINGARTILBOÐ**

**169.990**

VERÐ **199.990**




**LG 50LN540V**
50" Full HD LED sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn. Triple XD Engine. 100Hz. Picture Wizard II. Stafrænn móttakari DVB-T2/C. Innbyggður gervihnattamóttakari. 2x 10w Virtual Surround hljóðkerfi. 2 x HDMI, Scart, Component, Composite, USB, Optical út. LAN.

**KYNNINGARTILBOÐ**

**195.990**

VERÐ **229.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin

LG

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**



## TÓNNINN GEFINN

Gunnar Leó Pálsson

# Justin Timberlake, við sjáumst eftir smá

Fyrir skömmu var margrómaður orðrómur um komu tónlistarmannsins Justins Timberlake til Íslands staðfestur. Ég verð að viðurkenna að hjarta mitt sló örar þegar ég sá staðfestinguna á þessu fyrir framan mig og þá sló ég mig utan undir til að ganga úr skugga um að ekki væri um draum að ræða. Ég er kannski ekki mesti Justin Timberlake aðdáandi í heimi en ég er samt ótrúlega hrifin af honum sem listamanni, persónu og tónlistinni hans. Hann er líka svo sannarlega á toppnum í dag og ekki útbrunninn jaskur sem má muna fífil sinn fegri, líkt og sumir tónlistarmenn mega gera sem hafa sótt okkur heim undanfarin ár.

Við Íslendingar erum líklega að fá eitt heitasta nafnið í tónlistarbransanum á alheimsvísu til okkar og tel ég að þetta séu líklega stærstu tónleikar sem farið hafa fram á Íslandi, miðað við umfang og annað slíkt.



Það er þó ekki bara heimsókn Justins sem hækkaði spennustigið og líkamshita minn verulega, það var líka koma hljómsveitarinnar sem kemur með honum hingað, The Tennessee Kids. Um er að ræða hljómsveit skipaða þvílíkum fagmönnum að það hálfa væri nóg og einhverjum fremstu hljóðfæraleikurum heimsins í dag í popptónlist.

Hljómsveitar- og tónlistarstjóri Justins Timberlake er bassaleikarinn Adam Blackstone en hann hefur útsett og stjórnað hljómsveitum og tónlistinni hjá listamönnum á borð við Jay Z, Kanye West, Eminem, Janet Jackson, Dr. Dre, Rihönnu, Maroon 5, The Roots og mörgum fleirum. Þarna erum við að tala um mann sem hefur svo mikla þekkingu á tónlist að það er eiginlega bara fyndið. Útsetningarnar á lögum Justins Timberlake er hreint út sagt stórkostlegar og mæli ég með að fólki kynni sér frammistöðu hans og The Tennessee Kids á tónleikum upp á síðkastið og á síðasta ári, á Youtube.

Ef þú fílar ekki plöturnar hans JT þá áttu samt eftir að fíla hann og hljómsveitina hans við lifandi flutning. Ég get ekki beðið eftir tónleikunum og mun okkar allra besta menningarnótt svo sannarlega falla í skuggann af þessum stórfenglegu tónleikum sem fara fram daginn eftir hana. Í raun ættu vinnustaðir og yfirvöld að gefa frí mánudaginn 25. ágúst til að leyfa fólki að jafna sig eftir þessi stórfenglegu tónleika.

## Í spilaranum





**Beck -** Morning Phase
**Guðbjörg Magnúsdóttir -** Vindurinn veit
**Mono Town -** In The Eye Of The Storm




WALDORFSKÓLINN SÓLSTAFIR

Innritun er hafin fyrir skólaárið 2014-2015

OPIÐ HÚS

Í Waldorfskólanum Sólstöfum, Sóltúni 6
föstudaginn 28. febrúar frá kl. 16:00-18:00
Waldofskólinn er sjálfstætt starfandi almennur grunnskóli sem vinnur eftir aðferðafræði sem miðar að því að laða fram ánægða og skapandi nemendur með frumkvæði og gagnrýna hugsun.

Sólstafir Waldorfskóli

Sóltúni 6 105 Reykjavík 577 1110




**KVEÐJA ÍSLAND Í BILI** Hljómsveitina Vintage Caravan skipa f.v. Guðjón Reynisson trommuleikari, Óskar Logi Ágústsson gítarleikari og söngvari og Alexander Örn Númason bassaleikari. Þeir ætla að flytja til Danmerkur í leit að tækifærum. MYND/BOWEN STAINES

# Elta rokkstjörnudrauminn erlendis

**Hljómsveitin Vintage Caravan flytur til Danmerkur í næsta mánuði til að elta drauminn. Önnur breiðskífa sveitarinnar, Voyage, er komin út víða um heim.**

„Við erum að flytja til Sønderborg í Danmörku í næsta mánuði. Þetta er miðsvæðis og það er stutt í allt,“ segir Óskar Logi Ágústsson, gítarleikari og söngvari hljómsveitarinnar Vintage Caravan, en sveitin ætlar að flytja til Danmerkur til elta rokkstjörnudrauminn.

Ástæða flutninganna er sú að sveitin vill vera nær meginlandi Evrópu vegna þess að möguleikarnir eru töluvert fleiri úti en á Íslandi. „Það er bara fjögurra tíma akstur til Hollands og líka stutt til Þýskalands og svona. Við erum allir barnlausir og því kjörið að láta verða af þessu núna,“ bætir Óskar við.

Það getur verið dýrt að fara út í tónleikaferðlag og því aðgengilegra að ferðast þegar á meginlandið er komið. „Þetta er fyrsta tónleikaferðalagið sem við förum í og við erum að hita upp fyrir þrjú önnur bönd. Þetta er frábært tækifæri og verður geggjuð kynning. Túrinn hefur verið auglýstur víða,“ útskýrir Óskar.

Búferlaflutningar sveitarinnar eru þó ekki það eina sem er í gangi hjá þeim félögum. „Við gerðum útgáfusamning við Nuclearblast í Þýskalandi, sem er stærsta þungarokksútgáfufyrirtæki í heimi og nú er platan okkar, Voyage, komin út í Bandaríkjunum og í Evrópu,“



útskýrir Óskar. Platan hefur fengið frábærar viðtökur og gaf til að mynda hið virta þungarokkstímarit Kerrang! plötunni fjórar stjörnur af fimm mögulegum. „Kerrang! sendi meira að segja ljósmyndara til landsins og við fengum heilsíðu í tímaritinu.“

Sveitin hefur einnig gert samning við bókunarfyrirtækið Rock The Nation sem hefur skipulagt þriggja vikna tónleikaferðalag fyrir sveitina og hefst hún um miðjan marsmánuð og farið verður um Evrópu. „Við förum til Bretlands, Írlands, Frakklands, Sviss, Austurríkis, og Hollands.“ Sveitin spilaði einnig á Eurosonic-hátíðinni í Hollandi fyrir skömmu. Hljómsveitin er bókuð

> **Við erum allir barnlausir og því kjörið að láta verða af þessu núna.**
>
> *Óskar Logi Ágústsson*

á eina stærstu þungarokkshátíð í heimi, Wacken Open Air, sem er 90.000 manna hátíð sem haldin er í Þýskalandi í sumar.

Í tilefni flutninganna til Danmerkur ætlar sveitin að halda veglegt kveðjupartí á Gauknum þann 7. mars og kostar 1.500 krónur inn. „Við ætlum að kveðja landann vel, þetta verður mikil veisla.“ Hljómsveitin ONI sér um upphitun en tónleikarnir hefjast klukkan 22.00.

gunnarleo@frettabladid.is

## 13.2.2014 → 19.2.2014



### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | **Pharrell** | ***Happy*** |
| 2 | ▲ | Ed Sheeran | *I See Fire* |
| 3 | ▲ | Gary Barlow | *Let Me Go* |
| 4 | ▲ | Pollapönk | *Enga fordóma* |
| 5 | ▶ | Björgvin Halldórsson / Jón Jónsson | *Kæri vinur* |
| 6 | ▲ | Mammút | *Blóðberg* |
| 7 | ▲ | U2 | *Ordinary Love* |
| 8 | ▼ | Ellie Goulding | *How Long Will I Love You* |
| 9 | ▲ | Mono Town | *Peacemaker* |
| 10 | ▼ | Kaleo | *Automobile* |



### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | **Ýmsir** | ***Söngvakeppnin 2014*** |
| 2 | ▲ | Kaleo | *Kaleo* |
| 3 | ▼ | Skálmöld og Sinfó | *Skálmöld og Sinfó* |
| 4 | ▲ | Ýmsir | *This Is Icelandic Indie Music* |
| 5 | ▼ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 6 | ▼ | Ýmsir | *Pottþétt 61* |
| 7 | ▲ | Björgvin Halldórsson | *Duet III* |
| 8 | ▶ | Baggalútur | *Mamma þarf að djamma* |
| 9 | ▼ | Samaris | *Samaris* |
| 10 | ▼ | Mammút | *Komdu til mín svarta systir* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.


POTTA
OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN
LÝKUR
UM HELGINA
20-50% afsláttur
af ÖLLUM pottum og pönnum
YFIR 100 TEGUNDIR
Gerðu frábær kaup!!
GUFUSUÐUPOTTAR
DJÚPAR PÖNNUR
GRILLPÖNNUR
WOK-PÖNNUR
POTTJÁRN
LEIRPOTTAR
POTTASETT
Bjóðum þessi frábæru merki og fjölda annarra:
AMT GASTROGUSS
Fissler
Fissler. Perfect every time.
eva solo
Tefal
GRUNWERG
SHEFFIELD·ENGLAND
Jamie Oliver
ÓTRÚLEGT
ÚRVAL!
byggtogbúið
568 9400
byggtogbuid.is
Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikkonan Kate Mara er 31 árs í dag**

Helstu kvikmyndir: 127 Hours, Shooter, Iron Man 2 og Transsiberian.

# Nýr hjartaknúsari í samfélagsmiðlunum

Mest er skrifað um Chiwetel Ejiofor í aðdraganda Óskarsins og skákar hann meira að segja Leonardo DiCaprio.



**CHIWETEL EJIOFOR** Tilnefndur sem besti aðalleikari. Minnst á hann **9.298** sinnum í samfélagsmiðlum.



**LEONARDO DICAPRIO** Tilnefndur sem besti aðalleikari. Minnst á hann **8.060** sinnum í samfélagsmiðlum.



**CATE BLANCHETT** Tilnefnd sem besta leikkona í aðalhlutverki. Minnst á hana **3.268** sinnum í samfélagsmiðlum.



**BARKHAD ABDI** Tilnefndur sem besti leikari í aukahlutverki. Minnst á hann **3.238** sinnum í samfélagsmiðlum.



**JENNIFER LAWRENCE** Tilnefnd sem besta leikkona í aukahlutverki. Minnst á hana **8.402** sinnum í samfélagsmiðlum.

## FRUMSÝNINGAR

**Allt að gerast í bíó á morgun**

### Non-Stop

spenna

**AÐALHLUTVERK:** Liam Neeson, Julianne Moore, Michelle Dockery, Bar Paly, Anson Mount, Lupita Nyong'o og Corey Stoll.

IMDb 8,2/10

Rotten Tomatoes N/A

N/A

### Winter's Tale

drama

**AÐALHLUTVERK:** Colin Farrell, Jessica Brown Findlay, Russell Crowe, Jennifer Connelly, William Hurt, Will Smith og Matt Bomer.

IMDb 6.0/10

Rotten Tomatoes 13/100

31/100

## KVIKMYNDAGAGNRÝNI




★★☆☆☆

**Last Vegas**

„Hér er hið fornkveðna afsannað – sumt verður ekki betra með aldrinum.“ **Lilja Katrín Gunnarsdóttir**

# Fín lína milli húmors og alvöru í sannsögulegri mynd

Kvikmyndin The Monuments Men verður frumsýnd á Íslandi á morgun. Sannkallað stórskotalið fer með aðalhlutverkin og er það sjarmörinn George Clooney sem leikstýrir. Myndin er byggð á sannri sögu um fjársjóðsleit.

Kvikmyndin The Monuments Men verður frumsýnd á Íslandi á morgun en hún er byggð á sannri sögu Roberts M. Edsel um stórfenglegustu fjársjóðsleit sögunnar.

Í seinni heimsstyrjöldinni var heil herdeild send ásamt listaverkasérfræðingum til Þýskalands með það verkefni að bjarga listaverkum úr klóm nasista og koma þeim í réttar hendur. Frá upphafi bendir allt til þess að verkefnið sé dauðadæmt; listaverkin á óvinagrundu og þýska hernum var skipað að eyða öllu ef Þýskaland tapaði stríðinu. Þessir hermenn ásamt sjö safnstjórum, safnvörðum og sérfræðingum um listasögu, sem allir kannast betur við Michelangelo en M-1-riffla, eiga að ljúka þessu áhættusama verki. Hermennirnir og fyrrnefndir félagar þeirra úr listageiranum hætta lífi og limum til þess að vernda og bjarga mikilvægustu og dýrmætustu listaverkum mannkynssögunnar.

Tökur á myndinni hófust í byrjun mars í fyrra í Potsdam í Þýskalandi og lauk í Rye í Austur-Sussex í Bretlandi í lok júní. Þúsundir aukaleikara komu að myndinni þar sem hernaðarsenurnar eru ansi umfangsmiklar.

Upphaflega átti að frumsýna myndina 18. desember í fyrra en frumsýningunni var seinkað. Ástæðan var að eftirvinnslan dróst því erfitt var að finna jafnvægi milli húmors og þess alvarlega máls sem fjallað er um.

George Clooney leikstýrir myndinni en hann er einnig í einu aðalhlutverkanna. Með sér í lið fær hann sannkallað stórskotalið Hollywood-leikara en í öðrum hlutverkum eru Matt Damon, Bill Murray, John Goodman, Jean Dujardin, Bob Balaban, Hugh Bonneville og Cate Blanchett.

liljakatrin@frettabladid.is




**ÁHÆTTUSAMT** Verkefnið sem herdeildin fær er ekki auðvelt að leysa.



### AÐRAR MYNDIR SEM CLOONEY HEFUR LEIKSTÝRT

- **Confessions of a Dangerous Mind** 2002
- **Good Night, and Good Luck** 2005
- **Leatherheads** 2008
- **The Ides of March** 2011





FOR THE WAY IT'S MADE

KitchenAid

Frá ofnum til helluborða. Frá ísskápum til hrærivéla.

Tilfinningin er eins og þú sért í atvinnueldhúsi.
Þú kemur með hæfileikana, ástríðuna og hugmyndaflugið.

Tækin frá Kitchenaid koma þér nær fullkomnun. Alltaf.
Gerum það gómsætt. Gerum það einstakt í sameiningu.

Komdu og kynntu þér málið.



*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# LÍFIÐ

## Fimm skammstafanir sem tröllríða samfélagsmiðlunum

**IANAL I am not a lawyer**

IANAL þýðri einfaldlega „ég er ekki lögfræðingur“ og gæti íslenska skammstöfunin því verið ÉEEL. Þessa skammstöfun er að finna út um allt á samfélagsmiðlum en dæmi um notkun er: „Ég held að þetta sé ekki löglegt en ÉEEL.“

**IMO In my opinion**

Þessi skammstöfun mætti þýða sem „mín skoðun“ eða „mitt álit“. Hún er oftast notuð í lok þráðar þar sem einhver hefur tjáð skoðun sína á tilteknu málefni en vill láta það skýrt í ljós að þetta sé bara hans skoðun.

**SMH Shaking my head**

Þessi skammstöfun er skemmtilegri á íslensku þar sem shaking my head þýðir einfaldlega „hristi höfuðið“ og því yrði íslenska skammstöfunin HH. Er þetta notað til að tjá undrun. Dæmi um notkun: „Sagði hann þetta í alvörunni? Vá! HH.“

**OOTD Outfit of the day**

Outfit of the day þýðir einfaldlega „klæðnaður dagsins“, KD. Þessi skammstöfun er mikið notuð á samfélagsmiðlum með kassamerki á undan og notar fólk hana til að sýna þeim sem vilja í hverju það er þann daginn.

**TBT Throwback Thursday**

Gamlar myndir sem birtar eru á fimmtudögum eru merktar #TBT og gætum við Íslendingar kallað þetta „afturlit á fimmtudegi“ – AÁF.



## Taktu einn sopa ef …

- …einhver minnist á hárgreiðslurnar í American Hustle.
- …einhver er bersýnilega drukkinn í salnum
- …einhver minnist á **Meryl Streep** – og öskraðu síðan: „The Dingo ate my baby!“
- …einhver minnist á Netflix.
- …þú verður vitni að góðri fótóbombu.
- …Jennifer Lawrence dettur.
- …einhver af kynnunum klúðrar textanum sínum.
- …**einhver grínast með að hann geti ekki gert grín að 12 Years a Slave.**



## Taktu þrjá sopa ef …

- …einhver segist hafa valið Óskarsdressið í flýti.
- …gert er grín að einhverjum í salnum og hann er ekki ánægður með það.
- …einhver gerir grín að 12 Years a Slave og það heppnast.
- …Ellen DeGeneres dansar.
- …einhver segir brandara um **Shia LaBeouf**.
- …sigurvegari segist ekki hafa undirbúið þakkarræðu.



## Taktu tvo sopa ef …

- …einhver reynir að gera grín að 12 Years a Slave en það mistekst.
- …þú sérð stjörnurnar taka sjálfsmyndir af sér.
- …**Matthew McConaughey** segir „all right“.
- …sigurvegarinn er ekki á staðnum.
- …Jennifer Lawrence er sjarmerandi.
- …einhver rómar 12 Years a Slave en þú kaupir ekki að viðkomandi hafi horft á hana.



## Kláraðu drykkinn ef …

- …**Ellen DeGeneres** minnist á að athöfnin sé í það lengsta.
- …einhver minnist á foreldra sína í þakkarræðunni.
- …kynnirinn klúðrar nafni einhvers sem er tilnefndur. Chiwetel Ejiofor er gott dæmi!
- …einhver fer að gráta á sviðinu.
- …einhver nær ekki að klára þakkarræðuna sína í tíma og tónlistin er sett af stað.
- …einhver dettur á leiðinni á sviðið, líkt og Jennifer Lawrence.



# Drekktu í þig Óskarinn

Óskarsverðlaunin verða afhent á sunnudaginn vestan hafs og þurfum við Íslendingar að vaka langt fram á nótt til að horfa á herlegheitin. Það getur verið erfitt að halda sér vakandi og því tilvalið að prófa þennan hressilega drykkjuleik, hvort sem það er með áfengum eða óáfengum drykkjum.


**Markaðstorg Kringlunnar**

**3.hæð - Kringlan**

**Rýmingarsala**

**5 verð í gangi**

**1.000-2.000 -3.000**

**4.000 og 5.000 Kr**


## GRÆJAN SNJALLÚRIÐ PEBBLE STEEL

Sendu smáskilaboð og skrifaðu tölvupóst í hinu fallega snjallúri Pebble.

„Klæðanleg tækni“ er frasi ársins í Kísildalnum. Google og Samsung riðu á vaðið með Google Glass-snjallgleraugunum og snjallúrinu Galaxy Gear. Talið er að Apple sé að þróa eigið snjallúr. Það fyrirtæki sem skarar fram úr í þessum efnum er þó lítið bandarískt sprotafyrirtæki, Pebble Technology.

**Spegilmynd snjallsímans**

Fyrirtækið kynnti á dögunum uppfærða útgáfu af Pebble-snjallúrinu, eða Pebble Steel. Úrið er í raun spegilmynd snjallsímans en tækin eru tengd í gegnum smáforrit. Pebble birtir skilaboð sem berast snjallsímanum en einnig er hægt að senda smáskilaboð, skrifa tölvupóst og fylgjast með skrefunum.

Möguleikar Pebble felast í hugbúnaðinum sem er opinn. Nú þegar er stór hópur sjálfstæðra hugbúnaðarframleiðenda að þróa smáforrit fyrir úrið.

**Fallegt útlit**

En á endanum er það fagurfræði og útlit vörunnar sem ræður. Pebble Steel lítur út eins og venjulegt armbandsúr — nokkuð glæsilegt úr í raun — og ódýrt en það kostar rúmar 28 þúsund krónur. Eins og Karl Lagerfeld sagði á sínum tíma þá þarf lítið annað en virðulegt útlit til að vekja áhuga á því sem leynist fyrir innan.

**➜ Nokkrir eiginleikar úrsins**

**Hægt að nota sömu smáforrit og í símanum.**

**Tekið á móti SMS og tölvupósti.**

**Hlustað á tónlist.**

**Hjólreiðamenn, hlauparar og golfarar geta fylgst með hraða, staðsetningu og vegalendum í úrinu.**

**Útlit stílhreint og létt.**

**Virkar í vatni.**



FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM

PUMA

# ÚTSALA

## 30-50% AUKAAFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

### 50% AUKA AFSLÁTTUR af öllum skóm

PUMA CATMANDOO

Fótboltaskór
Hlaupaskór
Loðfóðraðir vetrarskór
Götuskór

### 30% AUKA AFSLÁTTUR af öllum sundfötum

speedo

Sundbolir
Bikiní
Sundskýlur
Sundbuxur

### 30% AUKA AFSLÁTTUR af öllum fatnaði

PUMA CATMANDOO

Íþróttafatnaður
Vetrarúlpur
Snjóbuxur
Sokkar

**Verðdæmi:**

**Puma innanhússskór**
Fullt verð: 19.990 kr.
Outlet verð: 13.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 6.995 kr.**
HEILDARAFSLÁTTUR 65%

**Puma-fótboltaskór barna**
Fullt verð: 7.990 kr.
Outlet verð: 3.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 1.995 kr.**
HEILDARAFSLÁTTUR 75%

**Puma-barnakuldaskór**
Fullt verð: 11.990 kr.
Outlet verð: 7.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 3.995 kr.**
HEILDARAFSLÁTTUR 66%

**Herrasundbuxur**
Fullt verð: 7.990 kr.
Outlet verð: 3.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 2.795 kr.**
HEILDARAFSLÁTTUR 65%

**Stelpusundbolur**
Fullt verð: 5.990 kr.
Outlet verð: 3.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 2.795 kr.**
HEILDARAFSLÁTTUR 53%

**Catmandoo vetrarúlpa**
Fullt verð: 19.990 kr.
Outlet verð: 13.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 9.795 kr.**
HEILDARAFSLÁTTUR 51%

**Puma-dömuhettupeysa**
Fullt verð: 15.990 kr.
Outlet verð: 8.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 6.295 kr.**
HEILDARAFSLÁTTUR 60%

## Komdu og gerðu frábær kaup!

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

**Útsöluopnun:**
Virka daga kl. 11-18
Laugardag kl. 11-16
Sunnudag kl. 13-17

Við erum í Vínlandsleið í Grafarholti






# Framtíð margra einstaklinga ræðst

Á laugardaginn verður Háskóladagurinn haldinn fjórða árið í röð. Um er að ræða dag þar sem háskólastofnanir landsins kynna námsleiðir sínar en á Íslandi er á sjötta hundrað námsleiða í boði, í þeim sjö háskólum sem á landinu eru. Að jafnaði heimsækja á bilinu þrjú til fimm þúsund manns þá staði þar sem háskólakynningarnar fara fram. Fólk á öllum aldri mætir og skoðar námsúrvalið.

„Þetta er fjórða árið sem Háskóladagurinn er haldinn og aðsóknin hefur alltaf verið mjög góð,“ segir Hildur Katrín Rafnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Háskóla Íslands, en kynningar á námsframboði háskólastofnana á Íslandi fara fram á laugardaginn og hefst dagskráin klukkan 12. Í Háskóla Íslands eru nú um 14.000 nemendur og hefur námsmönnum fjölgað talsvert á undanförnum árum.

Hildur Katrín segir þann hóp fólks sem sækir Háskóladaginn vera annars vegar þá sem koma til að fá staðfestingu á því sem þeir halda og hafa kynnt sér og hins vegar hópinn sem þarf aðeins meiri aðstoð til að finna áhugasvið sitt og kynna sér námsleiðirnar nánar.

„Við bjóðum upp á íslenska háskólakönnun sem kallast Bendill þrjú og er þetta rafræn könnun. Hver sem hefur áhuga á að fara í háskóla getur tekið þetta,“ útskýrir Hildur Katrín. Fólk getur tekið könnunina í tölvuveri og tekur hún um tvo tíma. „Þetta er rafræn áhugakönnun sem einblínir á háskólanám og búið er að kortleggja háskólanám fyrir hana.“

Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands verða með námskynningu á Háskólatorgi í Háskóla Íslands. Háskóli Íslands kynnir námsframboð sitt í Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Öskju og Háskólabíói. Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst kynna námsframboð háskólanna í Háskólanum í Reykjavík í Nauthólsvík. Listaháskóli Íslands verður með kynningu á námsbrautum sínum í Þverholti 11.

- glp



## HVAÐ GERIR?

### → Félagstýpan?

Félagsvísindasviðið er langstærsta sviðið í Háskólanum en um 4.600 manns eru á félagsvísindasviði. Þar er að finna ótal námsleiðir eins og til dæmis viðskiptafræði, lögfræði, stjórnmálafræði, hagfræði og margt fleira. Félagsvísinda- og hugvísindasvið eru mjög sveigjanleg. Manneskja sem hefur brennandi áhuga á alþjóðasamskiptum gæti til dæmis tekið tungumál með og öfugt. Viðskiptafræðin og lögfræðin eru vinsælustu námsgreinarnar.



Óafur Ragnar Grímsson er stjórnmálafræðingur.

**Dæmi um störf eftir nám af félagsvísindasviði:** Lögfræðingur, stjórnmálafræðingur, viðskiptafræðingur, félagsfræðingur og félagsráðgjafi ásamt fjölda annarra starfa.

### → Íþróttatýpan?

Þá hentar menntavísindasvið þar sem íþróttafræðin er kennd og hins vegar heilbrigðisvísindasvið þar sem sjúkraþjálfun og næringarfræði er að finna. Þeir sem vilja læra íþróttafræði þurfa að fara á Laugarvatn og útskrifast þá sem íþróttafræðingar. Sjúkraþjálfunin og næringarfræðin eru kennd í höfuðborginni. Sama inntökupróf er í sjúkraþjálfun og í læknisfræði. Yfirleitt hafa 25 komist að í sjúkraþjálfunarnám en í dag komast 35 inn.



Jónína Benediktsdóttir er íþróttafræðingur.

**Dæmi um störf eftir nám af menntavísindasviði og íþróttafræði:** Íþróttafræðingur, sjúkraþjálfari, næringarfræðingur og margt fleira.

### → Heilbrigða týpan?

Ef fólk hefur áhuga á læknisfræði er margt í boði. Það er árlegt inntökupróf þar sem allir eru jafnir við borðið. 70% af spurningum inntökuprófsins er efni framhaldsskólanna og 30% almenn þekking. Það eru 48 sem komast inn á ári hverju. Eftir grunnnám í læknisfræði tekur við framhaldsnám eða sérnám. Algengt er að nemendur, sem lokið hafa grunnnámi eftir kandídatsprófið, byrji að vinna heima til að öðlast reynslu áður en haldið er út í sérnám. Þá er hjúkrunarfræðin einnig vinsæl. Það geta allir hafið nám í hjúkrunarfræði en einungis 95 einstaklingar geta haldið áfram á vormisserinu.



Haukur Heiðar Hauksson er læknir.

**Eftir grunnnám** fara kandídatar annaðhvort í skurðlækningar eða lyflækningar erlendis.

### → Vísindatýpan?

Líklegast er að verkfræði- og náttúruvísindasvið henti þeim einstaklingum vel. Það er þó ekki eingöngu verkfræðin sem er að finna á þessu sviði því þar er til dæmis að finna jarðfræði, líffræði, stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, ásamt mörgum fleiri greinum. Innan stærðfræðinnar þarf einstaklingurinn ekki bara að taka stærðfræðigreinar því hægt er að blanda námsleiðum saman í náminu. Ef einstaklingur hefur áhuga á stærðfræði og mannlegum samskiptum gæti til dæmis stærðfræðikennsla átt vel við. Það eru í boði kjörsvið sem opna marga möguleika.



Villi er vísindamaður.

**Dæmi um störf eftir nám af verkfræði- og náttúruvísindasviðið:** Stærðfræðingur, jarðfræðingur, efnafræðingur, eðlisfræðingur, byggingaverkfræðingur, líffræðingur og margt fleira.





netto
Kræsingar & kostakjör
www.netto.is
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Grandi |

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

**Tillaga að deiliskipulagi fyrir Seltún í Krýsuvík.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 19. febrúar 2014 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Seltún í Krýsuvík í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Meginmarkmið með tillögunni er að skilgreina aðkomu og gönguleiðir, áningarstaði, þjónustusvæði og bæta aðstöðu til útivistar á svæðinu í heild.

Deiliskipulagið verður til sýnis á skipulags- og byggingarsviði Norðurhellu 2, frá 24. febrúar – 7. apríl 2014 og þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við tillögunna innan þess tíma og skila athugasemdum á skipulags- og byggingarsvið eða á netfangið: **berglindg@hafnarfjordur.is**

Einnig er hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar **www.hafnarfjordur.is**
Allar upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

*Skipulags-og byggingarsvið Hafnarfjarðar.*


DEBENHAMS
EINS OG ÁN FARÐA.
SJÁANLEG FULLKOMNUN, LÉTTUR
EINS OG LOFTIÐ.
NÝR
MIRACLE
AIR DE TEINT
PERFECTING FLUID MATTE GLOW CREATOR
AIR & BLUR TÆKNI
ÞYNGDARLEYSI, LÉTTLEIKI
HYLUR ÁN ÞESS AÐ ÞEKJA
LANCÔME
MIRACLE
AIR DE TEINT
Fæst í 9 litum. Finndu þinn lit á Lancome.com
LANCÔME
PARIS
LANCÔME DAGAR
Í DEBENHAMS 27. FEB. – 6. MARS
Þú færð farðabursta
sem kostar 5.545
sem kaupauka*
þegar þú kaupir
farða frá Lancôme.
Þegar þú kaupir Lancôme vörur fyrir 8.900 eða meira færum* við þér
snyrtibuddu fulla af spennandi vörum
*Einn kaupauki á viðskiptavin. Gildir ekki með öðrum kaupaukum. Gildir meðan birgðir endast.
Finndu okkur á facebook
Gerðu lífið skemmtilegra
DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**ÁSTIN DÓ** Katy og John eru hætt saman enn á ný.

# Hætt saman

Stjörnuparið Katy Perry og John Mayer hafa bundið enda á 18 mánaða samband sitt samkvæmt heimildum E! fréttastofunnar.

Perry sást með demantshring á fingri í byrjun mánaðarins, sem blés lífi í þær sögusagnir að parið hefði trúlofað sig. En nú berast hins vegar fréttir af skilnaði í staðinn.

Ekki er vitað um ástæðu sambandsslitanna enn, en hvorki Perry né Mayer hafa staðfest fréttirnar.

